birta



Borgarstjóri og þrír bæjarstjórar

• tíska • heilsa • tíðarandi

Fylgir Fréttablaðinu í dag ▶

FERMINGAR

Fermingarbörnin, veislumaturinn, skreytingar, fylgihlutir

Fylgir Fréttablaðinu í dag ▶





BÓKAMARKAÐUR

FÉLAGS ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA ER OPINN KL. 10 -18 Í PERLUNNI

Lýkur sunnudaginn 13. mars

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. mars 2005 – 68. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

FÖSTUDAGUR



**BORGIN VILL KAUPA AF RÍKINU** Reykjavíkurborg hefur hafið formlegar viðræður um kaup á lóðum í eigu ríkisins sem eru innan borgarmarka. Lóðirnar eru hugsaðar undir íbúðarbyggð. **Sjá síðu 2**

**HAFÍS NÁLGAST LANDIÐ** Grímseyingar eru áhyggjufullur vegna hafíss sem í gær var 20 mílur norðvestur af eyjunni. Hætta er á að ísinn leggist að Grímsey og loki höfninni. **Sjá síðu 2**

**BREYTINGAR Á STJÓRNARSKRÁ** Ákvæði stjórnarskrárinnar um synjunarvald forseta Íslands er meðal þess sem til greina kemur að breyta við endurskoðun hennar. **Sjá síðu 4**

**RÁÐAST GEGN KLÁMINU** Hjúkrunarfræðingar, prestar, femínistar og umboðsmaður barna ætla að vinna með landlæknisembættinu gegn klámvæðingunni í landinu. **Sjá síðu 10**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**VÍÐAST BJARTVIÐRI** Stöku él á Norðaustur- og Austurlandi, annars þurrt og bjart. Frostlaust að deginum við suðvesturströndina, annars frost 2-8 stig. **Sjá síðu 4**

**DAGURINN Í DAG**



**ÚRSLITAKEPPNIN Í KÖRFUBOLTA** Tveir leikir verða í úrslitakeppni Intersport-deildarinnar í körfubolta klukkan 19.15. Fjölnir tekur á móti Skallagrími og ÍR sækir Njarðvík heim.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 36 | Myndlist | 38 |
| Tónlist | 38 | Íþróttir | 30 |
| Leikhús | 38 | Sjónvarp | 44 |

**Fjöldi lesenda á föstudögum***




*Landið allt skv. fjölmiðlakönnun Gallups, feb. 2005.



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**FJÖLMENNUR STARFSMANNAFUNDUR** Starfsmenn fjölmenntu á fund þar sem 93 prósent þeirra stóðu að sameiginlegri ályktun um vantraust á Markús Örn Antonsson útvarpsstjóra. Jón Gunnar Grjetarsson, formaður Félags fréttamanna, segir að útvarpsstjóri hefði átt að láta fagleg sjónarmið ráða för.

# Fréttamenn ræða allsherjaruppsögn

**Fréttamenn Útvarps ræða að segja allir upp störfum ef ekki verður horfið frá því að ráða Auðun Georg Ólafsson. Þeir íhuga einnig að kæra ráðninguna. „Ástandið engu líkt," segir forstöðumaður fréttasviðs.**

**RÍKISÚTVARPIÐ** Fréttamenn á fréttastofu Útvarpsins ræða nú að segja upp störfum, allir sem einn, verði ekki horfið frá ráðningu Auðuns Georgs Ólafssonar í starf fréttastjóra. Þá ætla þeir að kanna lagagrundvöll fyrir því hvort hægt sé að kæra ráðningu hans. Þetta sagði Jón Gunnar Grjetarsson, formaður Félags fréttamanna, í gærkvöld að loknum fundi stjórnar félagsins.

Stjórnin hefur boðað til félagsfundar í hádeginu í dag, þar sem fulltrúi Bandalags háskólamanna mun mæta. Þar verður farið yfir réttarstöðu fréttamannanna og ýmis lagaleg atriði vegna ráðningar Auðuns Georgs.

„Við munum meðal annars fara yfir það hver réttarstaða okkar er gagnvart skerðingu eða röskun á fréttaútsendingum, sem við viljum helst ekki að hlustendur okkar þurfi að verða fyrir," sagði Jón Gunnar. „Jafnframt munum við skoða lagalega stöðu okkar ef til uppsagna kemur. Menn eru að ræða þann möguleika sem einn af nokkrum. Það er enginn bilbugur á okkur."

„Þeir atburðir sem hér hafa orðið eru með þeim ólíkindum að mér hefði aldrei komið til hugar að þetta gæti gerst," sagði Bogi Ágústsson, forstöðumaður fréttasviðs Ríkisútvarpsins. „Ástandið er engu líkt og ég man ekki eftir öðru eins. Þó hef ég verið hér í hartnær 30 ár," sagði hann og bætti við að hann þyrði engu að spá um framtíðina.

Einörð andstaða fréttamanna og annarra starfsmanna Ríkisútvarpsins gegn ráðningu Auðuns Georgs leiddi til tíðra fundahalda og þess að fréttatímar gengu úr skorðum í gær. Fréttamennirnir samþykktu vantraust á Markús Örn Antonsson útvarpsstjóra og starfsmannafundur samþykkti áskorun um að útvarpsstjóri endurskoðaði ákvörðun sína um ráðningu í starf fréttastjóra útvarpsins. Fréttamenn biðu lengi dags í gær viðbragða útvarpsstjóra og nýráðins fréttastjóra við ályktunum og áskorunum, en þeir létu hvorugur ná í sig.

Auðun Georg vildi ekki tjá sig um málið við Fréttablaðið í gærkvöldi og ekki náðist Markús Örn Antonsson útvarpsstjóra.

**- jss** **/ Sjá síðu 12 og 16**

Kaupmenn uggandi og leita til Samkeppnisstofnunar:

# Saklaus fórnarlömb verðstríðs

**NEYTENDUR** Samkeppnisstofnun hefur fengið fyrirspurnir vegna verðstríðs lágvöruverslana í matvöru. Guðmundur Sigurðsson, forstöðumaður samkeppnissviðs, segir að ákvörðun um hvort eða hvernig brugðist verði við fyrirspurnunum hafi ekki verið tekin enda verðstríðið nýhafið.

„Forsvarsmenn annarra matvöruverslana hafa spurst fyrir um hvort leyfilegt sé að gefa matvöru úr verslunum eða selja langt undir kostnaðarverði. Svo hafa smærri matvöruverslanir verið að velta fyrir sér afkomu sinni," segir Guðmundur: „Þær eru saklaus fórnarlömb stríðs á milli stærri aðila."

Þórður Björnsson, eigandi hverfisverslananna Teigakjörs, Hlíðakjörs og Sunnubúðarinnar, segir að hann sé uggandi yfir hinni hörðu samkeppni risanna en rólegur og vilji ekki aðgerðir Samkeppnisstofnunar. Hann selji helmingi minni mjólk en áður. Önnur sala hafi lítið breyst.

„Við verðum að bregðast við samkeppninni með betri þjónustu. Við erum til dæmis farnir að keyra vöruna heim," segir Þórður.

Guðmundur segir ekki ólöglegt að selja vörur undir kostnaðarverði.

„Hins vegar getur það verið mjög alvarlegt brot á samkeppnislögum reyni fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu að drepa af sér samkeppni með vörum undir kostnaðarverði," segir hann. **- gag**

Slasaður sjómaður:

# Missti fót við hnéð

**BJÖRGUN** Taka þurfti fót af sjómanni á Landspítala - háskólasjúkrahúsi í gær. Maðurinn flæktist í spili á bátnum Hauki EA-76 og sótti þyrla varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli manninn þegar báturinn var vestur af Reykjanesi.

Vakthafandi læknir sagði seint í gærkvöldi að sjómaðurinn væri ekki í lífshættu. Hann var þá í aðgerð og sagði læknirinn hann fara á gjörgæslu að henni lokinni.

Hvorug þyrla Landhelgisgæslunnar var tiltæk í gær. TF-SIF var í skoðun en TF-LIF bilaði á miðvikudag. **- gag**

Kjell Magne Bondevik:

# Karlremba hjá IKEA

**NOREGUR** Kjell Magne Bondevik, forsætisráðherra Noregs, gagnrýndi sænska húsgagnafyrirtækið IKEA fyrir karlrembu í viðtali við dagblaðið Verdens Gang í gær. Hann sagði ótrúlegt að engar myndir í leiðbeiningarbæklingum fyrirtækisins sýndu konur við samsetningu húsgagna.

Talsmaður IKEA sagði að þar sem vörur fyrirtækisins væru seldar í 200 löndum væri hætt við að múslimar gætu móðgast vegna slíkra mynda. Bondevik gaf hins vegar lítið fyrir þær útskýringar og sagði þess þá meiri ástæðu til að sýna konur til að stuðla að jafnrétti í þeim löndum. ■

Rektorskosning:

# 29 prósenta þátttaka

**HÁSKÓLINN** Kosningaþátttaka í rektorskjöri Háskóla Íslands var 29 prósent. Um 71 prósent starfsmanna og 23 prósent nemenda kusu.

Úrslitin voru ekki kunn þegar Fréttablaðið fór í prentun, en fjórir voru í framboði. **- gag**





## SPURNING DAGSINS

*Ingvar, sjáið þið eftir því að hafa ekki mælt með kandídat?*

**„Nei. Stjórnmálamenn eiga ekki að ráða starfsfólk ríkisstofnana.“**

Ingvar Sverrisson situr í minnihluti útvarpsráðs sem sat hjá við atkvæðagreiðslu um fréttastjóraefni. þegar meirihlutinn valdi Auðun Georg Ólafsson.

Hafís nálgast landið hratt:

# Ógnar atvinnulífinu í Grímsey

**HAFÍS** Grímseyingar eru áhyggjufullur vegna hafíss sem í gær var 20 mílur norðvestur af eyjunni. Spáð er norðlægum áttum og hætta á að ísinn leggist að Grímsey og loki höfninni. Hafís var í gær einnig skammt úti af Vestfjörðum og vill Veðurstofan benda sjófarendum á að hann geti farið inn á siglingaleiðina fyrir Horn.

Þór Jakobsson veðurfræðingur segir að spáð sé hvassri norðanátt og þá reki ísinn hratt að Norðurlandi og því hugsanlegt að hafís leggist að landi í Grímsey strax í dag.

Sjómenn sem stunda netaveiðar frá Grímsey hafa tekið upp net sín og segir Óttar Þór Jóhannsson, oddviti Grímseyjarhrepps, að komi hafísinn að landi verði vír strengdur fyrir mynni hafnarinnar til að verja báta og hafnarmannvirki.

„Hér snýst allt atvinnulíf um fiskveiðar og vinnslu og ef hafís leggst að eyjunni mun atvinnulífið lamast. Því eru Grímseyingar áhyggjufullir og fylgjast grannt með ísnum,“ segir Óttar.

Í Grímsey búa tæplega 100 manns og fá eyjarskeggjar allt rafmagn frá dísilstöð. Óttar segir að í eyjunni séu nú olíubirgðir til þriggja mánaða og því ekki bráð hætta á að þeir missi ljós og hita. **- kk**



MYND/LANDHELGISGÆSLAN

**HAFÍS ÚTI FYRIR NORÐURLANDI**
Ísbrúnin lá næst landi 10 sjómílur norður af Kögri. Myndin var tekin úr flugvél Landhelgisgæslunnar TF-SYN í eftirlits- og ískönnunarflugi úti fyrir Norðurlandi í gær.

Michael Jackson:

# Allt of seinn í dómsalinn

**BANDARÍKIN, AP** Michael Jackson mætti klukkutíma of seint í réttarsalinn í gær og á því á hættu að verða fangelsaður á meðan málaferlin standa yfir.



**MICHAEL JACKSON**

Rodney Melville dómara var ekki skemmt þegar kom í ljós að Jackson var ekki mættur í dómsalinn á tilskildum tíma. Hann hótaði að láta handtaka Jackson og láta ógilda tryggingu hans væri hann ekki mættur eftir klukkutíma. Verjendur söngvarans sögðu hann á sjúkrahúsi vegna bakverks en í þann mund sem fresturinn rann út stormaði hann inn.

Yfirheyrslur héldu áfram í gær yfir piltinum sem Jackson er ákærður fyrir að hafa misnotað. ■

Meint kynferðisbrot:

# Máli vísað frá dómi

**DÓMSMÁL** Kynferðisbrotamáli sem vísað hafði verið frá fyrir héraðsdómi í sumar var aftur vísað frá þegar málið fór fyrir Hæstarétt í gær. Ungur maður var ákærður fyrir að hafa fjórum sinnum haft samræði við þrettán ára stúlku þegar hann var fimmtán ára. Ástæða frávísunar var málatilbúnaður ákæruvaldsins og eru dregin upp í málskjölum allnokkur dæmi um slaka rannsóknarvinnu lögreglu og saksóknara. Sem dæmi var ekki leitað álits þeirra sérfræðinga sem venja þykir að kalla til í kynferðisbrotamálum og framburður bæði ákærða og meints fórnarlambs ekki kannaður í þaula. **- aöe**



**LÓÐAKAUP**
Reykjavíkurborg keypti Grafarvogslandið af ríkinu í borgarstjóratíð Davíðs Oddssonar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM

# Borgin vill kaupa lóðir af ríkinu

**Reykjavíkurborg hefur hafið formlegar viðræður um kaup á lóðum innan borgarmarka sem eru í eigu ríkisins. Viðræðum á að ljúka í byrjun næsta árs og er ætlunin að lóðirnar fari undir íbúðarbyggð.**

**BORGARRÁÐ** Reykjavíkurborg hyggur á kaup á lóðum í eigu ríkisins innan borgarmarkanna. Þetta er í fyrsta sinn sem slíkt gerist síðan í borgarstjóratíð Davíðs Oddssonar, þegar samkomulag náðist um kaup á lóðum í Grafarvogi, segir Alfreð Þorsteinsson, formaður borgarráðs.

Samþykkt var á fundi borgarráðs í gær að hefja formlegar viðræður um kaup lóða í eigu ríkisins en óformlegar viðræður hafa staðið yfir síðustu misseri að sögn Alfreðs. Viðræðum ætti að ljúka 15. febrúar á næsta ári.

Meðal þeirra lóða sem Reykjavíkurborg falast eftir eru Keldur, Keldnaland og land við Reynisvatn auk lands við Mógilsá og Kollafjörð en þær lóðir falla nú undir lögsögu Reykjavíkurborgar eftir sameiningu við Kjalarnes.

Reykjavíkurborg hefur sætt töluverðri gagnrýni upp á síðkastið fyrir ónógt framboð á lóðum til íbúðabygginga. Alfreð segir ljóst að lóðirnar séu hugsaðar undir íbúðarbyggð. Ekki er þó hægt að búast við því að hægt verði að byggja á þessum lóðum alveg á næstunni enda þurfi fyrst að nást samkomulag um kaup auk þess sem breyta þurfi aðalskipulagi Reykjavíkurborgar. Alfreð benti til að mynda á að stofnanir væru á sumum af þessum stöðum sem ekki væri ljóst hvert yrðu fluttar. Þó væru hugmyndir um það að flytja rannsóknarstarfsemina á Keldum niður í Vatnsmýri, nær Háskóla Íslands.

Alfreð vill ekki meina að þessi ákvörðun borgarráðs sé afleiðing af háu verði lóða að undanförnu.

Hann vildi heldur ekki segja til um á hvað þessar lóðir væru metnar en taldi ljóst miðað við þróun síðustu mánaða að verð á lóðunum yrði töluvert hærra en menn hefðu áður átt að venjast. Ekki er ljóst hvort samningar náist um öll löndin sem falast er eftir og segir Alfreð ómögulegt að spá hver niðurstaðan verði.

**sveinn@frettabladid.is**



MYND/AP

**BLÓÐBAÐ Í MOSUL**
Fórnarlömb árásarinnar voru gestir í jarðarför í mosku í borginni.

Sjálfsmorðsárás:

# Tugir dóu í jarðarför

**MÓSÚL, AP** Að minnsta kosti 36 manns létust í sjálfsmorðssprengjuárás í borginni Mosul í Norður-Írak í gær. Auk þess biðu fimm manns bana í árásum í Bagdad og Kirkuk.

Sjálfsmorðsprengjuárásin mannskæða var gerð forgarði mosku í Mosul en þar fór fram jarðarför. Sjónarvottar sögðu sprenginguna hafa verið mjög öfluga enda voru blóðslettur og líkamsleifar úti um allt.

Útsendarar al-Kaída skutu fjóra menn í Bagdad í gær, þar af tvo lögreglumenn. Þá drápu uppreisnarmenn mann í borginni Kirkuk. ■

## FRAKKLAND

**RÉTTAÐ YFIR BARNANÍÐINGUNUM** Forsprakkar hópsins sem grunaður er um að hafa misnotað tugi barna í bænum Angers í Frakklandi voru yfirheyrðir í dómssal í gær. Einn sakborninganna lýsti því yfir að honum stæði á sama um börnin sín en hann er ákærður fyrir að hafa misnotað.

## GRÆNLAND

**ATVINNUVEIÐIMÖNNUM FÆKKAR** Ný rannsókn bendir til þess að eftir áratug muni dýraveiðar í atvinnuskyni á Grænlandi heyra sögunni til. Grænlenska útvarpið greinir frá því að árið 1993 hafi 6.500 Grænlendingar haft veiðar að lifibrauði en tíu árum síðar var talan komin niður í 2.700.




Lífsval–lífeyrissparnaður

Hvað langar þig að gera

þegar þú hættir að vinna?

SPARISJÓÐURINN

– fyrir þig og þína

www.spar.is


Frumvarp um hryðjuverkavarnir:

# Lávarðadeildin lagðist gegn lögunum

**BRETLAND** Lávarðadeild breska þingsins vísaði í gær lagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar um hryðjuverkavarnir aftur til neðri deildar þingsins. Tony Blair forsætisráðherra á í vök að verjast vegna málsins.

Lávarðadeildin telur að margháttaðar breytingar verði að gera á frumvarpinu eigi það að hljóta náð fyrir þeirra augum. Nýju lögin eiga að leysa eldri hryðjuverkalög af hólmi en ef þau verða samþykkt verður yfirvöldum heimilt að takmarka frelsi grunaðra hryðjuverkamanna á ýmsan hátt. Þingmenn efri deildarinnar leggja hins vegar til að dómsúrskurð þurfi til að heimila þessar tálmanir og þær verði háðar mun strangari skilyrðum. Jafnframt krefjast þeir þess að lögin gildi einungis í eitt ár.

Tony Blair forsætisráðherra var að vonum ósáttur við andstöðu lávarðadeildarinnar og hafnaði frekari málamiðlunum. „Neðri deildin samþykkti frumvarpið með afgerandi hætti. Við þurfum á þessari löggjöf að halda til að geta gætt öryggis fólksins í landinu,“ sagði hann í viðtali við breska ríkisútvarpið í gær. ■



MYND/AP

**Á BRATTANN AÐ SÆKJA**
Tony Blair var undrandi á andstöðu lávarðadeildarinnar og hvatti þingmenn hennar til að samþykkja lögin.

# Höfum ekki hækkað!




# Atlantsolía Sprengisandi

Atlantsolía hefur opnað sjálfsafgreiðslustöð á Sprengisandi Reykjavík gengt Elliðaárdal. Við hverja dælu er kortasjálfsali sem tryggir hraða þjónustu og meira öryggi. Bensínstöðin Sprengisandi tekur við öllum gerðum greiðslukorta sem hafa PIN númer(lykilorð).




## Aðstoðum við dælingu

Fram til 31. mars veitum við aðstoð virka daga milli klukkan 9.00 og 19.00 og um helgar milli klukkan 10.00 og 16.00

**- Veljum samkeppni -**

ATLANTSOLIA

**Atlantsolía - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - atlantsolia@atlantsolia.is**

hausverk / SÍA / 5142

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 10.03.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 58,92 | 59,20 |
| Sterlingspund | GBP | 113,53 | 114,09 |
| Evra | EUR | 78,94 | 79,38 |
| Dönsk króna | DKK | 10,60 | 10,66 |
| Norsk króna | NOK | 9,64 | 9,70 |
| Sænsk króna | SEK | 8,71 | 8,77 |
| Japanskt jen | JPY | 0,56 | 0,57 |
| SDR | XDR | 90,62 | 91,16 |

*Gengisvísitala krónunnar*

107,80 -0,70%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Holræsaframkvæmdir í Hafnarfirði:

# Hélt að húsið væri að hrynja

**TJÓN** Svonefnt Gestshús í vesturbæ Hafnarfjarðar er stórskemmt vegna framkvæmda á vegum bæjarins. Eigandi hússins er afar ósáttur við bæjaryfirvöld.

„Það er búið að skemma hjá mér húsið,“ segir Örn Ægir Óskarsson, verkamaður og íbúi á Vesturgötunni í Hafnarfirði, en sprungur hafa myndast í veggjunum hjá honum eftir að bærinn hóf umfangsmiklar holræsaframkvæmdir í götunni fyrir nokkrum dögum. „Það hefur einhver hreyfing orðið því það duttu niður hjá mér hillur. Ég hljóp út því að ég hélt að húsið væri hreinlega að hrynja.“

Örn er bæjaryfirvöldum reiður fyrir að hafa ekki kynnt framkvæmdirnar nægilega vel. Hann ræddi í vikunni við Lúðvík Geirsson bæjarstjóra og tók af honum loforð um bætur vegna tjónsins. Örn hefur samt efasemdir um loforðið. „Ég bara treysti þeim ekki þótt ég hafi verið þeirra maður á sínum tíma.“

Framundan eru svo miklar sprengingar því klöpp er undir götunni. „Maður veit ekki hvað gerist þegar þeir byrja að sprengja,“ segir Örn og líst greinilega illa á blikuna. **- shg**



**ÖRN Á VESTURGÖTUNNI**
Þegar framkvæmdir hófust komust engir bílar að húsinu.



**SPRUNGUR Í VEGGNUM**
Örn segir að hús sitt sé skakkt og skælt vegna framkvæmdanna.



**SÆMUNDUR**
Vinnur hörðum höndum að frelsun Fischers.

Sæmundur Pálsson:

## Ræðir við þingmenn

**FISCHER-MÁLIÐ** Sæmundur Pálsson átti fund með japönskum öldungardeildarþingmönnum í gær þar sem hann reyndi að fá þá til að taka mál Bobby Fischer upp á japanska þinginu.

Í dag á að leggja fram kæru gegn japanska ríkinu ef Fischer hefur ekki verið látinn laus. Guðmundur G. Þórarinsson, Garðar Sverrisson og Einar S. Einarsson úr íslensku sendinefndinni komu til landsins í gærkvöld en Sæmundur er enn í Japan. **- sg**

Hæstiréttur:

## KB banki bótaskyldur

**DÓMSMÁL** KB banki var í Hæstarétti í gær dæmdur til að greiða bílaumboðinu Bernhard ehf. rúmlega 30 milljóna króna bætur. Dómurinn lækkaði þar með um tvær milljónir króna bótagreiðslu þá sem Héraðsdómur Reykjavíkur hafði dæmt í júlí síðastliðnum. Hafði Bernhard höfðað málið vegna kaupa fyrirtækisins á þrotabúi Peugeot-bílaumboðsins á tilboði KB banka. Kom síðar í ljós að misræmi var í birgðastöðu hins yfirtekna fyrirtækis um 30 milljónir króna sem KB banki bauðst til að greiða til baka en dró það tilboð aftur skömmu síðar. Komst Hæstiréttur að því að bankanum væri skylt að greiða viðkomandi upphæð auk dráttarvaxta. ■

# Stjórnskipun á krossgötum

**Ákvæði stjórnarskrárinnar um synjunarvald forseta Íslands er meðal þess sem til greina kemur að breyta við endurskoðun hennar. Vonast er til virkrar aðkomu almennings í því ferli.**

**STJÓRNARSKRÁRMÁL** Ágreiningurinn um stjórnskipulegt hlutverk forseta Íslands, sem spannst af deilunum um fjölmiðlafrumvarp ríkisstjórnarinnar í fyrrasumar, hefur skapað vinnunni sem nú er hafin að endurskoðun stjórnarskrárinnar þróttmikla og víða skírskotun. Það vekur vonir um að það takist að virkja almenning til að láta sig endurskoðunarstarfið varða. Þannig sé þessi atlaga að endurskoðun stjórnarskrárinnar vænleg til að skila meiri árangri en fyrri tilraunir til þess, en þær hafa verið nokkrar á lýðveldistímanum.

Þetta kom fram í máli frummælenda á ráðstefnu um endurskoðun stjórnarskrárinnar, sem haldin var í Háskólanum á Akureyri í gær.

Eiríkur Tómasson lagaprófessor og formaður sérfræðinganefndar sem hefur það hlutverk að vera hinni pólitískt skipuðu stjórnarskrárnefnd til ráðgjafar um endurskoðunina, sagði í sínu erindi að ákvæði stjórnarskrárinnar um hlutverk og stöðu forseta Íslands væri meðal þess sem kæmi til álita að breyta. Þessi ákvæði væru þó aðeins einn margra þátta sem nærri lægi að taka til endurskoðunar.

Atburðarásin síðasta sumar þykir hafa sýnt að þörf sé á að gera ákvæði stjórnarskrárinnar um synjunarvald forseta skýrari, en á þetta ákvæði reyndi í fyrsta sinn er forsetinn neitaði að skrifa undir fjölmiðlafrumvarpið. Að mati Eiríks er í þessu sambandi mikilvægast að niðurstaða endurskoðunarinnar njóti ótvíræðs stuðnings þjóðarinnar, hvort sem hún yrði sú að afnema þetta vald forsetans, að aðrar leiðir til að skjóta frumvarpi í dóm þjóðarinnar komi í þess stað, eða einhver önnur.

Meðal annarra þátta sem brýnt þykir að breyta í stjórnarskránni er að innleiða í hana ákvæði sem opnaði fyrir möguleikann á framsali fullveldis til fjöl- og yfirþjóðlegra stofnanad, en engin slík ákvæði er að finna í henni nú.

Aðrir frummælendur á ráðstefnunni voru Eivind Smith, prófessor í stjórnskipunarrétti við Óslóarháskóla og einn kunnasti sérfræðingur Noregs í þessum efnum, Kári á Rógvi, varaformaður nefndar sem vinnur að gerð draga að stjórnarskrá fyrir Færeyjar, Kristrún Heimisdóttir, lögfræðingur Samtaka iðnaðarins, og Ágúst Þór Árnason, en hann skipulagði ráðstefnuna fyrir hönd Félagsvísinda- og lagadeildar Háskólans á Akureyri.

Vefur stjórnarskrárnefndar má finna á slóðinni http://stjornarskra.is

**audunn@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

**RÆTT UM STJÓRNARSKRÁNA**
Norski stjórnlagaprófessorinn Eivind Smith og Eiríkur Tómasson voru meðal frummælenda á ráðstefnu um endurskoðun stjórnarskrárinnar á Akureyri í gær.



MYND/AP

**BORIN TIL GRAFAR**
Flest barnanna voru jarðsett í gær. Mörg fórnarlambanna liggja enn á sjúkrahúsi.

Eitraður skyndibiti:

## 27 börn biðu bana

**FILIPPSEYJAR** 27 filippeysk börn dóu í vikunni eftir að hafa borðað eitraðan skyndibita. 103 voru fluttir á sjúkrahús eftir að hafa fengið eitrun. Flest barnanna voru jarðsett í gær.

Harmleikurinn átti sér stað í bænum Mabini á Bohol-eyju og voru flest fórnarlambanna á aldrinum 7-14 ára. Þau höfðu lagt sér til munns djúpsteiktar kassavaplöntur, sem eru vinsæll skyndibiti á þessum slóðum en séu þær ekki matreiddar á réttan hátt myndast í þeim blásýra. Að sögn netútgáfu The Independent komu eitrunareinkennin fram á nokkrum mínútum. ■

## LÍBANON

**KARAMI FORSÆTISRÁÐHERRA Á NÝ** Emile Lahoud, forseti Líbanons, skipaði Omar Karami í embætti forsætisráðherra á nýjan leik. Karami sagði af sér í síðustu viku eftir mótmæli almennings og þrýsting stjórnarandstöðunnar en Karami þykir hallur undir Sýrlendinga.

**EVRÓPUÞINGIÐ ÓHRESST MEÐ HIZBOLLAH** Evrópuþingið ályktaði í gær að ákveðnar vísbendingar væru um að hin líbönsku Hizbollah-samtök stæðu fyrir hryðjuverkum. Þingið gekk þó ekki svo langt að setja Hizbollah á lista yfir hryðjuverkasamtök eins og Bandaríkjamenn vilja.

SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN



Subaru Legacy Wagon sjálfskiptur
Verð áður 2.790.000
Verð nú 2.590.000

=200.000
króna gengishagnaður

LEGACY

Verð á mán 29.956,-*

Í samstarfi við SP-FJÁRMÖGNUN HF

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

*Bílasamningur SP-FJÁRMÖGNUN með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

## Veðrið

**KALT OG VÍÐAST NÆÐINGUR EN SÓLSKIN**
Nú hefur hann heldur betur skipt um gír í veðrinu. Hvöss norðan átt á austanverðu landinu en heldur skaplegri vindur vestan til og einkum suðvestan til. Það er semsagt kominn vetur á ný. Það má kannski segja að það bjargi einhverju að sólin glennir sig víðast hvar á landinu í dag og í skjólsælum skotum má vel sleikja þá gulu. Að öðru leyti bíðum við eftir að það vori á ný EN lítið er um hlýindi í langtímaspánum, því miður!!



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Í dag um hádegi




### Á morgun




Leifar af strekkingi allra austast, annars hægari.

### Sunnudagur




Víðast allnokkur vindur.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 2°C léttskýjað | París | 8°C léttskýjað | Torrevieja | 17°C skýjað |
| Osló | 2°C snjóél | Prag | 1°C alskýjað | Róm | 11°C skýjað |
| Stokkhólmur | 1°C snjóél | Amsterdam | 6°C léttskýjað | New York | 5°C snjóél |
| London | 10°C léttskýjað | Varsjá | -1°C snjóél | Miami | 24°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Velkomin á danska daga




**TILBOÐ**
**1.199** kr/kg
Verð áður 1.499,-

**Kyllingefilet 1kg**



**30%** afsláttur við kassa

**TILBOÐ**
**1.467** kr/kg
Merkt verð 2.095,-

Ferskar
**kjúklingalundir**



**40%** afsláttur

**TILBOÐ**
**799** kr/kg
Verð áður 1.398,-

**Hamburgerryg**
med ben

Direkte fra Danmark



**Daloon** kinaruller

Nyheder på danske dage




**Tulip** kylling

Direkte fra Danmark




**Dr. Oetker** Intermezzo pizza

Nyheder på danske dage



**Skare** hamburgerryg

Nyheder på danske dage



**Magasin** kaffe

Nyheder på danske dage




**Mette Munk** tærte

Direkte fra Danmark



**Daloon** æbleskiver

Nyheder på danske dage



**Wienerbrødstjerne**

Gildir til 13. mars eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Var Auðun Georg Ólafsson hæfasti umsækjandinn um starf fréttastjóra Útvarps?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 13% |
| Nei | 87% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlarðu að skipta um bíl á þessu ári?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Smurstöð Esso:

# Smurstimpli stolið

**ÞJÓFNAÐUR** Starfsmenn smurstöðvar Esso á Geirsgötu tóku eftir því í gærmorgun að einhver hafði stolið stimpli sem notaður er til að stimpla smurbækur bifreiðaeigenda.

„Ég var að nota stimpilinn korter í sex daginn áður, en nú í morgun var hann horfinn og hefur ekki sést síðan," sagði Sigurður Helgi Hermannsson, starfsmaður smurstöðvarinnar þegar Fréttablaðið náði af honum tali í gær.

Sigurður segir þetta mjög alvarlegt mál, þar sem einhver geti nú stimplað smurbækur án þess að smurning hafi átt sér stað. Hann hafi í fimm ár alltaf skilið stimpilinn eftir á sama borði, en hann hafi aldrei horfið fyrr en nú.

„Það var mikið að gera og ég var ekki að fylgjast með borðinu, heldur með bílunum," segir Sigurður. Hann segir að við þessu sé ekkert að gera, nema ef einhvers staðar finnist stimpill merktur Esso, þá sé hægt að skila honum aftur á Geirsgötuna.

- ss



**STIMPILL HVARF**
Sigurður Helgi Hermannsson heldur á stimpli, eins og stolið var í fyrradag.

Lögreglan í Hafnarfirði:

# Klippti 20 númeraplötur

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Hafnarfirði og Garðabæ klippti númeraplötur af 20 ótryggðum bifreiðum aðfaranótt fimmtudags. Að sögn lögreglu er þetta umtalsverður fjöldi. Annars var svo rólegt hjá lögreglunni á landinu að menn sögðust óttast að þetta væri lognið á undan storminum. Einn þjófur skeytti engu um það og stal skjávarpa úr fyrirtæki í miðborg Reykjavíkur. Í Dalvík var einn maður tekinn á 139 kílómetra hraða og í Keflavík voru tveir teknir fyrir of hraðan akstur og einn fyrir ölvunarakstur. ■

## DÓMSMÁL

**TRYGGINGASTOFNUN SÝKNUÐ**
Tryggingastofnun ríkisins var sýknuð í Hæstarétti af kröfum manns sem taldi sig eiga rétt á fæðingarorlofi þó hann uppfyllti ekki þau skilyrði að hafa verið samfellt sex mánuði á vinnumarkaði fyrir upphafsdag fæðingarorlofsins. Þóttu rök mannsins ekki sannfærandi.

**GALLAR VIÐ FASTEIGNAKAUP**
Hæstiréttur dæmdi konu bætur að upphæð 350 þúsund krónur vegna íbúðakaupa þar sem sannað þótti að eign sú er hún keypti hefði verið gölluð vegna fúa í burðarvirki og útveggjum. Ekkert var minnst á gallana þegar kaupin fóru fram og konunni því dæmdar bætur.



**SHARON ÍBYGGINN**
Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels og fyrrverandi utanríkisráðherra, hvatti landtökumenn til að reisa nýjar byggðir á hæðum Vesturbakkans árið 1998.

# Ísraelsk stjórnvöld sögð hafa brotið lög

**Ísraelsk stjórnvöld voru viðriðin stofnun landtökubyggða á Vesturbakkanum. Þetta var gert með leynd. Alvarleg lögbrot sem eru til þess fallin að grafa undan lýðræði, segir fyrrverandi ríkissaksóknari.**

**ÍSRAEL, AP** Rannsókn á því hvernig staðið var að stofnun alls um 105 landtökubyggða gyðinga á Vesturbakkanum leiddi í ljós að ísraelsk stjórnvöld voru viðriðin landtökuna með margvíslegum hætti. Í niðurstöðu rannsóknarinnar, sem gerð var með stuðningi Ísraelsstjórnar, er mælt með því að saksóknarar íhugi að taka til rannsóknar þátt sumra þeirra sem komið hafi við sögu.

Talia Sasson, fyrrverandi ríkissaksóknari Ísraels, stýrði rannsókninni, en hún kynnti helstu niðurstöðurnar á blaðamannafundi í Jerúsalem. Sasson sagði „róttæk skref" nauðsynleg til að bæta úr og vernda stoðir ísraelsks lýðræðis.

Í skýrslunni er lýst leynilegu samráði og samstarfi hinna ýmsu ráðuneyta og opinberu stofnana um að koma fé og öðrum stuðningi til landtökumanna. Ísraelskir landtökumenn hófu fyrir rúmum áratug að reisa nýjar gyðingabyggðir á Vesturbakkanum, með það fyrir augum að rjúfa landfræðilega heild palestínska yfirráðasvæðisins og hindra stofnun sjálfstæðs Palestínuríkis.

„Jafn alvarleg lögbrot af hálfu svo margra opinberra aðila eru ekki til annars fallin en að grafa undan lýðræðislegu stjórnarfari í Ísrael og verðskuldar þetta að vera fordæmt," sagði Sasson.

Sasson lét ógert að benda á nafngreinda ráðamenn í þessu sambandi. Spurð sérstaklega um hlutverk Ariels Sharon forsætisráðherra, sem á sínum tíma var einn helsti formælandi landtökunnar, vék hún sér undan að svara og sagði skýrsluna ekki fjalla um ábyrgð nafngreindra einstaklinga.

Sem utanríkisráðherra hafði Sharon árið 1998 hvatt landtökumenn til að reisa nýjar byggðir á hæðum Vesturbakkans. Mest varð gróskan í landtökunni eftir að hann varð forsætisráðherra árið 2001.

Ísraelsstjórn tekur skýrsluna til umræðu á sunnudag og talsmenn Sharons sögðu hann ekki myndu ákveða fyrr en þá hvernig bregðast skyldi við henni. ■


Stór og fallegur humar

Fullt af girnilegum fiskréttum

Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70






Kattasýning

Vorsýning Kynjakatta
verður haldin 12. og 13. mars 2005
í reiðhöll Gusts, Álalind, Kópavogi.
Sýningin er opin frá klukkan 10 - 18
báða dagana.


Aukin sjálfvirkni hjá Ratsjárstofnun:

# Tæknimönnum sagt upp

**UPPSAGNIR** Vegna aukinnar sjálfvirkni í rekstri ratsjárstöðva Ratsjárstofnunar verður 31 tæknimanni sagt upp störfum frá og með 1. apríl en sautján boðin endurráðning. Mannaðar sólarhringsvaktir leggjast af á Stokksnesi, Bolafjalli og Gunnólfsvíkurfjalli og verður stöðvunum fjarstýrt frá ratsjárstöðinni á Miðnesheiði.

Ólafur Örn Haraldsson, forstjóri Ratsjárstofnunar, segir að uppsagnirnar taki til allra stöðvanna fjögurra en þrír af þeim fjórtán sem boðin var endurráðning muni flytja búferlum og hefja störf á Miðnesheiði.

„Það er erfitt fyrir starfsmennina og stofnunina að ganga í gegnum þessar aðgerðir en undan þeim varð ekki vikið," segir Ólafur Örn. „Starfsmennirnir hafa sex mánaða uppsagnarfrest en auk þess mun stofnunin greiða þeim sem missa vinnuna einn mánuð án vinnuskyldu og 250 þúsund krónur sem þeir geta nýtt til endurmenntunar. Þurfi starfsmenn sem sagt verður upp að flytjast búferlum vegna annarrar vinnu mun Ratsjárstofnun greiða allan flutningskostnað."

- kk



**RATSJÁRSTÖÐIN Á STOKKSNESI VIÐ HORNAFJÖRÐ**
Sjálfvirkni í rekstri stöðvanna eykst í áföngum og verður að fullu komin til framkvæmda haustið 2007 en þá verða einungis tæknimenn starfandi á Miðnesheiði.

PEUGEOT 407

# FRUMSÝNING

Meistarahönnun sem flytur staðalinn
á fjölskyldubíl upp í nýjar víddir




TÖLUM UM NÝSKÖPUN

BERNHARD

**BERNHARD** ehf. Vatnagarðar 24-26 · Sími 520 1100

**Umboðsaðilar:**
Reykjanesbær, **Bílavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bílver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

Hulunni svipt af Peugeot 407 - nýjasta fjölskyldubílnum laugardaginn 12. mars kl. 12:00. Opið til kl. 16 laugardag og 12 - 16 sunnudag hjá Bernhard Vatnagörðum og umboðsaðilum.

Komdu um helgina og upplifðu Peugeot 407 leiftrandi nýsköpun í hönnun, áreiðanleika og öryggi.

Peugeot 407 4ra dyra verð frá 2.190.000 kr. - 22.941 kr. á mánuði *
Peugeot 407 SW verð frá 2.350.000 kr. - 24.618 kr. á mánuði *

407

PEUGEOT

* Bílasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað nefnist skipið sem strandaði í Skutulsfirði í fyrradag?*

2 *Hvað heitir starfandi fréttastjóri á fréttastofu Útvarps?*

3 *Hvaða tvö ensku lið komust í átta liða úrslit Meistaradeildar Evrópu?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 46

Lóðaúthlutun á Akureyri:

# Færri fengu lóðir en vildu

**FASTEIGNIR** Bæjaryfirvöld á Akureyri hafa úthlutað 170 íbúðarlóðum í Naustahverfi. Guðmundur Jóhannsson, formaður umhverfisráðs, segir óvanalegt að svo mörgum lóðum sé úthlutað í einu. Mikil eftirspurn var eftir lóðunum og var þeim úthlutað til fimm verktaka af 14 sem sóttust eftir þeim. Í Naustahverfi er gert ráð fyrir 2.500 til 3.000 íbúðum og þar rísi sex til átta þúsund manna byggð. Er það álíka fjöldi og nú býr í Glerárhverfi.

Lóðunum var öllum úthlutað til stærri verktaka og var úthlutað reitum með mörgum lóðum. Bjarni Reykjalín, deildarstjóri umhverfisdeildar, segir að með þeim hætti sé komið til móts við verktakana. „Með reitaúthlutun geta verktakarnir komið að skipulagi hverfisins en þeir hafa tvö ár til að ljúka byggingarframkvæmdum.“ Í sumar verður fleiri lóðum á svæðinu úthlutað, einkum ætlaðar smærri verktökum og einstaklingum. - kk



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**NÝBYGGINGAR Í NAUSTAHVERFI**
Flestar nýbyggingar sem reistar verða á Akureyri næstu árin verða í Naustahverfi.

## DÓMSMÁL

**RANNSÓKN LÖGREGLU GAGNRÝND** Hæstiréttur Íslands staðfesti dóm Héraðsdóms Reykjaness yfir manni sem dæmdur hafði verið til fimm mánaða fangelsis fyrir innbrot og þjófnað í Garðabæ í nóvember 2002. Gerði dómurinn þó aðfinnsluvert hversu lengi rannsókn lögreglu dróst en hartnær tvö ár liðu frá yfirheyrslum yfir manninum þar til ákæra var gefin út.

**DEILUR UM VEÐBÖND** Hæstiréttur staðfesti dóm Héraðsdóms Vesturlands frá því í haust hvað varðaði ágreining um veðbönd á jörðinni Hvammi í Skorradalshreppi. Stóðu deilur um hvort tryggingabréf Sparisjóðs Mýrarsýslu fengju hrundið óþinglýstum kaupsamningi nýs eiganda og var bankanum gert að aflétta bréfunum í héraðsdómi.




# Vilja karlaathvarf

**Félag ábyrgra feðra hitti borgarstjóra til að kynna stefnuskrá sína og reifa hugmyndir að karlaathvarfi. Formaður félagsins telur lítið gert fyrir forsjárlausa feður, sem sé stór hópur í samfélaginu.**

**FJÖLSKYLDUMÁL** Sjö prósent feðra sem hafa samband við Félag ábyrgra feðra kvarta yfir líkamlegu ofbeldi af hendi sambýliskvenna sinna að sögn Garðars Baldvinssonar, formaður félagsins. Hann telur því mikla þörf á að koma upp karlaathvarfi. Þetta ræddi hann við Steinunni Valdísi Óskarsdóttur borgarstjóra á miðvikudag, auk þess sem henni var kynnt stefnuskrá félagsins og afhent bókin Feður og börn á nýrri öld sem félagið gaf út nýverið.

Karlaathvarfið er hugsað sem upplýsingasetur með ráðgjöf og húsnæðisaðstoð fyrir forsjárlausa feður sem lenda í erfiðleikum. Ekki er ljóst hvað slíkt athvarf myndi kosta en Garðar telur að 10 til 20 milljónir á ári séu nærri lagi. Sú fjárhæð segir hann að sé eins og dropi í hafið miðað við fjárhagslegt tap karla eftir skilnaði en þeir lendi oft í því að gefa eftir húsnæði og taki á sig skuldir. Eigi þeir oft í fjárhagsvandræðum í mörg ár á eftir.

Borgarstjóri tók að sögn vel í hugmyndir félagsins en gaf þó engin loforð. Þess má geta að karlaathvörf eru rekin í Bandaríkjunum, Bretlandi og á Norðurlöndum

„Forsjárlausir feður eru stór hópur og lítið gert fyrir þá,“ segir Garðar sem telur oft á tíðum mannréttindi brotin á forsjárlausum feðrum og ætlunin sé að koma einhverjum málum til mannréttindadómstólsins í Strassborg. Þá telur Garðar að kerfið sem búið sé við í dag komi í veg fyrir að börn læri að þekkja og virða báða foreldra og að viðurkenningu skorti á því að börn búi á tveimur stöðum þó að forsjá þeirra sé hjá öðru foreldrinu.

Fjöldi skilnaðarbarna er liðlega 21 þúsund á Íslandi og meðlagsgreiðendur eru um 12 þúsund. Félaginu berast um 500 hringingar á ári og eru 87% þeirra frá feðrum í vandræðum. - sg



**ÁBYRGIR FEÐUR**
Félag ábyrgra feðra afhenti borgarstjóra bók sína Feður og börn á nýrri öld.




Umferðaróhöpp á Akureyri:

# Bílastæði varhugaverð

**BIFREIÐATJÓN** Samkvæmt úttekt sem Sjóvá Almennar hafa látið gera á tjónum í umferðinni á Akureyri tengjast flestar tjónatilkynningar bifreiðastæðum bæjarins og algengast er að ökumenn valdi tjóni þegar þeir bakka bifreiðum sínum.

Langflest umferðaróhöpp á götum Akureyrar verða á Glerárgötu og varasömustu gatnamótin eru þar sem Þórunnarstræti og Glerárgata mætast. Flest tjónin verða í desember og janúar og í þeim mánuðum er slysatíðnin hæst en slysatíðnin er einnig há í maí.

Um 53 prósent umferðaróhappa á Akureyri verða á bifreiðastæðum og flest verða þau á bifreiðastæðunum við Glerártorg en næstflest við Hagkaup.

Í 28 prósentum tilvika eiga umferðaróhöppin sér stað við gatnamót og eru gatnamót Glerárgötu og Þórunnarstrætis og gatnamót Hlíðarbrautar og Borgarbrautar sérstaklega varhugaverð.

Um 19 prósent umferðaróhappa á Akureyri verða á götum bæjarins og langflest á Glerárgötu en næstflest á Þingvallastræti.

Flest tjónin verða þegar bifreiðum er bakkað en næstalgengast er að ekið sé á kyrrstæðar bifreiðar og þar á eftir að ekið sé aftan á aðrar bifreiðar. - kk

**VARASÖM GATNAMÓT**
Flest tjón í umferðinni á Akureyri verða eftir hádegi.



FRÉTTABLAÐIÐ/KK



MYND AP

**JÖRG HAIDER**
Flokkur hans, sem er í stjórnarsamstarfi með íhaldsmönnum, hefur misst mikið fylgi.

Frelsisflokkurinn í Austurríki:

# Boðar nýstofnun

**AUSTURRÍKI, AP** Frelsisflokkur Jörgs Haider í Austurríki, sem á aðild að ríkisstjórn landsins, er í uppnámi eftir mikinn kosningaósigur í héraðskosningum í Neðra-Austurríki um helgina.

Á þriðjudag boðaði Haider endurstofnun flokksins, eftir að flokksstjórnin hafði ákveðið á neyðarfundi í Klagenfurt að gera fimm áberandi fulltrúa brottræka úr flokknum. Þeir voru allir á ysta hægri kanti hans. Systir Haiders, Ursula Haubner, gegnir nú flokksformennskunni, en hann er fylkisstjóri í Kärnten. ■




# BÓKAMARKAÐUR
## FÉLAGS ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA ER OPINN KL. 10 -18 Í PERLUNNI

**SÍÐASTA HELGIN**



Hinn eini sanni **Bókamarkaður**; fjöldi bókatitla á verði sem slær öll met.

Á **bókamarkaðnum** eru allar tegundir bóka og að auki sérstök fornbókadeild sem gleðja mun alla sanna bókaunnendur.

Í Perlunni. Opið alla daga kl. 10–18.
Sími 562 9701.

**Mættu snemma til að missa ekki af bestu kaupunum!**

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

PERLAN



**KODDASLAGUR Á RAUÐA TORGINU**
Moskvubúar fylgjast með koddaslag á Rauða torginu sem er liður í „Maslyanitsa"-hátíðinni, sem þýðir eiginlega pönnukökuvika og er forn vetrarkveðjuhátíð.

Ný flugbraut:

# Kennsluflug á Sandskeiði

**FLUGVÖLLUR** Áætlað er að stór hluti æfinga- og kennsluflugs muni færast á nýjan flugvöll á Sandskeiði á næstunni. Nýi völlurinn verður tæplega 1000 metrar, lagður bundnu slitlagi. Kostnaður við gerð vallarins verður um 18 milljónir og stefnt er á að gera þjónustusamning um rekstur vallarins.

Heimir Már Pétursson, upplýsingafulltrúi Flugmálastjóra, segir erfitt að áætla hve mikil flugumferðin verði á vellinum en líklega verði hún töluverð. Þá sé ljóst að gera þurfi einhverjar áætlanir varðandi neyðaraðstoð á vellinum en nálægasta slökkvilið er í Árbæ.

Ekki er áætlað að byggja flugturn á Sandskeiði, þar sem æfinga- og kennsluflug er að mestu sjónflug sem er ekki sérstaklega stjórnað af Flugmálastjórn.

Ekki er ljóst hvenær brautin verður að veruleika en beðið er eftir niðurstöðu viðeigandi skipulagsyfirvalda. **- sg**



**REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR**
Stefnt er að því að stór hluti æfinga- og kennsluflugs færist frá Reykjavíkurflugvelli til nýs flugvallar á Sandskeiði.


*Tæknifræðingar - tæknifræðingar*

**Aðalfundur Tæknifræðingafélags Íslands**

**Aðalfundur Tæknifræðingafélags Íslands verður haldinn föstudaginn 18. mars 2005, kl. 17 í Verkfræðingahúsi að Engjateigi 9, Reykjavík.**

Dagskrá:

kl. 17:00 Setning *Einar H. Jónsson, formaður TFÍ*
kl. 17:10 Venjuleg aðalfundarstörf

Léttar veitingar að loknum aðalfundi.

Stjórn TFÍ

Tæknifræðingafélag Íslands






Kynnum nýju vorlínuna frá OROBLU
í dag Lyf&heilsu Austurveri
og Firði Hafnarfirði frá kl. 13-17
og á morgun laugardag
frá kl. 12-16 Lyf&heilsu Kringlu.

Kauptu OROBLU
og þú færð sokkabuxur fríar með!

Lyf&heilsa


# Ráðist gegn klámvæðingu

**Hjúkrunarfræðingar, prestar, femínistar og umboðsmaður barna ætla að vinna með landlæknisembættinu gegn klámvæðingunni í landinu. Undirbúningur að herferð er hafinn. Starfskona Stígamóta segir klámvæðinguna í rénun.**

**JAFNRÉTTISMÁL** Átak er að hefjast gegn klámvæðingunni í landinu. Sigurður Guðmundsson landlæknir hefur rætt við presta, hjúkrunarfræðinga, femínista og umboðsmann barna um samstarf. Einnig verður reynt að fá fulltrúa ungs fólks með í grasrótarstarf í gegnum Samfés og framhaldsskólana. Í átakinu á að styrkja unglingsstúlkur til að segja nei við klámvæðingunni.

Prestafélagið hefur boðið fram þátttöku sína og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur lýst yfir áhuga en hjúkrunarfræðingar vinna með unglingum, ungu fólki og konum, til dæmis á bráðamóttöku og Kvennadeildinni.

„Við höfum lýst yfir vilja til þess að taka þátt í þeim aðgerðum sem landlæknir er að boða. Okkar félagsmenn eru starfandi mjög víða. Þeir koma til dæmis inn í grunnskólana og að einhverju leyti inn í framhaldsskólana og geta verið með fræðslu þar. Unglingamóttökur eru víða á heilsugæslustöðvum. Þar getur farið í gang opin umræða um þessi mál þar sem okkar félagsmenn geta verið bæði stuðningsaðilar við unga fólkið og komið með fræðslu og áróður til þeirra," segir Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Guðrún Jónsdóttir, starfskona Stígamóta, sagði á blaðamannafundi í vikunni að óhætt væri að segja að sú klámvæðing sem hefði verið að magnast upp í samfélaginu á undanförnum árum hefði rénað. „Við höfum mælanleg dæmi eins og fækkun nektarstaðanna og breytingar á lögreglusamþykktinni. Það er augljóst að þetta hefur haft áhrif. En við getum svo sem ekki fullyrt eitt eða neitt," sagði hún.

Þá segir Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambandsins, að ekki standi á kennurum í átaki af þessu tagi.

**ghs@frettabladid.is**




**HERFERÐ GEGN KLÁMVÆÐINGUNNI**
Undirbúningur að grasrótarherferð gegn klámvæðingunni er hafinn hjá prestum, hjúkrunarfræðingum, femínistum og umboðsmanni barna í samstarfi við landlæknisembættið.

Fjarðabyggð tekur lán vegna stórframkvæmda:

## Skuldar tæpa fjóra milljarða

**LÁNTAKA** Fjarðabyggð hefur samið við Lánasjóð sveitarfélaga um 1,2 milljarðar króna lán til 19 ára gegn tryggingu í tekjum sveitarfélagsins.



**FJÁRMÁLASTJÓRI FJARÐABYGGÐAR**
Þenslan í Fjarðabyggð kallar á aukna lántöku en á móti munu tekjur sveitarfélagsins stóraukast.

Lánið er í tveimur hlutum og segir Páll Björgvin Guðmundsson, fjármálastjóri Fjarðabyggðar, að 475 milljónir króna fari í að endurfjármagna eldri óhagstæðari lán en einnig verði skammtímalán greitt niður sem tekið var vegna framkvæmda á árinu 2004. „Hinn hlutinn, 725 milljónir króna, fer í að fjármagna framkvæmdir í ár en fjárfrekustu framkvæmdirnar eru vegna skóla, vatnsveitu, álvershafnarinnar í Reyðarfirði og annarra hafna í Fjarðabyggð," segir Páll.

Eftir lántökuna eru heildarskuldir bæjarsjóðs Fjarðabyggðar og undirfyrirtækja um 3,8 milljarðar króna.

Auk Lánasjóðs sveitarfélaga gerðu KB banki, Íslandsbanki, Landsbankinn og MP-fjárfestingabanki tilboð í lánið. **- kk**

## BANDARÍKIN

**ELLEFU LÉTUST Í BRUNA** Eldur kviknaði í íbúðarhúsi í New Orleans í fyrradag. Íbúar hússins voru nýfluttir inn og var rafmagn ekki komið á. Þeir notuðu því kerti til lýsingar en eldurinn kviknaði út frá þeim. Alls létust ellefu manns í eldsvoðanum en á meðal þeirra var sex mánaða gamalt barn. Fjórir íbúanna sluppu lifandi eftir að hafa stokkið út um glugga á annarri hæð hússins.

**BONO FORSETI ALÞJÓÐABANKANS?** John Snow, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, vill ekki útiloka að írski söngvarinn Bono verði forseti Alþjóðabankans eftir að James Wolfensohn lætur af því embætti í sumar. Bono hefur látið mjög til sín taka í málefnum þriðja heimsins.


AFGREIÐSLUTÍMI:
föstudag.... 9 - 19:30
laugardag.... 10 - 16
tilboðin gilda til laugardagsins 12.mars
eða á meðan birgðir endast
HELGAR
TILBOÐ
1098kg-
FJALLALAMB KREÓLASTEIK
verð áður: 1398kg-
149kg-
MÓA FERSKIR KJÚKLINGA-VÆNGIR
verð áður: 299kg-
398kg-
MÓA FERSKIR KJÚKLINGA-LEGGIR OG LÆRI
verð áður: 599kg-
879kg-
FYLLT SVÍNASÍÐA
verð áður: 1098kg-
1398kg-
SVÍNALUNDIR ÚR KJÖTBORÐI
verð áður: 1778kg-
1056kg-
PESTÓ LAMBASTEIK
verð áður: 1509kg-
748kg-
LAMBALÆRI ÚR KJÖTBORÐI
verð áður: 998kg-
899kg-
JURTAKRYDDAÐ LAMBALÆRI
verð áður 1499kg-
298kg-
FROSINN KJÚKLINGUR
verð áður: 398kg-
979kg-
LONDON LAMB FRÁ KJARNAFÆÐI
verð áður: 1399kg-
1698kg-
NAUTAINNRALÆRI ÚR KJÖTBORÐI
verð áður: 2198kg-
798kg-
LAMBAHRYGGUR ÚR KJÖTBORÐI
verð áður: 998kg-
878kg-
FJALLALAMBS HELGARSTEIK
verð áður: 1098kg-
798kg-
HAMBORGARA-HRYGGUR ÚR KJÖTBORÐI
verð áður: 1098kg-
898kg-
FRAMHRYGGJASNEIÐAR ÚR KJÖTBORÐI
verð áður: 1198kg-
FK
FJARÐARKAUP
ekki bara verð!



**BEÐIÐ EFTIR STRÆTÓ**
Sanaullaha Bhat, íbúi í indverska hluta Kasmír-héraðs, pantaði sér ferð með rútunni sem fer til pakistanska hluta héraðsins. Nýlegt samkomulag Indverja og Pakistana um málefni Kasmír markar tímamót og virðist þíða vera að komast í samskipti ríkjanna.

Hollvinir Ríkisútvarpsins:

# Pólitískur stimpill er hræðilegur

**RÍKISÚTVARPIÐ** „Það er hræðilegt að það komi pólitískur stimpill á fréttamenn og fréttastofu Útvarps með því að þar skuli settir inn menn eftir pólitík,“ sagði Þór Magnússon, fyrrverandi þjóðminjavörður og stjórnarmaður í Samtökum hollvina RÚV, sem sagði að sér sýndist ekki hafa verið staðið faglega að ráðningu fréttastjóra.




Samtökin hafa sent frá sér yfirlýsingu þar sem þau „harma þá pólitísku aðför að lögbundnu hlutleysi Ríkisútvarpsins og þar með að lýðræðinu, sem ráðning Auðuns Georgs Ólafssonar í stöðu fréttastjóra útvarpsins felur í sér.“ Enn einu sinni hafi stjórnvöld orðið ber að því að láta flokkspólitíska hagsmuni ráða og líta framhjá faglegum sjónarmiðum þegar ráðið er í mikilvæg opinber störf.

Enn fremur segir að það sé ólíðandi að sá umsækjenda sem hafi minnsta reynslu og þekkingu á því starfi sem ráðið var til sé tekinn fram yfir fréttamenn með áratuga reynslu hjá fréttastofu þessa almannaútvarps. Samtökin hvetja Markús Örn Antonsson útvarpsstjóra til að endurskoða ákvörðun sína og meta að verðleikum þá fimm umsækjendur sem Bogi Ágústsson, forstöðumaður fréttasviðs RÚV, telur hæfasta til starfans.

- jss



**ÞÓR MAGNÚSSON**
Sýnist að ekki hafi verið staðið faglega að ráðningu fréttastjóra Útvarps.



**KRISTJANÍA**
Framtíð fríríkisins er óræð.

Kristjanía:

# Rætt um framtíð

**DANMÖRK** Fjármálaráðherra Danmerkur, Thor Pedersen, hefur samþykkt að hitta samningahóp fríríkis Kristjaníu, samkvæmt danska blaðinu Politiken. Töluverð óvissa er um framtíð Kristjaníu og hefur hópurinn krafist fjárstyrkja af hendi stjórnvalda.

Ekki er talið að komist verði að neinni niðurstöðu á fundi ráðherra með samningahópnum þar sem Pedersen mun aðeins ætla að fá sjónarhorn Kristjaníubúa á málið.

Búist er við að skipulagsyfirvöld skili tillögum um framtíð Kristjaníu síðar í mánuðinum. ■

Erlend kolmunnaskip:

# Landa fyrir austan

**KOLMUNNAVEIÐAR** Mörg erlend veiðiskip hafa að undanförnu landað kolmunna í austfirskum höfnum þar sem aflinn hefur verið tekinn til bræðslu.

Mjög góð kolmunnaveiði hefur verið vestur af Írlandi og er veiðisvæðið hægt og bítandi að færast norður á bóginn. Um 700 sjómílna sigling er af miðunum og til hafna á Austurlandi.

- kk

# Útvarpsstjóri brást

## Útvarpsráð fjallaði ekkert um þá umsækjendur sem sérstaklega var mælt með. Útvarpsstjóri brást hlutverki sínu, segir fulltrúi minnihlutans í útvarpsráði.

**RÍKISÚTVARPIÐ** Engar umræður fóru fram á útvarpsráðsfundi um þá fimm umsækjendur um stöðu fréttastjóra Útvarpsins sem sérstaklega hafði verið mælt með. Formaður útvarpsráðs, Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, las upp yfirlýsingu í upphafi fundar þess efnis að meirihluti ráðsins, fulltrúar Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks, myndu mæla með Auðuni Georg Ólafssyni til starfsins. Útvarpsstjóri bar ekki fram ósk um faglega umfjöllun ráðsins á hæfni umsækjenda og brást þar með hlutverki sínu.

Þetta segir Kjartan Eggertsson, fulltrúi Frjálslynda flokksins í útvarpsráði.

„Fulltrúar meirihlutans voru búnir að ákveða þetta fyrir fundinn og yfirlýsingin var lesin upp strax í upphafi þess dagskrárliðar þar sem tekin var fyrir ráðning fréttastjóra,“ sagði hann. „Ég átti von á að tekin yrði umræða um þetta góða fólk sem hafði verið mælt með til starfans, en sú umræða fór aldrei fram. Meðmæli meirihlutans bar að með þessum hætti sem ég hef lýst, og minnihlutinn var alveg óvarinn fyrir þessum vinnubrögðum og óundirbúinn, enda erfitt að ætla sér að gera eitthvað þegar séð er að meirihlutinn ætlar bæði að hunsa álit og meðmæli stjórnenda útvarpsins og ekki einu sinni rökræða neitt við aðra útvarpsráðsmenn um hæfni þeirra sem voru þarna efstir á blaði.“

Kjartan sagði að Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri hefði gefið það í skyn, þegar hann hefði verið búinn að ráða Auðun Georg, að hann hefði verið tilneyddur til þess vegna þess að það hefðu verið einu tilmælin sem komið hefðu fram.

„Hann er að reyna að skjóta sér undan ábyrgð. Hann gerði enga tilraun til þess á fundinum að hann óskaði eftir að við ræddum um þá sem höfðu bestu meðmælin. Þarna brugðust bæði útvarpsstjóri og útvarpsráð. Þetta gæti aldrei viðgengist í venjulegu fyrirtæki sem væri á samkeppnismarkaði. Þar myndu menn gera upp málin en í útvarpinu virðist vera hægt að gera hvað sem er í pólitísku skjóli.“

jss@frettabladid.is



**KJARTAN EGGERTSSON**
Minnihlutinn var alveg óvarinn fyrir þessum vinnubrögðum og óundirbúinn.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**BREYTINGA ÞÖRF**
Menntamálaráðherra segir uppþotin á fréttastofu Ríkisútvarpsins út af ráðningu Auðuns Georgs Ólafssonar sýna að ekki sé seinna vænna að ráðast í endurskoðun á hlutverki stofnunarinnar.

Menntamálaráðherra óhress:

# Vanþóknun á fréttamönnum

**RÍKISÚTVARPIÐ** „Ég lít það afar alvarlegum augum að starfsmenn Ríkisútvarpsins skuli haga sér með þessum hætti,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra vegna aðgerða fréttamanna Ríkisútvarpsins í gær. Hún segir það ekki hæfa þeim að nota útvarpið sem áróðurstæki og aðgerðir þeirra séu allt of róttækar.

Þorgerður segist skilja að nokkru leyti gremju fréttamanna á Ríkisútvarpinu en það afsaki ekki þá hegðun þeirra að fella niður fréttatíma. „Persónulegar skoðanir starfsmanna mega ekki bitna á dyggum hlustendum stöðvarinnar víða um land. Útvarpið hefur öryggishlutverki að sinna og með þessum aðgerðum hafa þeir dregið úr trúverðugleika Ríkisútvarpsins. Það verður að hafa í huga að þó að Bogi Ágústsson hafi mælt sérstaklega með fimm samstarfsmönnum sínum þá taldi hann einnig alla tíu umsækjendur hæfa og mín skoðun er sú að það hafi verið afar erfitt fyrir útvarpsstjóra að taka ekki mark á tillögu útvarpsráðs.“

Menntamálaráðherra segir að þetta sýni enn og aftur að brýn þörf sé á að endurskoða hlutverk stofnunarinnar. „Það er það sem ég hef verið að beita mér fyrir undanfarið en í þessu er ljóst að meirihluti útvarpsráðs sinnti skyldum sínum en minnihlutinn ekki. Lagaramminn er þó skýr og honum ber að fara eftir.“

-aöe

Frumsýnd um helgina

HYUNDAI
hefur gæðin

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is



**SLEGIÐ Á HUNGRIÐ**
Þessi norður-kóreska stúlka borðaði með bestu lyst hrísgrjónaréttinn sem Matvælahjálp Sameinuðu þjóðanna gaf henni. Vannæring er enn mikið vandamál í Norður-Kóreu þótt nokkuð hafi áunnist á síðustu árum.

Snjóframleiðsla á Akureyri næsta haust:

# 80 milljóna snjókoma

**FERÐAMENNSKA** Bæjarráð Akureyrar ákvað í gær að leggja til við bæjarstjórn að snjóframleiðsla hefjist í Hlíðarfjalli næsta haust.

Kostnaður við kerfi til snjóframleiðslu er áætlaður 80 milljónir króna og mun Vetraríþróttamiðstöð Íslands fjármagna kaupin. Rekstrarkostnaður fer eftir notkun en KEA, Höldur og veitingahúsið Greifinn ætla að taka þátt í rekstrarkostnaðinum næstu fimm árin. Ferðaþjónustan á Akureyri hefur haft þungar áhyggjur af snjóleysi í Hlíðarfjalli undanfarin ár en með snjóframleiðslukerfi á að vera tryggt að hægt sé að hafa skíðasvæðið opið allan veturinn. - kk



HLÍÐARFJALL

Meðlagsgreiðendur:

# Þriðjungur í vanskilum

**MEÐLAG** Einn af hverjum þremur meðlagsgreiðendum á Íslandi er í vanskilum, eða um fjögur þúsund af tólf þúsund meðlagsgreiðendum, samkvæmt upplýsingum frá Félagi ábyrgra feðra.

Vill félagið að stjórnvöld kanni ástæður vanskilanna og geri tillögur að úrbótum fyrir þessa einstaklinga, sem félagið telur falla undir félagslegt vandamál.

Lágmarksmeðlag er hærra á Íslandi en í nágrannalöndunum og telur Félag ábyrgra feðra það eina ástæðu vandamálsins. Þá vill félagið að allir foreldrar njóti sömu skattakjara en í dag séu forsjárlausir feður skilgreindir sem barnlausir karlmenn. -sg








Skartgripaskrín

**3.600 kr.**



Krossar

**2.900–7.600 kr.**



High Peak Sherpa 55+10, frábær göngupoki

**8.990 kr.**



Vanilluilmandi gjafaaskja

**4.310 kr.**



Silva 8x20 vasasjónauki

**3.990 kr.**



Kransakökuform

**2.999 kr.**



Vagabond, ýmsir litir

**4.995 kr.**



Bindisnæla/ermahnappar

**7.800/8.600 kr.**



Hálsmen/hringur með zirkon

**4.900/5.300 kr.**



Herrasnyrtitaska fyrir fermingardrenginn

**3.285 kr.**



Rúmföt

**1.490 kr.**



PT stóll „COOL"

**9.999 kr.**

# ...með allt fyrir



Sparibaukur

**1.850 kr.**



Babyliss keramik hárblásari 1800w

**4.487 kr.**



Herrahringir með steini/steinlaus

**11.900/5.900 kr.**



Kira 3 kúlutjald með stóru fortjaldi

**8.990 kr.**

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS KRI 27500 03/2005



# ferminguna

**Opið til 19.00 í kvöld**

**Tískudagar!**

Verslanir fullar af glæsilegum, nýjum vor- og sumarvörum!

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Verslanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| Ævintýraland | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

**Veitingastaðir** og **Kringlubíó** eru með opið lengur á kvöldin.

24 stundir

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ELÍN ÓSK ÓSKARSDÓTTIR SÖNGKONA

# *Alltaf tími fyrir tónlistina*



„Það er allt mögulegt að frétta. Ég er að syngja í Toscu þessa dagana sem gengur vel og er alltaf uppselt á," segir Elín Ósk Óskarsdóttir óperusöngkona.

„Ég er líka nýbúin að fá listamannalaun til næstu þriggja ára sem er stórkostlegur heiður fyrir mig og gerir mér kleift að einbeita mér af fullum krafti að tónlistinni." Elín segist þó hafa verið svo farsæl að hafa haft nóg að gera undanfarin ár.

„Svo eru hljóðupptökur framundan, plötuútgáfa og tónleikar. Ég stjórna einnig óperukór Hafnarfjarðar sem heldur tónleika bráðum," segir Elín og hlær þegar blaðamaður spyr hvort hún hafi tíma í þetta allt saman. „Það er ekki annað í boði en að hafa tíma í tónlistinni."

Sýningum á Tosca lýkur um næstu helgi. Elín segir að þetta sé eitt fallegasta sem og kröfuharðasta hlutverk sem hún hafi sungið. „Ég söng líka lafði Makbeð fyrir tveimur árum sem tók mikið á og Aidu fyrir ekki svo löngu. Ég held að þetta séu hlutverkin sem standa upp úr í minningunni," segir Elín sem hefur ákveðið að fara til Þýskalands og Ítalíu í sumarfrí og finnst ekki ólíklegt að hún líti á einhverja tónleika þar.

## EKKI ER SAMA




**GEEST OG GEEST** Samskip keyptu nýlega hollenska skipafélagið Geest. Bakkavör er að kaupa breska matvælafyrirtækið Geest.



**PRINSINN OG AFREKSMAÐURINN** Karl Bretaprins og Sir Edmund Hillary stinga saman nefjum í móttöku á Nýja-Sjálandi. Hillary kleif Everest-fjall fyrstur manna og var aðlaður fyrir afrekið.

# Margrét Sverrisdóttir ber af

**Matthías Bjarnason, fyrrverandi þingmaður og ráðherra Sjálfstæðisflokksins, sat flokksþing Frjálslyndra um síðustu helgi. Honum líst vel á flokksforystuna og telur að flokkurinn geti komist í oddaaðstöðu eftir næstu kosningar.**

Matthías Bjarnason, fyrrverandi ráðherra, var í hópi fundarmanna á flokksþingi Frjálslynda flokksins á Kaffi Reykjavík um síðustu helgi. Matthías hefur verið í flokknum svo að segja frá stofnun hans og skipaði meðal annars heiðurssætið í Norðvestur-kjördæmi í síðustu kosningum.



**MATTHÍAS BJARNASON** „Svona er það þegar menn lifa jafn andskoti lengi og ég."

„Þetta var ágætur fundur. Flokkurinn er vaxandi og ég er bjartsýnn á framtíðina. Ég tel að hann eigi fullt erindi og það gæti vel farið svo að hann kæmist í oddaaðstöðu eftir næstu kosningar," segir Matthías. Hann sat á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn í 32 ár og var ráðherra í átta ár. Hann fylgdi svo félaga sínum, Sverri Hermannssyni, þegar hann stofnaði Frjálslynda flokkinn í aðdraganda kosninganna 1999.

Matthíasi líst vel á forystu flokksins en hún var endurkjörin eftir snörp átök um varaformannsembættið. „Það er margt gott fólk þarna en Margrét Sverrisdóttir ber samt af," segir hann.



**AF FLOKKSÞINGINU** Matthías er annar frá hægri, við hlið Ólafs borgarfulltrúa.

Á flokksþinginu upplýsti Guðjón Arnar Kristjánsson formaður að Matthías og Sverrir Hermannsson væru honum til ráðgjafar í störfum stjórnarskrárnefndar sem hann situr í fyrir hönd flokksins. Matthías segir það rétt að því marki að hann hafi upplýst Guðjón Arnar um störf stjórnarskrárnefndarinnar sem hann sjálfur sat í um og upp úr 1980. „Þá var lítið gert með störf nefndarinnar. Við unnum ágætis vinnu en þeir sem réðu, forvígismenn stjórnarflokkanna, gerðu ekkert með tillögur okkar."

57 ár eru liðin síðan Matthías sat fyrst ámóta fund hjá stjórnmálaflokki, það var landsfundur Sjálfstæðisflokksins 1948 en þá var Ólafur Thors formaður. „Það er langt síðan. Svona er það þegar menn lifa jafn andskoti lengi og ég," segir Matthías og glottir en hann er á áttugasta og fjórða ári. Og að sögn við ágæta heilsu með bæði sjón og heyrn í góðu lagi.

**- bþs**

Fellihýsi, tjaldvagnar og húsbílar

SJÁÐU ÞAÐ NÝJASTA!




OPIÐ:
laugardag kl.12-16
sunnudag kl. 13-17

Tjaldvagnaland
SEGLAGERÐIN ÆGIR
*Verslaðu við traustan aðila!*

EYJARSLÓÐ 7 • SÍMI 511 2203 • www.seglagerdin.is

ITC I. ráð

**Fundur og rökræðukeppni**

Kaffi Reykjavík 12. mars 2005

*Stef: Ekkert er fegurra en vorkvöld í Reykjavík*

**12:00** Skráning: Verð er 5900.- simnet.is/itc og 698 0144
**13:00** Fundarsetning: Guðrún B. Tryggvad. forseti I. ráðs
**13:20** Hvatning: Sigríður Pálsdóttir, Jóru
**13:25** Mælsku og Rökræðu keppni ITC
**14:30** Að heilsast og kveðjast á íslensku Helga Skúlad.
**15:00** Kaffihlé
**15:30** Félagsmál
Ávarp Arnþrúður Halldórsd. fors. Lands. ITC
Kosning stjórnar
**16:45** Óvissuferð
**18:30** Hátíðarkvöldverður
Úrslit úr M og R og verðlaunaafhending
Innsetning stjórnar: Guðlaug E. Jóndóttir, Fífu
Skemmtiatriði
Lokaorð: Guðrún B. Tryggvad. forseti I. ráðs

**Vegna óvissuferðar þarf götuskó og yfirhöfn eftir veðri!**

Mýs á nýjum frímerkjum Íslandspósts:

# Músum loks sýndur sómi

Systurnar hagamús og húsamús prýða ný frímerki Íslandspósts sem komu út í gær. Er þessu fagnað í herbúðum Músavinafélagsins en menn þar á bæ telja að loksins sé músinni sýnd sú virðing sem hún á skilið.






„Það var sannarlega tími til kominn að fyrsta landnema Íslands væri sýndur sá sómi að setja hann á frímerki," segir Magnús Skarphéðinsson, forseti Músavinafélagsins. „Eins og alþjóð veit þá var hagamúsin líklega fyrsti landnámsgesturinn á Íslandi með refnum og ég tel mjög viðeigandi að þess sé minnst núna," segir hann.

Mun fleiri hagamýs en húsamýs búa á Íslandi og flestar þeirra músa sem finnast í híbýlum manna eru hagamýs. Svipur er með hagamúsum og húsamúsum og stærð þeirra og lögun ámóta. Hagamúsin er þó brún með ljósan kvið en húsamúsin gráleit.

Jón Baldur Hlíðberg teiknaði mýsnar en Anna Þóra Árnadóttir hannaði frímerkin að öðru leyti.

**- bþs**

Office1Superstore

# Fermingagjafir

## FARTÖLVA
HP Compaq NX9030 P-M 725
PG722EA

- 60 GB — 60 GB harður diskur
- 512 MB — 512 MB vinnsluminni
- DVD — DVD-RW skrifari
- Þráðlaust netkort 54MB
- Stýrikerfi: Microsoft Windows XP Professional
- Centrino tæknin tryggir aukin afköst og betri nýtingu rafhlöðu
- Örgjörvi: Intel® Pentium® M 725 1,6 GHz
- 3D — Intel Extreme Graphics 2 Þrívíddarskjákort fyrir leikina. Allt að 64 MB
- SVHS sjónvarpstengi, 2 x USB 2.0, 2 x PCMCIA, hljóðtengi inn og út, VGA-tengi fyrir auka tölvuskjá
- Lithum-ion rafhlaða. Allt að 4 klst. ending
- 10/100 Netkort og 56KB mótald
- Skjár: 15` XGA, upplausn 1024 x 768



2ja ára neytenda-ábyrgð!

**Vaxtalaust**
**8.300,-**
á mánuði í 18 mánuði*
149.400 staðgreitt



2ja ára neytenda-ábyrgð!

**Vaxtalaust**
**7.200,-**
á mánuði í 18 mánuði*
129.600 staðgreitt

## FARTÖLVA
HP Compaq NX9020 CM360 DVD
PG720EA

VISA MasterCard
* Miðað við 18 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

- 60 GB — 60 GB harður diskur
- 256 MB — 256 MB vinnsluminni
- DVD — Drif: DVD+/-RW -(dvd skrifari)
- Þráðlaust netkort 54MB
- Stýrikerfi: Microsoft Windows XP Professional
- Nýjasta Celeron línan með áttfalt stærra skyndiminni en áður og aukin afköst
- Örgjörvi: Intel® Celeron® M 360 1,4 GHz og 1MB cache minni
- 3D — Intel Extreme Graphics 2 Þrívíddarskjákort fyrir leikina. Allt að 64 MB
- 2 x USB 2.0, 2 x PCMCIA, hljóðtengi inn og út, VGA-tengi fyrir auka tölvuskjá
- Lithium-ion rafhlaða. Allt að 3,5 klst. ending
- 10/100 Netkort og 56KB mótald
- Skjár: 15` XGA, upplausn 1024 x 768

**OPIÐ**
alla sunnudaga
Office 1 Smáralind sunnudaga 12-18
Office 1 Skeifunni 17 sunnudaga 13-17

Tilboðin gilda í mars 2005 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.



## Veldu þér aukapakka hann fylgir frítt með!



FYLGIR FRITT MEÐ

**pakki A**
- Digital myndavél • Vönduð fartölvutaska
- Tölvuorðabók • Windows XP • Vírusvörn

Verðmæti **29.390**

Áskrift í 2 mánuði



FYLGIR FRITT MEÐ

**pakki B**
- Ljósmyndaprentari • Vönduð fartölvutaska
- Tölvuorðabók • Windows XP • Vírusvörn

Verðmæti **22.480**

Áskrift í 2 mánuði

### Afgreiðslutímar verslana!
Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 12-18
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17
Office 1 Akureyri
Office 1 Egilsstöðum
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16

**Office1Superstore**

Það er bara einn sem er alltaf ódýrastur!

360 gráður

**FBL GREINING:** ERFÐABREYTTAR LÍFVERUR

# Framför eða inngrip í náttúruna

Deilt hefur verið lengi erlendis um ágæti erfðabreyttra matvæla og lífvera. Nú hefur verið ráðist í ræktun erfðabreytts byggs hér á landi þó í litlum mæli sé.

Erfðabreyttar lífverur eru allar þær lífverur þar sem erfðaefni þeirra hefur verið breytt á annan hátt en gerist í náttúrunni við eðlilega pörun eða víxlun. Lífvera er líffræðileg eining þar sem farið getur fram líffræðileg eftirmyndun eða yfirfærsla erfðaefnis. Öll þau matvæli sem samsett eru og framleidd úr erfðabreyttum lífverum eru erfðabreytt matvæli en ólíkt flestum nágrannaþjóðum eru engar sérstakar reglur til um slík matvæli umfram það sem gildir um venjuleg matvæli.

Evrópubúar hafa verið ívið seinni á sér að þróa og markaðssetja erfðabreyttar afurðir en Bandaríkjamenn og má finna margvíslegar erfðabreyttar fæðutegundir í hillum matvörumarkaða vestanhafs. Algengt er að mestöll framleiðsla þeirra á maís, sojabaunum, tómötum, kartöflum og hrísgrjónum sé úr erfðabreyttum plöntum. Í Evrópu er fyrst og fremst um maís og sojabaunir að ræða sem ræktaðar eru með því móti en reglur Evrópusambandsins kveða á um að slík vara skuli merkt sérstaklega í búðum.



Andstæðingar erfðabreyttra matvæla benda á hættuna á því að víxlverkun tegunda eigi sér stað úti í náttúrunni og telja alls ekki fullsannað að slíkt geti ekki átt sér stað. Ennfremur hefur verið bent á dæmi um fólk sem orðið hefur illt eða meint af neyslu erfðabreyttrar matvöru.

Fylgjendur á hinn bóginn segja að mikið hagræði skapist með áframhaldandi þróun og rannsóknum. Þær plöntur sem ræktaðar eru með þessum hætti eru harðgerari gagnvart sjúkdómum og skordýrum. Þær geta þrifist við aðrar aðstæður en þeim er eiginlegt og öll ræktun verði mun markvissari en nú er.

## SPURT & SVARAÐ

ÓÁBYRG ÁKVÖRÐUN NORÐMANNA

### *Nauðsyn að bregðast við*

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útgerðarmanna, segir nauðsynlegt að bregðast við einhliða ákvörðun Norðmanna um að auka kvóta sinn í norsk-íslenska síldarstofninum um 71 þúsund tonn. Íslensk stjórnvöld verði að auka sinn hlutfallslega jafn mikið eða um 20 þúsund tonn.



FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON

**Af hverju er nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld auki kvótann í norsk-íslenska síldarstofninum í takt við ákvörðun Norðmanna?**

Það er til þess að viðhalda okkar hlutdeild í stofninum. Ef ekki er gripið til þess að auka kvótann rýrnar okkar hlutur.

**Er siðferðislega rétt að bregðast við því sem þú kallar á vef LÍÚ „óábyrgri ákvörðun" þeirra með þeim hætti?**

Það er alveg ljóst að það væri neyðarúrræði að auka kvótann en við getum ekki einir setið og horft á. Því miður verðum við að taka þátt í þessu þó það sé ekki gert með gleði.

**Hverju yrðum við af fjárhagslega ef ekki verður brugðist við?**

Miðað við að síldin færi í fryst flök yrðum við af um 600 milljónum á ári.

# Fréttir féllu niður vegna funda

**Andrúmsloftið á Ríkisútvarpinu var spennu hlaðið í gær vegna almennrar andstöðu starfsmanna við ráðningu nýs fréttastjóra á útvarpið. Fréttamenn samþykktu vantraust á útvarpsstjóra. „Sorglegt að til þess þyrfti að koma," segir formaður félags þeirra.**



**STARFSMENN RÍKISÚTVARPSINS FUNDUÐU** Starfsmenn Ríkisútvarpsins samþykktu á fjölmennum fundi áskorun til útvarpsstjóra um að endurskoða ákvörðun um ráðningu nýs fréttastjóra útvarps. Við gluggann standa frá vinstri: Ævar Örn Jósepsson, Arnar Páll Hauksson og Óðinn Jónsson.

Starfsemi fréttastofu Ríkisútvarpsins fór fram í spennu og óvissu í gær vegna andstöðu starfsfólks RÚV við ráðningu nýs fréttastjóra útvarps, Auðuns Georgs Ólafssonar. Í viðtölum blaðsins við starfsmenn RÚV kom fram að þeir ólu þá von í brjósti að Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri myndi draga ákvörðun sína um ráðninguna til baka. Menn töldu það þó alls óvíst. Úr því að útvarpsstjóri hefði ekki hreyft andmælum strax á fundi útvarpsráðs, gæti hann trauðla tekið af skarið nú.

Þá ræddu menn þann möguleika að Auðun Georg myndi draga sig til baka. Viðmælendur blaðsins töldu það vera farsælustu lausnina í stöðunni.

Atburðir gærdagsins áttu að hefjast með því að Bogi Ágústsson, forstöðumaður fréttasviðs Ríkisútvarpsins, myndi kynna nýjan fréttastjóra á fundi með fréttamönnum klukkan 9.30. Ljóst varð þó að af þeirri kynningu myndi ekki verða þegar Félag fréttamanna á RÚV boðaði til fundar á sama tíma um málið. Kynningarfundinum var því frestað en jafnframt tilkynnt að hann yrði haldinn í dag. Fréttamennirnir sátu síðan á fundi fram eftir morgni og klukkan tíu var tilkynnt að útvarpsfréttir myndu falla niður af þeirri ástæðu.

Að fundinum loknum sendu fréttamennirnir frá sér eftirfarandi ályktun:

„Almennur félagsfundur í Félagi fréttamanna haldinn 10. mars lýsir vantrausti á Markús Örn Antonsson útvarpsstjóra fyrir að ákveða að ráða Auðun Georg Ólafsson fréttastjóra útvarpsins. Ráðning hans er augljóslega á pólitískum forsendum einvörðungu og með henni er vegið að sjálfstæði og óhlutdrægni fréttastofunnar. Útvarpsstjóri hafði tækifæri til að standa vörð um hagsmuni Ríkisútvarpsins og almennings en kaus að gera það ekki. Því nýtur hann ekki lengur trausts fréttamanna."

### Skorað á útvarpsstjóra

Enn var kallað til fundar út af fréttastjóramálinu í hádeginu í gær, þegar haldinn var almennur starfsmannafundur RÚV. Af þeim sökum varð hádegisfréttatíminn ekki nema um 10 mínútna langur. Í lok hans tilkynnti þulur að vegna fundarhalda og truflana á störfum fréttamanna yrði hann ekki lengri að þessu sinni. Klukkan 12.30 hófst svo starfsmannafundurinn. Þar kynntu fréttamennirnir það sem fram hefði farið á þeirra fundi fyrr um morguninn. Mikil samstaða reyndist vera meðal starfsmannanna og samþykktu þeir með 93 prósentum atkvæða að skora á Markús Örn Antonsson útvarpsstjóra að endurskoða ákvörðun sína um nýlega ráðningu í starf fréttastjóra útvarpsins. Síðan sagði:

„Grundvallarverðmæti Fréttastofu útvarps felast í trausti almennings sem byggir á óhlutdrægum fréttaflutningi því þarf ráðning fréttastjóra að vera hafin yfir allan vafa um pólitíska íhlutun. Starfsmenn Ríkisútvarpsins lýsa yfir fullum stuðningi við yfirlýsingu Félags fréttamanna um að með nýlegri ráðningu sé vegið að sjálfstæði og óhlutdrægni fréttastofunnar. Með ákvörðun sinni virðast hvorki útvarpsráð né útvarpsstjóri hafa haft hagsmuni stofnunarinnar né almennings að leiðarljósi."



**FRÉTTATÍMAR RIÐLUÐUST** Það kom í hlut Vilhelms G. Kristinssonar að lesa hádegisfréttir í styttum fréttatíma.

### Sorglegt

Jón Gunnar Grjetarsson, formaður Félags fréttamanna, sagði eftir þessi fundahöld að sorglegt væri að til þeirrar samþykktar fréttamanna að lýsa yfir vantrausti á útvarpsstjóra hefði þurft að koma.

„Honum var í lófa lagið að fara að mati forstöðumanns fréttasviðs og láta hið faglega sjónarmið ráða för," sagði hann. „Það var skorað á hann að gera það. En hann kýs að fara að vilja pólitísks kjörin útvarpsráðs og við erum afskaplega ósátt við það."

Jón Gunnar undirstrikaði að fréttamenn RÚV hefðu lagt áherslu á að bregðast ekki sínu starfi og sinna öryggishlutverki og almannaheill, þótt þessar truflanir hefðu komið til.



**KYNNINGARFUNDI FRESTAÐ** Bogi Ágústsson, forstöðumaður fréttasviðs RÚV, varð að fresta kynningarfundi með nýjum fréttastjóra, en lenti þess í stað í sjónvarpsviðtali.

jss@frettabladid.is




Njótum helgarinnar
Frábært verð á Chiquita ávöxtum!
CHIQUITA
Vínber rauð
CHIQUITA
Vínber græn
CHIQUITA
Bananar
Fjörið og orkan!
CHIQUITA
Nektarínur
CHIQUITA
Plómur
Chiquita alla daga...
EKKERT BRUDL
CHIQUITA
Gular melónur
CHIQUITA
Vatnsmelónur
Allt að 40% lægra verð
BÓNUS




# Nýtt nafn
# á traustu félagi
## í fjölbreyttum rekstri

FL GROUP er nýtt nafn eignarhaldsfélagsins Flugleiða hf. Nýja nafnið undirstrikar þá þróun sem orðið hefur í starfsemi félagsins á síðustu áratugum, úr því að vera flugfélag með margskonar hliðarstarfsemi yfir í að vera fjárfestingafélag sem á fjölmörg dótturfyrirtæki – þar á meðal flugfélög.

Með nýja nafninu er fjölbreytni í rekstri samstæðunnar undirstrikuð og um leið sjálfstæði Icelandair og annarra dótturfélaga frá umsvifum fjárfestingafélagsins. Nýja nafnið skírskotar til hins sögulega bakgrunns starfseminnar og vísar um leið til framtíðar fjárfestingafélags sem er staðráðið í að efla ferða- og flutningsþjónustu samstæðunnar og leita samtímis nýrra tækifæra til vaxtar.




**Icelandair** annast alþjóðlegt millilandaflug til 22 áfangastaða og þjónar í leiðakerfi sínu þremur mörkuðum: Ferðum Íslendinga til útlanda, ferðamannamarkaðinum til Íslands og Norður-Atlantshafsmarkaðinum.

**Icelandair Cargo** er umsvifamesta fyrirtækið í flugflutningum til og frá Íslandi og flýgur einnig með vörur milli Evrópu og Bandaríkjanna.

**Loftleiðir Icelandic** starfar á alþjóðlegum leiguflugsmarkaði og býður ferðaskrifstofum og flugfélögum upp á leiguþjónustu á bæði B757 og B767 flugvélum og áhöfnum.

**Icelandair Technical Services (ITS)** rekur viðhaldsstöð á Keflavíkurflugvelli og veitir tækni- og verkfræðiþjónustu fyrir flugfélög.

**Icelandair Ground Services (IGS)** annast víðtæka flugvallarþjónustu við flugfélög og farþega á Keflavíkurflugvelli og starfrækir flugafgreiðslu, flugeldhús, veitingaþjónustu í flugstöðinni og fraktmiðstöð.

**Flugfélag Íslands** annast áætlunarflug innanlands, einkum til og frá Reykjavík, Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði – og til Færeyja og Grænlands.

**Icelandair Hotels** rekur keðju heilsárshótela undir vörumerkinu Icelandair Hotels og keðju sumarhótela undir merkjum Hótels Eddu. Á sumrin þegar öll hótelin eru í rekstri eru þau 23 talsins, víðsvegar um landið.

**Ferðaskrifstofa Íslands** er leiðandi ferðaþjónustu-fyrirtæki sem skipuleggur og selur ferðir til útlanda einkum undir vörumerkjunum Úrval-Útsýn og Plúsferðir.

**Íslandsferðir** er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu og sölu pakkaferða og móttöku á erlendum ferðamönnum.

**Kynnisferðir** er ferðaþjónustufyrirtæki sem býður upp á hóp- og áætlunarferðir af ýmsu tagi um allt land.

**Hertz bílaleigan** býður upp á ökutæki af öllum stærðum og gerðum. Afgreiðslustaðir eru á Keflavíkurflugvelli, í Reykjavík og víðsvegar um landið.

**Fjárvakur** er alhliða fjármálaþjónustufyrirtæki sem annast bókhald, uppgjör og launavinnslu fyrir fyrirtækin innan FL GROUP.

**FL fjárfestingafélag** annast fjárfestingar fyrir FL GROUP.

Hjá FL GROUP starfa um 2200 manns í þrettán dótturfyrirtækjum.

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Hugmyndir um Norðurveg sem tengja myndi byggðir frá Húnaflóa austur til Húsavíkur.

## Bættar samgöngur á Norðurlandi

Umræður um bættar samgöngur milli Akureyrar og Reykjavíkur hafa verið ofarlega á baugi á undanförnum vikum í tengslum við Norðurveg þann sem Halldór Blöndal alþingismaður hefur lagt fram hugmyndir um. Reyndar hefur flokksbróðir hans, sjálfur samgönguráðherrann, lýst sig andvígan hugmyndinni af margvíslegum ástæðum og nú hefur fulltrúi Vegagerðarinnar sagt skoðun sína á málinu. Þar eru taldar upp helstu röksemdir fyrir lagningu Norðurvegar og einnig farið nokkrum orðum um núverandi hringveg og nauðsynlegar umbætur á honum. Niðurstaða Rögnvaldar Jónssonar, framkvæmdastjóra hjá Vegagerðinni, er sú að enn sé langt í það að vegakerfi okkar verði sambærilegt við það sem er í nágrannalöndunum, og að það muni ekki auðvelda það verkefni að bæta vegina að fjölga leiðunum á landinu. Þarna er Vegagerðin sem sé að lýsa andstöðu sinni við Norðurveg Halldórs Blöndal. Sá vegur myndi að vísu stytta leiðina á milli Akureyrar og Reykjavíkur, en hann myndi fyrst og fremst koma þeim til góða sem eiga leið þar á milli og þeim sem væru á leið milli Skagafjarðar og höfuðborgarsvæðisins.

> **Nýi vegurinn um Þverárfjall hefur þegar sannað sig þótt ekki sé enn búið að ganga frá honum austan megin. Á síðasta ári fóru 70 þúsund bílar um veginn, nærri 200 á dag að meðaltali.**

Þéttbýli og dreifbýli í Húnaþingi myndi hins vegar bera skarðan hlut frá borði við þessar vegaframkvæmdir, eins og Húnvetningar hafa vakið athygli á. Tekið skal undir með Vegagerðinni að það virðist margt þarfara varðandi úrbætur í vegamálum en að leggja Norðurveg hátt yfir sjávarmáli fyrir milljarða króna.

Hins vegar mega menn sem vilja bættar vegasamgöngur milli Norður- og Suðurlands og milli þéttbýlisstaða á Norðurlandi ekki láta slá sig út af laginu því vissulega er þörf á betri vegum, að stytta leiðir og gera veggöng í stað þess að fara yfir fjallgarða eins og um Öxnadalsheiði. Í þessu skyni hafa þrjú sveitarfélög á Norðurlandi; Skagafjörður, Skagaströnd og Blönduósbær, lagt fram tillögur um rannsóknir eða úttekt á bættum samgöngum vestan frá Húnaflóa til Akureyrar og austur um til Húsavíkur. Hafa þau sótt um rannsóknastyrk til verkefnisins og nefna veginn Norðurbraut. Hugmyndin er þá að hinn nýi vegur um Þverárfjall yrði vestasti hluti Norðurbrautar, sem síðan lægi um Sauðárkrók og yfir Hegranes austur í Hjaltadal og í göngum yfir í Barkárdal, síðan um Hörgárdal til Akureyrar. Þetta myndi stytta leiðina frá Sauðárkróki til Akureyrar um 30 kílómetra og jafnframt myndu menn sleppa við að fara um Öxnadalsheiði. Nýi vegurinn um Þverárfjall hefur þegar sannað sig þótt ekki sé enn búið að ganga frá honum Sauðárkróksmegin. Á síðasta ári fóru 70 þúsund bílar um veginn, nærri 200 á dag að meðaltali. Bættar samgöngur auka samskipti milli manna og eru oft á tíðum forsenda fyrir margs konar starfsemi, ekki aðeins á sviði verslunar og viðskipta heldur ekki síður varðandi menningu og listir. ■






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Endurkomukenningar

Kenningasmiðir í pólitík voru fljótir að bregðast við þegar Þorsteinn Pálsson var settur í stjórnarskrárnefndina. Kenningin var sú að með þessu væri verið að undirbúa endukomu hans í stjórnmálin hér heima. Samsæriskenningin gekk út á það að finna þyrfti millileik í forystu Sjálfstæðisflokksins til þess að framtíðarleiðtogaefni gætu öðlast þá reynslu sem þarf til þess að taka við forystunni í flokknum. Horfa menn þar einkum til Bjarna Benediktssonar og Þorgerðar Katrínar. Þorsteinn myndi þá verða formaður flokksins í skamman tíma og loka þannig pólitískum ferli sínum með glæsibrag og undirbúa komu nýs leiðtoga. Davíð Oddsson gæti hætt án þess að hafa áhyggjur af því að andstöðuöfl hans í flokknum tækju við af honum. Hin flugan sem færi í sama högginu væri auðvitað sú að þar með yrðu einnig sögulegar sættir eftir harðan slag þegar Davíð fór gegn Þorsteini sem var sitjandi formaður. Þorsteinn hefur nú ákveðið að hætta sem sendiherra og eflast kenningasmiðir við þær fréttir. Hitt sem menn velta fyrir sér er hvort Þorsteinn sem er reyndur blaðamaður setjist í ritstjórastól á Morgunblaðinu.

### Japönsk töf í formannsslag

Sama staða er uppi í Samfylkingunni nú og var í Sjálfstæðisflokknum þegar Davíð steig fram á landsmálasviðið. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir tók formlegt skref til formannsframboðs í flokknum, eins og reyndar var vitað. Samhliða blaðamannafundi um framboðið var opnuð heimasíða framboðs hennar. Í kosningamiðstöð hennar og á stuðningsmannalista hennar á heimasíðunni kennir margra grasa og greinilegt að fjölbreyttur hópur flokksmanna stendur að baki henni í framboðinu. Ingibjörg Sólrún birtist svo í Kastljósinu um kvöldið og þótti fara vel af stað. Nú bíða menn hins vegar eftir því að Össur hefji formlega kosningabaráttu sína fyrir formannsslaginn. Hörðustu stuningsmenn hans hafa haft öðrum hnöppum að hneppa að undanförnu, en harðasta kjarna stuðningsmanna deilir Össur með skáksnillingnum Fischer, en japönsk stjórnvöld hafa gert stuðningsmönnum hans lífið leitt að undanförnu.



hafliði@frettabladid.is

# Pólitík og Útvarpið

Í DAG
FRÉTTASTJÓRAMÁL RÚV
BIRGIR GUÐMUNDSSON



Í lok fjórða áratugar síðustu aldar komu upp átök milli þáverandi útvarpsstjóra, Jónasar Þorbergssonar og eins af höfuðpaurum Framsóknarflokksins og fulltrúum hins pólitíska valds í landinu, Jónasar Jónssonar frá Hriflu. Ágreiningurinn snerist um veru tveggja fréttamanna, Hendriks Ottóssonar og Björns Franzsonar á fréttastofu Útvarpsins, sem Hriflu-Jónas taldi ófært að væru þar starfandi, enda kommúnistar. Kommúnistar og kommúnistahreyfingin í þá daga var afar gagnrýnin á Vesturveldin og lýðræðið enda voru stuttir þræðirnir frá Komintern og á þessum árum hafði Kremlarbóndinn Stalín gert griðarbandalag við Hitler. Í ljósi sögunnar kunna því einhverjir að telja áhyggjur Jónasar frá Hriflu eðlilegar. Nafni hans, útvarpsstjórinn, vildi hins vegar ekki hreyfa við mönnunum tveimur enda ekkert upp á þá að klaga í starfi og útvarpsstjóri talaði um, að það kæmi ekki til greina að koma þannig fam við saklausa „blásnauða alþýðumenn“. Úr þessu varð mikil rimma milli þeirra nafnanna, en þeir voru samflokksmenn og samherjar til margra ára og niðurstaðan varð vinslit milli þeirra. Jónas Þorbergsson sýndi þarna að hann lagði aðrar mælistikur á menn sem unnu á fréttastofunni en pólitískar og hann kappkostaði ætíð að halda flokkspólitík utan við þennan áhrifamikla nýja miðlil eftir því sem hann frekast gat. Lét hann m.a. setja miklar reglur um stjórnmálaumfjöllun, reglur sem vissulega voru barn síns tíma en segja má að hafi þó lagt grunninn að því að Útvarpið náði að byggja upp traust og tiltrú hjá þjóðinni á tímum flokksvæðingar og pólitískra hrossakaupa.

Þetta er rifjað upp hér til að draga fram að pólitísk átök og tilraunir til pólitískra afskipta af RÚV og fréttastofu Útvarps eru ekki nýjar af nálinni. Þvert á móti hafa þær viðgengist frá árdögum útvarpsins. Misjafnlega hefur þó gengið að standa gegn slíkum beinum pólitískum inngripum eins og dæmin sanna.

Í vikunni var Auðun Georg Ólafsson ráðinn í stöðu fréttastjóra Útvarpsins með pólitísku inngripi. Nokkuð ljóst má vera að í þeirri ráðningu er byggt á óformlegum skiptareglum stjórnarflokkanna við ráðningu embættismanna og að forusta Framsóknarflokksins telur sig vera að tryggja sér mann í áhrifastöðu. Hvort Auðun Georg – sem eflaust er hinn hæfasti maður – er framsóknarmaður skiptir ekki alveg öllu máli. Það sem skiptir máli eru í fyrsta lagi vinnubrögðin og málsmeðferðin, í öðru lagi trúverðugleiki RÚV og í þriðja lagi pólitísk dómgreind stjórnarflokkanna einkum Framsóknar. Í öllum þessum atriðum hlýtur framvindan að skoðast fráleit, svo gripið sé til tempraðs orðalags.

Vinnubrögðin eru skólabókardæmi um vonda stjórnsýslu almennt. Eytt er miklum tíma og fyrirhöfn í að setja umsækjendur í gegnum formlegt matsferli með viðtölum, persónuleikaprófum og fleiru. Þegar formleg niðurstaða kemur úr því ferli og sýnir 5 umsækjendur hæfasta, er ferlinu í heild ýtt til hliðar og önnur sjónarmið látin ráða. Markús Örn Antonsson – öfugt við forvera sinn Jónas Þorbergsson forðum – kýs að láta undan pólitíkinni og skrifa rökstuðning sem vísar eingöngu á mikilvægi lögbundins umsagnarhlutverks útvarpsráðs. Hann stendur eins og Pílatus forðum og þvær hendur sínar og býður stjórnmálavaldinu Barrabas, úr því það vildi ekki taka mark á faglegu rökunum varðandi umsækjendur.

Gagnvart trúverðugleika RÚV er augljóslega um skemmdarverk að ræða, því skilaboðin eru að stjórnmál skipti meiru en fagmennska og reynsla. Það út af fyrir sig er stóralvarlegt mál, því eitt af mikilvægustu hlutverkum fréttastofa RÚV er að vera fordæmi og fyrirmynd vandaðrar og faglegrar fréttamennsku.

Loks, varðandi pólitíska dómgreind hlýtur sú spurning að vakna hvort Framsóknarforustan telji að hún muni í raun og veru græða á því að fá þarna inn mann sem er þeim hliðhollur – eða í það minnsta ekki andsnúinn? Heldur forystan Framsóknarflokksins – sem gjarnan hefur kvartað undan óvilhallri fjölmiðlaumfjöllun – að þessi aðgerð muni rétta af þá slagsíðu ef hún hefur einhver verið? Það passar einfaldlega ekki manni sem hóf formannsferil sinn undir merkjum alþjóðlegrar frjálslyndisstefnu og nútímalegrar lífssýnar að ætla að grípa á lofti hugmyndir og vinnubrögð Hriflu-Jónasar sem þóttu meira að segja gamaldags í aðdraganda seinni heimsstyrjaldarinnar.

Þessi stíll passar vitaskuld ekki heldur hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins. Mjög margir sjálfstæðismenn af frjálshyggjuskólanum hafa þó lengi haft horn í síðu fréttastofu Ríkisútvarpsins og gráta krókódílatárum yfir upplausn hennar – og ekki spillir fyrir að það er Framsóknarflokkurinn sem mun bera hinn pólitíska herkostnað af þessu gæluverkefni þeirra. ■

## ORÐRÉTT

**Sjálfseyðingarhvöt?**
*Eina skynsamlega skýringin á þessu er að fyrir meirihluta útvarpsráðs hafi vakað að sýna í eitt skipti fyrir öll fram á hversu fráleit flokkspólitísk afskipti af mannaráðningum hjá fyrirtækinu eru og ýta á eftir því að ný lög um Ríkisútvarpið verði samþykkt sem leggi útvarpsráð niður með öllum þess misgæfulegu afskiptum af dagskrá og rekstri RÚV. Sé það raunin hefur meirihlutanum tekist prýðilega upp.*
**Leiðari Morgunblaðsins** 10. mars

**Hlakkar til**
*Þetta er mjög mikill heiður og ég hlakka til að takast á við þetta starf.*
**Auðun Georg Ólafsson** DV 10. mars

**Höfuðlaus her?**
*Ef hausinn er ekki með gerum við ekki út um neinn leik.*
**Ólafur Víðir Ólafsson, HK**
Morgunblaðið 10. mars

**Kjarasamningar pólitískt vopn?**
*Forysta Alþýðusambandsins gæti sýnt gremju sína finni hún að stjórnvöld hlusti ekki á hana og notað tækifærið til að sýna styrk sinn fari verðbólgan yfir viss mörk og fellt kjarasamninga.*
**Ingi Rúnar Eðvarðsson**
Fréttablaðið 10. mars

**Hættulegur arkitekt**
*Maðurinn hefur verið dökkur á skinn og hörund og þess vegna hefur hann verið handtekinn. Það er bara eitt orð um þetta mál og það orð er rugl.*
**Ragnar Aðalsteinsson um handtöku ítalsks arkitektanema.** DV 10. mars

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871


Office1Superstore
Fermingagjafir
Stóra tölvuorðabókin
á fjórum tungumálum
3 ára ábyrgð
6.000,- VERÐLÆKKUN!
ÓDÝRT
Verð 11.500,-
Verð áður 17.500,-
Hæðarstilling með gaspumpu, bakhæð og bakhalli stillanlegur eða hægt að hafa bakið laust.
OPIÐ alla sunnudaga
Office 1 Smáralind sunnudaga 12-18
Office 1 Skeifunni 17 sunnudaga 13-17
Stóra tölvuorðabókin
Verð 8.995,- stk.
Verð áður 14.995,-
Skrifborðsstóll
Macro skrifborðsstóll án arma.
Blár, svartur og rauður
Parkethjól 990 kr. settið!
Don Kíkóti
Askja
Verð 7.980,-
Verð áður 9.980,-
20% AFSLÁTTUR!
Auðlegð íslenskrar tungu
Askja
20% AFSLÁTTUR!
Verð 7.980,-
Verð áður 9.980,-
Ísland í aldanna rás 19000-2000
23% AFSLÁTTUR!
Verð 9.995,-
Verð áður 12.980,-
Vísindabókin
40% AFSLÁTTUR!
Verð 2.990,-
Verð áður 4.990,-
Íslenskur stjörnuatlas
20% AFSLÁTTUR!
Verð 3.990,-
Verð áður 4.990,-
Íslensk orðabók 2002
Verð 13.980,-
Verð áður 19.980,-
6.000,- VERÐLÆKKUN!
Hnattlíkan
30 cm Blátt
Verð 3.995,-
Parker pennar
Parker kúlu pennar- skrúfblýantar og sett í miklu úrvali
PARKER
FRÍ ÁLETRUN!
FRÁBÆR VERÐ!
Verð frá 995,-
Sjónaukar
Verð frá 1.995,-
Afgreiðslutímar verslana!
Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 12-18
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17
Office 1 Akureyri
Office 1 Egilsstöðum
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16
Office1Superstore
Það er bara einn sem er alltaf ódýrastur!
Tilboðin gilda í mars 2005 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.

NÝJAR VÖRUR



kjólar toppar dragtir

SAND WOMAN

Kringlunni 553 4141


# Meira skyr, minni sykur!

EVA ÓLAFSDÓTTIR
SKRIFAR UM NEYSLUVENJUR

Ég flutti nýlega til Íslands eftir nokkurra ára búsetu erlendis. Þar sem ég bjó borðaði ég nær aldrei mjólkurvörur. Ég reyndi. Ástæðan fyrir því að ég gafst upp var einföld; þær voru of sætar. Í þessi ár sem ég bjó úti saknaði ég íslenskra mjólkurvara mikið. Fyrst og fremst var það skyrið okkar góða og svo jógúrt, þykkmjólk og hvað þetta nú heitir. Þegar ég svo flutti aftur til Íslands var ég full tilhlökkunar að geta nú dembt mér út í allar þessar munaðarvörur svo um munaði! Ég verð að viðurkenna að þegar á hólminn var komið varð ég fyrir vonbrigðum. Ég geri mér fulla grein fyrir því að þegar eftirvænting nær að vinda upp á sig eins og hún gerði kannski hjá mér, fer hugurinn stundum að ýkja og fegra hlutina svo um munar. Það sem var gott verður smám saman guðdómlegt í huganum... og vonbrigðin eftir því þegar maður kemst að því að það var bara gott.

Svo ég er búin að spá mikið í það hvort þetta sé hugur minn sem gerir þarna of mikið úr málunum eða hvað? Svarið er nei. Það sem styður þá niðurstöðu mína er nýleg könnun sem gerð var á mjólkurvörum á Íslandi, og sýndi að þær algengustu (sem börnin okkar m.a. taka gjarnan með sér í skólann) innihalda allt upp í sem samsvarar 15 sykurmolum dósin! Ég efast um að það sé svo mikill sykur í einum snúð, sem er þó víðast illa liðið nesti í skólum landsins. Þá spyr ég: þarf þetta að vera svona? Í sjónvarpsviðtali nefndi fulltrúi fyrirtækis í mjólkurvöruframleiðslu meðal annars þá ástæðu að afurðin yrði ÁFERÐARFALLEGRI með þessu magni sykurs. Var manninum alvara? Hver lætur svona út úr sér og ætlast til að fá skilning? Ég veit allavega að ég er ekki að borða skyr af því það sé svo áferðarfallegt. Ég vil borða skyr af því það er hollt og gott á bragðið. En því miður er það bara alls ekki nógu hollt lengur, né bragðgott.

Ef við höldum okkur við skyrið, þá er þrennt í boði; hreint skyr án aukaefna, ávaxta/bragðefnabætt skyr með sykri og ávaxta/bragðefnabætt skyr með sætuefni. Ég verð að segja að ég er hætt að kaupa nokkuð af þessu nema hreina skyrið. Ekki vil ég vera að éta fleiri sykurmola með hverri dós, og skyrið með sætuefnunum er jafnvel enn sætara á bragðið svo skyrbragðið nýtur sín alls ekki, auk þess sem ég efast um að sætuefni séu eitthvað hollari kroppnum heldur en sykur. Manni líður frekar eins og maður sé að svindla á hollustunni á miðjum virkum degi, heldur en að maður sé að snæða það hollustufæði sem skyrið getur svo sannarlega verið... sé rétt með það farið. Svo nú hlýt ég að spyrja: af hverju er ekki hægt að kaupa skyr og aðrar mjólkurafurðir sem innihalda aðeins sjálfar sig og til dæmis ávexti? Alveg eins og það á að vera! Lifið heil. ■

# Ríkisstjórnin skilur aldraða eftir

UMRÆÐAN
KJÖR ALDRAÐRA



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

> Framvegis eiga kjör aldraðra síðan ávallt að fylgja breytingum á launum á almennum markaði. En það er ekki nóg. Það þarf einnig að bæta kjör eldri borgara strax þannig að þau dugi fyrir eðlilegum framfærslukostnaði.

Ríkisstjórnin segir, að kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist um 55% á tímabilinu 1995-2007. En á sama tímabili eykst kaupmáttur ráðstöfunartekna stórs hluta ellilífeyrisþega (10 þús. manns) aðeins um 9,3%. Hvers eiga þessir eldri borgarar að gjalda. Hvers vegna hækkar kaupmáttur ráðstöfunartekna stórs hluta eldri borgara aðeins um brot af því sem kaupmáttur ráðstöfunartekna almennings eykst um? Fróðlegt væri að fá svar við þeirri spurningu. Í rauninni ætti þetta að vera öfugt. Það ætti að auka kaupmátt ellilífeyris mun meira en kaupmátt almennra tekna. Þannig mætti leiðrétta kjör aldraðra.

Engar opinberar athuganir hafa farið fram á því hver framfærslukostnaður aldraðra er. Hagstofan kannar neysluútgjöld almennings en athugar ekki sérstaklega útgjöld aldraðra eða annarra aldurshópa. Hagstofan kannar neyslu heimila og einstaklinga í landinu. Síðasta neyslukönnun Hagstofunnar ar fór fram árin 2000-2002 og var niðurstaða hennar birt á sl. ári. Samkvæmt henni eru meðaltalsútgjöld einstaklinga (einhleypinga) 161 þús kr. á mánuði, þ.e. neysluútgjöld. Meðtalin eru húsnæðisútgjöld, þ.e. húsaleiga og ígildi húsaleigu, kr. 38 þús. á mánuði. Afborganir og vextir er ekki meðtalið og heldur ekki fasteignakaup eða sparnaður. Tekjuskattar og fasteignagjöld eru ekki meðtalin og heldur ekki félagsgjöld eða lífeyrissjóðsgjöld. Það vantar því nokkuð af útgjöldum inn í tölur Hagstofunnar og munar þar mest um skattana. Húsnæðisliðurinn er einnig mjög lágur í neyslukönnun Hagstofunnar eða aðeins 38 þús. kr. á mánuði sem fyrr segir. Mjög margir aldraðir einstaklingar verða að greiða mun hærra í húsaleigu eða húsnæðiskostnað en 38 þús. kr. á mánuði.

Hvað segir neyslukönnun Hagstofunnar okkur um framfærslukostnað aldraðra? Eru útgjöld aldraðra að einhverju leyti önnur eða minni en útgjöld almennings? Ég held ekki. Ef eitthvað er þá eru þau meiri en hjá almenningi, þar eð aldraðir nota meiri lyf og læknishjálp en aðrir og fleiri sérstök útgjöld koma til þegar aldurinn færist yfir og heilsan versnar. Neyslu-könnun Hagstofunnar er því jafngóð vísbending um framfærslukostnað aldraðra eins og almennings yfirleitt. Með hliðsjón af neyslukönnun Hagstofunnar má telja, að framfærslukostnaður aldraðra einstaklinga nemi a.m.k. 160 þús. kr. á mánuði án skatta. Með sköttum o.fl. nema útgjöld aldraðra mun hærri upphæð en 160 þús. kr. á mánuði. Ef lífeyrir aldraðra einstaklinga frá Tryggingastofnun, grunnlífeyrir, tekjutrygging o.fl., væri hækkaður í 160 þús. kr. á mánuði væri það alger lágmarkshækkun. Þar er um að ræða þá, sem ekki hafa lífeyri úr lífeyrissjóði. Það er lítill hópur eldri borgara og mundi ekki kosta stóra fjárhæð að leiðrétta kjör þessa hóps. Þessi hækkun ætti að vera fyrsta skrefið í leiðréttingu á kjörum aldraðra. Kjör annarra eldri borgara, hjóna, sambýlisfólks og þeirra sem njóta nokkurs lífeyris úr lífeyrissjóði þyrftu að batna samsvarandi. Samtök eldri borgara hafa lagt áherslu á leiðréttingu á kjörum þess hóps eldri borgara, sem eru með um og undir 110 þús. kr. á mánuði. Það er sá hópur, sem getið var um hér að framan, um 10 þús. manns. Þessi hópur hefur 45.860 kr. á mánuði úr lífeyrissjóði og 64.860 kr. á mánuði frá Tryggingastofnun (grunnlífeyrir, tekjutrygging og eingreiðslur). Kaupmáttur lífeyris þessara ellilífeyrisþega hefur aðeins aukist um 13,1% frá 1995 og kaupmáttur ráðstöfunartekna þeirra aðeins aukist um 6,1%. Ef athugað er tímabilið frá 1988 hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna þessara eldri borgara lækkað um 6,5%. Já það er ótrúlegt: Frá 1988 hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna þessara eldri borgara lækkað um 6.5%. Þetta er smánarblettur á þjóðfélagi, sem kallar sig velferðarþjóðfélag. Það þarf að skila aftur því, sem haft hefur verið af þessum eldri borgurum frá 1988. Það þarf sem sagt að leiðrétta kjör þeirra sem svarar þeirri skerðingu, sem þeir hafa orðið fyrir frá þeim tíma. Framvegis eiga kjör aldraðra síðan ávallt að fylgja breytingum á launum á almennum markaði. En það er ekki nóg. Það þarf einnig að bæta kjör eldri borgara strax þannig að þau dugi fyrir eðlilegum framfærslukostnaði, þ.e. fari að lágmarki nú þegar í 160 þús. kr. á mánuði hjá ein-staklingum. Það er sanngjörn og eðlileg krafa. ■

# Rökleysa útvarpsstjóra

UMRÆÐAN
RÁÐNING FRÉTTA-STJÓRA.



KJARTAN EGGERTSSON
FULLTRÚI FRJÁLSLYNDA FLOKKSINS Í ÚTVARPSRÁÐI

Á fundi útvarpsráðs 15. febrúar voru umsóknir um fréttastjórastöðu Ríkisútvarpsins lagðar fram til kynningar og umsóknar og ráðningarferlið kynnt. Um stöðu fréttastjóra höfðu sótt 10 manns. Til að leggja mat á umsækjendum fengu þau Bogi Ágústsson, forstöðumaður Fréttasviðs Ríkisútvarpsins, og Guðbjörg R. Jónsdóttir, starfsmannastjóri Ríkisútvarpsins, Ragnheiði S. Davíðsdóttur frá Mannafli-Liðsauka til liðs við sig í viðtölum og mati á umsækjendum. Niðurstaða þeirrar vinnu var að teknu tilliti til starfs- og stjórnunarreynslu og menntunar að þeir umsækjendur sem kæmu helst til greina væru: Arnar Páll Hauksson, Friðrik Páll Jónsson, Hjördís Finnbogadóttir, Jóhann Hauksson og Óðinn Jónsson.

Við upphaf dagskrárliðar á fundi útvarpsráðs þann 8. mars 2005 – undir liðnum „Staða fréttastjóra Útvarps“ – las formaður útvarpsráðs, Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, upp yfirlýsingu frá meirihluta ráðsins – fulltrúum Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks – að þeir mæltu með Auðuni Georg Ólafssyni til starfans.



DEILT UM RÁÐNINGU
Fréttahaukarnir Friðrik Páll Jónsson og Ásgeir Tómasson fylgjast með viðtali við Auðun Georg Ólafsson nýráðinn fréttastjóra útvarps.

Engar umræður urðu um þá fimm umsækjendur sem Bogi Ágústsson, forstöðumaður Fréttasviðs Ríkisútvarpsins, og Guðbjörg R. Jónsdóttir, starfsmannastjóri Ríkisútvarpsins, höfðu mælt með. Deildi formaður útvarpsráðs síðan út miðum og bað útvarpsráðsmenn að kjósa þann sem þeir mæltu með í stöðu fréttastjóra Útvarps.

Fjögur atkvæði frá meirihluta féllu í hlut Auðuns Georgs, þrjú atkvæði minnihlutans voru auð.

Engin andmæli eða tilmæli komu frá Markúsi Erni Antonssyni útvarpsstjóra um að fá að ræða umsókn þeirra umsækjenda sem Bogi, ásamt forstöðumanni fréttasviðs og starfsmannastjóri höfðu mælt með. Engin fagleg umræða fór fram um þessa umsækjendur, en sá sem þessar línur ritar átti von á því að einhverjar orðræður færu fram á milli útvarpsráðsmanna og stjórnenda Útvarpsins um þá sem helst var mælt með.

Undirritaður, sem er fulltrúi Frjálslynda flokksins í útvarpsráði, taldi það ekki þjóna nokkrum tilgangi að velja af handahófi einhvern þeirra fimm mjög svo hæfu manna sem útvarpsstjóri og hans menn höfðu mælt með, úr því ljóst var að meirihluti ráðsins, framsóknarmenn og sjálfstæðismenn, höfðu sammælst um val á manni. Sá var ekki einn þeirra umsækjenda sem bestu meðmælin höfðu og sem jafnframt eru meðal mestu „reynslubolta“ íslenskrar fréttamennsku í ljósvakamiðlum.

Útvarpsstjóri hefur sagt að hann hafi orðið að ráða Auðun Georg til starfans þar sem ekki komu tillögur um neinn annan frá útvarpsráði. Þessi fullyrðing er rökleysa. Meirihlutinn mælti með einum manni og vilji meirihluta útvarpsráðs hlýtur að gilda. En úr því útvarpsstjóri er þeirrar skoðunar að hann sé ekki bundinn af niðurstöðu meirihluta útvarpsráðs, þá er hann ekki bundinn af neinni niðurstöðu ráðsins. Útvarpsráðsmenn eru ekki skyldugir að greiða einhverjum einum umsækjenda atkvæði. Þeim er heimilt að skila auðu, t.d. ef þeir treysta sér ekki á þeirri stundu að ráða á milli manna, en þar með fela þeir valdið í hendur útvarpsstjóra að velja úr þeim hópi manna sótt hefur um.

Þess má geta að á síðustu misserum hafa ráðningar á starfsfólki komið inn á borð útvarpsráðs og hafa menn sammælst um þær ráðningar án atkvæðagreiðslu. ■

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 8.00 | 13.38 | 19.17 |
| AKUREYRI | 7.46 | 13.22 | 19.00 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

**tilboð o.fl.**
Barnaföt á hálfvirði
BLS. 5



**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

*Góðan dag!*
Í dag er föstudagur 11. mars, 70. dagur ársins 2005.

**KRÍLIN**




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 6*

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

visir



Elín Ósk, sópransöngkona kann ýmislegt fleira en leika og syngja. Hér er hún í góðum gír í eldhúsinu sínu.

# Ólst upp við myndarskap í eldhúsinu

***Elín Ósk Óskarsdóttir söngkona hefur alltaf haft gaman af því að búa til eitthvað gott í gogginn, hvort sem það er matur eða kökur. Þrátt fyrir að Tosca eigi hug hennar allan þessa dagana þá gaf hún okkur uppskrift að fínasta eftirrétti.***

Elín kveðst hafa alist upp við myndarskap í eldhúsinu hjá móður sinni og snemma fengið að vera þátttakandi í öllu sem hún gerði.
Sjálf kveðst hún hafa fengið eitthvað af þessum genum, að minnsta kosti viti hún fátt skemmtilegra en bjóða heim gestum og búa til eitthvað gott handa þeim. „Svo er alltaf spurning um hvað maður hefur tíma til,“ segir hún og bætir við. „En þessi möndluréttur er að minnsta kosti fljótlegur og er algjört sælgæti, hvort heldur sem eftirréttur eða á kökuborð.“

**HEITAR PERUR MEÐ MÖNDLUKREMI**

4-5 þroskaðar perur eða heil dós niðursoðnar perur.
1/2 sítróna
2-3 msk sykur

**Krem**

75 gr. möndlur
100 gr smjör
125 gr sykur (1 Ω dl.)
2 eggjarauður
2 msk rjómi
2 eggjahvítur

Skrælið og kjarnhreinsið perurnar, skerið þær í þunna báta og raðið þeim í smurt, eldfast form.

Kreistið sítrónusafa og hellið honum og sykrinum yfir ferskar perur en ef notaðar eru niðursoðnar skal sleppa sykrinum.

Saxið möndlurnar mjög smátt eða malið í matarkvörn. Þeytið saman smjör og sykur þar til blandan verður létt og ljós. Bætið eggjarauðum út í, einni í einu og þeytið vel á milli. Hrærið möndlunum og rjómanum saman við. Stífþeytið eggjahvíturnar og blandið varlega saman við blönduna. Hellið kreminu yfir perurnar og bakið í 180°c heitum ofni í ca. 20 mín.

Berið réttinn heitan fram með þeyttum rjóma eða vanilluís og gott er að strá örlitlum flórsykri ofan á kökuna í lokin. ■

# LIGGUR Í LOFTINU
## *í tilboðum*

**Pizzahöllin** er nú með 40% afslátt af öllum pitsum af sínum matseðli en á honum eru um 10 tegundir. Einnig er hægt að fá raðað saman áleggstegundum að eigin geðþótta, að sögn eins afgreiðslumanns sem blaðið hafði samband við. Tilboðið gildir þó ekki ef önnur tilboð eru pöntuð svo sem 2 fyrir 1 ef pantaðar eru brauðstangir og fleiri tilbrigði. Pizzahöllin er við Dalbraut, í Mjódd og í JL-húsinu við Hringbraut.



**Kistill, bakki, flöskugeymsla** og fleira er nú á spottprís í versluninni 1928. Þar eru svokölluð vikutilboð á völdum vörum og afslátturinn nemur 60 til 70%, hvorki meira né minna. Flöskugeymslan sem áður kostaði 2.900 er nú komin niður í 870 krónur og bakkinn sem á fullu verði kostar 1.700 fæst nú á 525 kall. 1928 er á Laugavegi 20b og Auðbrekku 1 í Kópvogi.



**Miele þvottavél** er á tilboði þessa vikuna hjá versluninni Eirvík á Suðurlandsbraut 20. Hún kostar nú aðeins 89.900 en var áður á 128.428. Reyndar fást þessar vélar líka í Ljósgjafanum við Glerárgötu 34 á Akureyri og Geisla sem finnst á Flötunum í Eyjum.

**Rúmfatnaður** teppi, baðsloppar, dýnur og rúm er meðal þess sem er á tilboði í versluninni Rúmco á Langholtsvegi 111 í Reykjavík. Um hágæðavörur er að ræða enda eru mjúku vörurnar framleiddar hjá einu virtasta tískuhúsi Frakklands, Yves Delorme. Þær eru seldar nú á 20% afslætti. Sem dæmi má nefna egypsk 310 þráða satínrúmföt sem áður kostuðu 12.900 en kosta nú 10.320 krónur. Dýnurnar í Rúmco eru frá elsta dýnuframleiðanda í Bandaríkjunum, Stears & Foster.

**Gjafavara** er á góðu verði í versluninni Sigurstjörnunni í Fákafeni í Reykjavík, (í bláu húsunum). Þar eru allar vörurnar frá haustinu seldar á 50% afslætti og eldri vörur með allt að 70% afslætti. Þetta eru kertastjakar, vasar, klukkur, púðar, dúkar og styttur svo fátt eitt sé nefnt og ekki má gleyma ekta pelsunum sem nú eru á hálfvirði.

*tilbod@frettabladid.is*







**Te**
Tedrykkja er mikið í tísku núna en drykkurinn er talinn hafa vera uppgötvaður árið 2737 fyrir Krist, af keisaranum í Kína þegar te-lauf fuku í pott af sjóðandi vatni.





Allt í eldhúsið
Fissler
búsáhöld
KRINGLUNNI
sími 568 6440



Frá Dr. Gillian McKeith
Living Food Energy duft
fyrir súper heilsu

Lífrænt ræktað og spírað, mjög ensímríkt. Inniheldur flest nauðsynleg vítamín, steinefni, andoxunarefni, prótein og heilandi jurtir
Fæst í apótekum og heilsubúðum



Smoothies
100% ávöxtur


engin aukaefni
enginn viðbættur sykur
arka



Réttir kvöldsins
Fordrykkur í boði hússins
M/ þriggja rétta seðlinum Canasta Cream

| Forréttur | verð f/ einrétta | verð f/ þriggja rétta máltíð |
|---|---|---|
| Humarsúpa m/ rjómatoppi og hvítlauksbrauði | kr. 850 | |
| **Aðalréttir** | | |
| Smjörsteiktur skötuselur m/ hvítvínssósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 2.950 | kr. 3.890 |
| Lambafillet m/ sherrybættri sveppasósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 2.980 | kr. 3.890 |
| Nautalundir m/chateaubriandsósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 3.150 | kr. 3.990 |
| **Eftirréttur** | | |
| Súkkulaðifrauð | kr. 690 | |

Borðapantanir í síma 562 1988
Veitingahúsið Madonna Rauðarárstíg 27 www.madonna.is




EIGANDI MYNDAR SIGRÍÐUR HELGADÓTTIR

Sigríður og synirnir Heimir, Einar, Sigurjón, Ingvi og Sindri.

# Fjölskyldan hittist yfir graut

***Sigríður Helgadóttir hefur boðið fjölskyldunni í grjónagraut og meðlæti í hádeginu á miðvikudögum í mörg ár og tók við þeim sið af móður sinni.***

Sigríður rekur upphaf grautarsamkvæmanna til þess er Einar sonur hennar var nýfluttur heim frá námi í Danmörku á áttunda áratugnum og kom í tilteknum erindum til afa síns og ömmu í hádeginu á miðvikudögum. „Fyrir fyrstu heimsóknina var honum boðið að velja hvað hann fengi að borða og hann pantaði grjónagraut og slátur, enda hafði hann ekki bragðað slíkt hnossgæti lengi. Þetta spurðist vel út og á ættarmóti í Borgarfirðinum stuttu síðar tilkynnti ég að opið hús væri í hádeginu á miðvikudögum hjá mömmu og allir gætu komið í grautinn,“ rifjar Sigríður upp og heldur áfram. „Það var rekinn upp rokna hlátur á ættarmótinu en nú er fyrir löngu komin hefð á þessar samkomur. Mamma hélt þeim áfram meðan hún gat og svo tók ég við. Henni þótti vænt um það og ég þori að fullyrða að hvað sem grautarátinu líður hafa þessar samverustundir heilmikið gildi.“



Sigríður veit aldrei fyrirfram hversu margir mæta í mat.

Í þessari viku féll reyndar samkvæmið niður vegna anna Sigríðar í leiklistinni en hún tekur þátt í tveimur sýningum Snúðs og Snældu þessa dagana, þar af annarri á miðvikudögum í Hveragerði.

Sigríður kveðst aldrei vita fyrirfram hversu margir mæti. Það hafi verið frá tveimur upp í tuttugu og fjóra. „Oftast legg ég á borð fyrir sex til átta og bæti svo við eftir þörfum,“ segir hún og þvertekur fyrir að erfitt sé að kaupa inn fyrir þessar máltíðir þó að fjöldi matargesta sé á huldu. „Ég sýð alltaf dálítið mikið af grjónum í vatni sem ég get bætt mjólk út í eftir hentugleikum. Ef eitthvað fer forgörðum eru það bara soðin grjón. Það sem er á borðum fyrir utan grautinn er aðallega súrmatur, harðfiskur, rúgbrauð og síld. Allt matur sem geymist.“

gun@frettabladid.is

## Staðgóðir og ljúffengir grautar

NÚ ÞEGAR MJÓLKIN ER ÓDÝR EÐA JAFNVEL FRÍ ER UPPLAGT AÐ BÚA TIL GRAUT ÚR HENNI, ANNAÐHVORT SEM UPPISTÖÐU Í SNARLMÁLTÍÐ EÐA SEM EFTIRRÉTT.



### Hrísgrjónagrautur

1 l vatn
200 g hrísgrjón
1 l mjólk
1 tsk. salt

Grjónin eru soðin í vatninu og söltuð. Mjólkinni er bætt út í smátt og smátt og látin sjóða. Grauturinn er borðaður með kanilsykri og kaldri mjólk eða rjómablandi út á.

### Fjallagrasamjólk

40 g fjallagrös
$1\frac{1}{2}$ l mjólk
1 tsk. salt
2-3 msk. púðursykur

Grösin eru þvegin vel. Þegar mjólkin sýður eru þau látin út í og soðin með í 5 mínútur. Salt og sykur látið í.

### Flauelsgrautur

$1\ \frac{1}{2}$ l mjólk
1 tsk. salt
2 msk. sykur
vanilla
3 msk. kartöflumjöl sem hrært er út í vatnslögg.

Mjólkin er hituð að suðu. Salt, sykur og vanilla sett í. Kartöflumjölsblandan hrærð út í og potturinn tekinn strax af á eftir. Borðaður með kaldri mjólk eða saftblöndu.

### Makkarónusúpa

$1\frac{1}{2}$ l mjólk
10 stk. makkarónulengjur
1 tsk. salt
2 msk. sykur

Mjólkin er hituð. Makkarónurnar brotnar út í þegar sýður. Hrært stanslaust þar til sýður aftur. Súpan látin malla í 20 mínútur og hrært í af og til. Söltuð og sykruð.


Little Caesars®
HEIT-&-KLÁR™ PIZZA
Pizzan er tilbúin núna!
Hún er heit, hún er klár, hún er stór og kostar aðeins
999.-

Við bökum Pepperoni pizzur allan liðlangan daginn svo þú þarft ekki að hringja eða bíða.
Little Caesars®
Suðurlandsbraut 46 / við Faxafen • sími 580 0000
Við erum við hliðina á Subway við Faxafen

# EGILS PILSNER: Bjórdósin 10 kr. ódýrari en Faxe



Egils Pilsner 4,5% bjór kom fyrst á markaðinn 1. september 2003 en 0,5L bjórdós kostar 149 krónur í Vínbúðum. Egils Pilsner hefur verið afar vel tekið allt frá því hann kom á markaðinn en hann er nú meðal 10 söluhæstu bjóranna í Vínbúðum. Egils Pilsner var þróaður með það fyrir augum að mæta kröfum neytenda um mjög góðan bjór á lágu verði. Egils Pilsner er ljósgullinn með meðalfyllingu og litla beiskju og þeir sem smakkað hafa Pilsner bjórinn telja að bruggmeisturum Ölgerðarinnar hafi tekist mjög vel til, enda er bjórinn byggður á Egils Pilsner léttbjórnum sem bruggaður hefur verið síðan 1917.

**Verð í Vínbúðum 0,5L dós á 149 kr.**

# MONTECILLO: Hvítvín á aðeins 790 kr.



Vert er að benda á hagstæð kaup sem hægt er að gera á íberískum dögum í Vínbúðum. Einn kunnasti framleiðandi Spánar er Bodegas Montecillo í Rioja sem er helsta víngerðarsvæði Spánar. Flestir þekkja hin vinsælu rauðvín fyrirtækisins en Montecillo framleiðir einnig ákaflega gott hvítvín sem gefur því lítið eftir og er á afar hagstæðu verði. Ferskt, létt og þægilegt hvítvín þar sem blóm og græn epli eru í fyrirrúmi auk niðursoðinna ávaxta. Tilvalið í boðin, með smáréttum og léttum mat. Afskaplega aðgengilegt vín sem fellur að smekk flestra. Þess má geta að þetta kynningarverð er lægra en gerist og gengur á hinum Norðurlöndunum og verður það að teljast býsna gott í þessu landi ofurtolla á áfengi.

**Kynningarverð á íberískum dögum 790 kr.**

# Bragðgóð matarsýning

MATVÆLASÝNINGIN MATUR-INN 2005 VERÐUR HALDIN NORÐAN HEIÐA UM HELGINA.

Matvælasýning Norðurlands, Matur-inn 2005, verður haldin í Verkmenntaskólanum á Akureyri laugardaginn 12. og sunnudaginn 13. mars. Um 30 fyrirtæki kynna vörur sínar og þjónustu á sýningunni auk þess sem keppt verður um titilinn Matreiðslumaður ársins 2005. Matvælasýning Norðurlands var haldin í fyrsta sinn árið 2003 en ætlunin er að hún verði haldin á tveggja ára fresti. Friðrik V. Karlsson sýningarstjóri segir að öll helstu matvælatengd fyrirtæki á Norðurlandi verði með bás á sýningunni. „Við væntum fjölda gesta en aðgangur er ókeypis og öllum opinn. Fólk getur fengið að bragða á matnum á sýningunni auk þess sem margvísleg tilboð verða,“ segir Friðrik.

Alls eru 18 keppendur, vítt og breitt af landinu, skráðir í keppnina um Matreiðslumann ársins 2005 og segir Friðrik að þrír alþjóðlegir dómarar frá Norðurlöndunum muni meta hæfni þeirra.



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**Friðrik segir að keppt hafi verið árlega um titilinn Matreiðslumaður ársins frá árinu 1994.**








# Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR ELDAR FLJÓTLEGAN MAT Á FÖSTUDEGI

## Hrísgrjónapílaff með saffran og saltfiski

Mannfólk hefur að því er virðist alla tíð haft þörf fyrir krydd í tilveruna og saffran er krydd sem hefur verið dýrmætt og eftirsótt frá örófi alda. Þessir dularfullu, fagurrauðu þræðir eru þurrkaðar frævur saffranplöntunnar. Nú á tímum eru frævur plöntunnar enn þá handtíndar á sama máta og gert var fyrir þúsundum ára. Úr 75.000 plöntum fæst 1/2 kíló af saffrani. Fornar heimildir eru til um neyslu saffrans hjá Grikkjum, Rómverjum og Egyptum. Þeir notuðu kryddið vegna sterks litar þess, höfugrar angan, sérstaks bragðs, ætlaðs lækningarmáttar, og örugglega ekki hvað síst vegna orðspors þess sem ástarvaka.

Hér er fljótlegur réttur fyrir þá sem vilja reyna forn vísindi á föstudagskvöldi.

| |
|---|
| 250 g hrísgrjón |
| 400 ml fisk- eða grænmetissoð (úr teningi) |
| 100 g smjör |
| salt |
| 1 msk. möndlur (hýðislausar) |
| 1 msk. pistasíu kjarnar |
| 3 msk. frosnar grænar baunir |
| Saffran (nokkrir þræðir) |
| 200 g útvatnaður saltfiskur |



Hellið sjóðandi vatni yfir hrísgrjónin og látið þau standa þar til vatnið hefur kólnað og sigtið þá vatnið frá. Á meðan hrísgrjónin liggja í bleyti útbúið þá soð úr teningi og hellið um leið örlitlu heitu vatni yfir saffranþræðina. Skerið saltfiskinn í tætlur. Bræðið smjörið á pönnu og steikið hrísgrjónin í því nokkra stund. Hrærið vel í á meðan. Bætið því næst soði, saffrani (ásamt vökvanum), möndlum, baunum og saltfiski út í.

Látið suðuna koma upp, saltið ögn, og eldið yfir lágum hita í um 10 mínútur. Bætið þá pistasíuhnetunum út í. Takið pönnuna af hitanum, setjið lok á og vefjið stykki um pönnuna til þéttingar. Látið standa í 20 til 30 mínútur. Berið fram með góðu brauði og grænu salati.







**maður lifandi**

býður upp á ráðgjöf laugardaginn 12. mars kl. 12.00–15.00



**Þorbjörg** er að staðaldri með aðstöðu hjá Maður lifandi fyrir einstaklingsráðgjöf.

**Þorbjörg Hafsteinsdóttir,** næringarþerapisti D.E.T., verður með ráðgjöf í tengslum við **grunnreglurnar 10** sem hún og Oscar Umahro Cadogum hafa sett fram og ráðleggja á námskeiðum í Maður lifandi um heilsusamlegt mataræði og bætiefni fyrir alla fjölskylduna.

Allir velkomnir í Maður lifandi, Borgartúni 24.

Nýtið þetta frábæra tækifæri!

maður lifandi

Borgartúni 24 · www.madurlifandi.is



**Sudan litarefni**




*Vegna tilkynningar frá Umhverfisstofnun til allra matvælaframleiðande í landinu, að þeir skuli hafa gætur á erlendum kryddblönum og kryddi vegna Sudan litarefnis sem er krabbameinsvaldandi vill fyrirtækið Pottagaldrar ehf koma með eftirfarandi athugasemnd.*

*Allt krydd sem Pottagaldrar ehf notar í sínar kryddblöndur er vottað um að ekki sé um neitt/nein litarefni. Aðeins eru notuð hrein krydd án allra aukefna. Einnig má benda á að í kryddblöndum sem innihalda salt er um að ræða hið íslenska heilsusalt frá Reykjanesi sem er einstakt salt í veröldinni og íslendingar ættu að vera stoltir af þessari afurð. Það salt inniheldur helmingi minna af natrium, en natrium er það efni í salti sem eykur á blóðþrýsting og bjúg. Með því að nota krydd og kryddblöndur frá Pottagöldrum ehf hlúir þú að líkama og sál.*

**Með kveðju,**
*Sigfríð Þórisdóttir*
*framkvæmdastjóri Pottagaldra ehf.*





# allt tilboð o.fl.

**Blettahreinsirinn**
Vanish Oxi Action í verslunum Nettó er á hagstæðasta tilboðinu þessa helgi. Kílóið af honum lækkar úr 919 krónur í 399, eða um 60%. Fínt til að hreinsa dúkana með fyrir páska.

**60%**

# Dúkadagar



***Verslunin Amma Ruth selur fína, handunna antíkdúka á 15-40% afslætti út þennan mánuð.***

„Þetta er allskonar borðlín svo sem dúkar, servíettur, skrautdúkar og dreglar og allt handunnið, bæði útsaumur og blúndur," segir afgreiðslukonan í Ömmu Ruth þegar hún er spurð út í dúkatilboðið. Hún getur þess einnig að sögur séu á bak við margt og nefnir til dæmis servíettur sem saumaðar séu í nunnuklaustri í Frakklandi. Dúkarnir eru margir hverjir notaðir en allir í góðu ástandi og blettalausir. Þeir gömlu eru flestir úr hör en nýrri dúkar úr hörblöndu og allir eru með handsaumuðum mynstrum . Sem dæmi um verð má nefna ungverskan handsaumaðan dúk úr hörblöndu með handhekladri blúndu í stærðinni 2 X 1,40 sem áður kostaði 17.900 kr. en er nú á 10.740 kr. Tauservíettur eru til í miklu úrvali í öllum mögulegum litum og kosta allar 200 kall. Amma Ruth er opin virka daga kl. 14-18. ■

**BÓNUS**

Tilboðin gilda til 13. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Danskar kjúklingabringur | 999 | 1.299 | 999 | 25 |
| Lambalæri, frosið og snyrt | 799 | Nýtt | 799 | 35 |
| Ali ferskar svínakótilettur | 779 | 1.169 | 779 | |
| KF villikryddað lambalæri | 998 | 998 | 998 | |
| Kf villikryddaður lambahryggur | 1.099 | 1.499 | 1.099 | 25 |
| Kf. sveitabjúgu | 299 | 299 | 299 | |
| KF hrásaalat 350 g | 99 | Nýtt | 283 | |
| KF kartöflusalat 350 g | 99 | Nýtt | 283 | |

**FK FJARÐARKAUP**

Tilboðin gilda til 12. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambalæri úr kjötborði | 748 | 998 | 748 | 25 |
| Lambahryggur úr kjötborði | 798 | 998 | 798 | 20 |
| Svínalundir úr kjötborði | 1.398 | 1.778 | 1.398 | 20 |
| Nautainnra læri úr kjötborði | 1.698 | 2.198 | 1.698 | 25 |
| Fjallalamb framhryggjasneiðar úr kjötborði | 898 | 1.198 | 898 | 25 |
| FK jurtakryddað lambalæri | 899 | 1.499 | 899 | 40 |
| Hamborgahryggur úr kjötborði | 798 | 1.198 | 798 | 35 |
| Fjallalamb helgarsteik | 878 | 1.098 | 878 | 20 |
| Fyllt svínasíða | 879 | 1.098 | 879 | 20 |
| London lamb frá Kjarnafæði | 979 | 1.399 | 979 | 30 |
| Frosinn kjúklingur | 298 | 398 | 298 | 25 |
| Fjallalamb kreolasteik | 1.098 | 1.398 | 1.098 | 20 |
| Pesto ofnsteik frá Kjarnafæði | 1.056 | 1.509 | 1.056 | 30 |
| Móa ferskir kjúklingaleggir | 389 | 599 | 389 | 35 |
| Móa ferskir kjúklingalæri | 389 | 599 | 389 | 35 |
| Móa ferskir kjúklingavængir | 149 | 299 | 149 | 50 |

**NÓATÚN**

Tilboðin gilda til 16. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Kjúklingur grillaður BBQ kryddaður 1 stk. | 599849 | 599 | 30 | |
| Chester Fried kjúklingabitar | 99 | 179 | 99 | 45 |
| Nóatúns ungnautahamborgari m.brauði | 99 | 125 | 99 | 20 |
| Kindahakk | 398 | 598 | 398 | 35 |
| Kea Londonlamb | 947 | 1.353 | 947 | 30 |
| Nóatúns samlokubrauð gróft 770 g | 99 | 198 | 129 | 50 |
| Kelloggs kornflakes 500 g | 249 | 298 | 498 | 15 |
| Goða dönsk Lifrarkæfa 150 g | 93 | 185 | 620 | 50 |
| Fynbo grautar, apríк., epla, jarðarb. 500 g | 99 | 159 | 198 | 40 |
| DF franskar kartöflur ofn 750 g | 199 | 299 | 265 | 35 |

**SPAR**
Bæjarlind

Tilboðin gilda til 15. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Londonlamb, frampartur | 998 | 1.230 | 998 | 20 |
| Hátíðarlambalæri, villikryddað | 1.099 | 1.299 | 1.099 | 15 |
| Kinda fille, kjötborð | 1.698 | 1.895 | 1.698 | 10 |
| Kinda vöðvar, kjötborð | 1.098 | 1.298 | 1.098 | 15 |
| Kinda gúllas, kjötborð | 998 | 1.298 | 998 | 25 |
| Kinda snitsel, kjötborð | 998 | 1.298 | 998 | 25 |
| Kinda hakk, kjötborð | 529 | 689 | 529 | 25 |
| Koldin sinnep sætt 450 g | 98 | 153 | 218 | 35 |
| Mc Cain franskar kartöflur, rifflaðar 1 kg | 278 | 359 | 278 | 25 |

**nettó**

Tilboðin gilda til 13. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Móa lausf.kjúklingabitar 9 stk. 1 kg | 220 | 439 | 220 | 50 |
| Best helgarsteik m. sólþ. tómötum 1 kg | 779 | 1.298 | 779 | 40 |
| Ferskar kjötv. hamborgarhryggur m/beini | 799 | 1.398 | 799 | 45 |
| Ferskar kjötv. bacon pakki 1 kg | 649 | 1.298 | 649 | 50 |
| Borg.franskar grillpylsur 1 kg | 389 | 777 | 389 | 50 |
| Kjörís heimaís vanillu 2 l | 299 | 499 | 150 | 40 |
| Ql ferskur appelsínusafi | 99 | 159 | 99 | 40 |
| Kristjáns hjónabandsæla 410 g | 298 | 498 | 726 | 40 |
| Vanish Oxi Action (blettahreinsir) 1 kg | 399 | 919 | 399 | 60 |

**KRÓNAN**

Tilboðin gilda til 15. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Móa kjúklingabringur magnpk. | 1.298 | 2.295 | 1.298 | 45 |
| Goða medisterpylsa reykt | 367 | 668 | 367 | 45 |
| Krónu þurrkryddaðar svínakótilettur | 979 | 1.399 | 979 | 30 |
| Bautabúrs dönsk sælkerasteik | 779 | 1.299 | 779 | 40 |
| Nóa páskaegg nr. 4 | 699 | 699 | 699 | |
| Stjörnu partymix salt/pipar 170 g | 169 | 215 | 994 | 20 |
| Náttúra Ace safi 1 l | 89 | 99 | 89 | 10 |
| Bounty Select 3 stk. | 269 | 398 | 90 | 35 |
| Platinum hárfroða extra 2 brúsar 250 ml | 49 | 99 | 25 | 50 |
| Platinum Hárgel Weet Look 250 ml | 49 | 99 | 40 | 50 |

**HAGKAUP**

Tilboðin gilda til 15. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Úrbeinaður svínahnakki | 699 | 1.298 | 699 | 45 |
| Svínabógur | 399 | 498 | 399 | 20 |
| Hamborgarhryggur m/beini | 799 | 1.398 | 799 | 45 |
| Holta ferskar kjúklingalundir | 1.467 | 2.095 | 1.467 | 30 |
| Holta kjúklingalæri m/legg | 419 | 599 | 419 | 30 |
| Innfluttar kjúklingarbringur | 1.199 | 1.499 | 1.199 | 20 |
| Freschetta pizza XXL speciale 760 g | 399 | nýtt | 525 | |
| Daloon Kínarúllur 10 stk. 900 g | 499 | 679 | 554 | 25 |

**Þín verslun**

Tilboðin gilda til 16. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ferskur kjúklingur | 395 | 669 | 395 | 40 |
| Kjúkliga læri-leggir-vængir | 395 | 598 | 395 | 35 |
| Grand Orange lambalæri | 1.334 | 1.668 | 1.334 | 20 |
| Capri Sonne appelsínudjús 10 stk. | 289 | 339 | 29 | 15 |
| Hunt's Tómarsósa 680 g | 99 | 139 | 138 | 30 |
| Frón muffins 400 g | 279 | 349 | 697 | 20 |
| Frón vínarbrauð 400 g | 279 | 349 | 697 | 20 |
| Bold þvottaduft 1.1 kg | 399 | 569 | 363 | 30 |



Yfirhafnir á hálfvirði
Vattúlpur, dúnúlpur, ullarkápur, húfur og hattar
S: 588 5518
Opnunartími Mörkinni 6
mán. – fös. 10 – 18
lau. 10 – 16
Topp HÚSIÐ

Vor 2004
Ný sending af töskum, beltum, nælum og klútum.
Mikið úrval af hárskrauti og skartgripum fyrir fermingar.
Vorlínan frá Pilgrim komin – tilvalin gjöf
Sendum í póstkröfu

SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466


KÍNASKÓR
Mikið úrval af kínaskóm í barna- og fullorðinsstærðum
Tilboð - Eitt par kr. 1290 • Tvö pör kr. 2000 -
Stærðir 27-41
Bómull: Svartir og rauðir
Satín blóma: svartir, rauðir og dökkbláir
Flauel: Svartir og brúnir ( stærðir 35-41)
Einnig mikið úrval af blómaskóm í mörgum litum og stærðum.
SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466

ÁG MOTOR SPORT
Settu í rallygírinn við lærdóminn
Sportsæti við skrifborðið
Tilvalin fermingargjöf

ÁG mótorsport • Kletthals 9
110 Reykjavík • s. 587 5547
Verslun á netinu : www.ag-car.is/motorsport

GÍTARINN EHF.
www.gitarinn.is STÓRHÖFÐA 27 -SÍMI: 552 2125 gitarinn@gitarinn.is
Erum að taka upp nýja sendingu

Rafmagnsgítarpakki verð frá kr. 22.900
Rafmagnsgítar, magnari, poki, ól, snúra og gítarneglur. Stillitæki
Klassískur gítar frá 10.900
Þjóðlagagítar frá kr. 14.900

MAPEX trommusett með stöndum og diskum
rétt verð kr. 79.900
tilboðsverð kr 59.900
BJÓÐUM UPPÁ RAÐ- OG LÉTTGREIÐSLUR

BOÐSKORT
Kíktu á sýnishorn á:
www.ljosmyndavorur.is

FUJIFILM
Skipholti 31, Reykjavík, s: 568 0450
Kaupvangsstræti 1, Akureyri, s: 461 2850
LJÓSMYNDAVÖRUR

# Flísefnadagar í Föndru

***Ef keypt eru efni er líka afsláttur af sniðum.***

Flísefnadagar eru nú í Föndru við Dalveg í Kópavogi. Það merkir að alls konar flísefni eru seld á verulegum afslætti og kosta nú aðeins 750 krónur metrinn í stað 995 króna áður. Einnig býðst þeim sem versla flísefni á tilboðsdögunum að kaupa sér svokölluð onion fatasnið með 10% afslætti. Nú er góður tími til saumaskapar áður en vorannir bresta á. Opnunartími í Föndru er virka daga kl.10-18 og laugardaga kl.11-16. ■

# Barnaföt á hálfvirði

***Veggir og slár þaktar vönduðum fötum á 50% afslætti í Barnaheimi í Síðumúla.***

Hægt er að gera mjög góð kaup á barnafatnaði í versluninni Barnaheimi í Síðumúla 22 þessa dagana. Þar eru veggir og slár þaktar af vönduðum fatnaði sem seldur er á hálfvirði. Þetta eru úlpur og jakkar, útigallar, buxur, peysur, bolir og sokkar svo nokkuð sé nefnt og skór eru einnig á 50% afslætti. Hægt er að finna föt á allt frá þriggja mánaða til átta ára. Um merkjavöru er að ræða, svo sem Diesel og Nike. Verið er að taka upp nýju vor- og sumarlínurnar, meðal annars í ungbarnaföt-um. ■




**Gentle Exfoliating**



**Frískandi skrúbbandlitshreinsiklútar.** Klútarnir fjarlægja dauðar húðfrumur og hreinsa húðina án þess að þurrka hana. Kjarni úr greipávöxtum frískar upp á húðina og kjarni úr sítrónugrasi tónar og örvar húðina. Klútarnir innihalda einnig B5 próvítamín og kamillukjarna sem gefa húðinni raka og róa hana. Húðsjúkdómafræðilega prófaðar.

**Deep Cleansing**



**Mildir en áhrifaríkir andlitsdjúphreinsiklútar sem fjarlægja andlitsfarða og eru góðir fyrir húðina.** Náttúrulegir ávaxtakjarnar (AHA) djúphreinsa húðina, B5 próvítamín vernda hana og næra og Kamillukjarni róar húðina. Klútarnir innihalda enga olíu og stífla þar af leiðandi ekki svitaholurnar. Ofnæmisprófaðir.

**Age Defying**



**Andlitshreinsiklútar sem innihalda sérstaka blöndu af andoxunarefnum til þess að hægja á öldrun húðarinnar:** Coensím Q10, beta glucan, vínberjakjarnaolía, kjarni úr grænu te og E vítamín. Sæt möndluolía og B5 próvítamín gefa húðinni raka og vernda hana. Klútarnir eru mildir en áhrifaríkir og henta sérstaklega til hreinsunar á augnfarða.

**Herbal Cleansing**



**Andlitshreinsiklútar sem innihalda blöndu af lækningajurtum og vítamínum til þess að hreinsa, fjarlægja farða og vernda húðina.** B5 próvítamín verndar og gefur húðinni raka, kamillukjarni róar hana. Húðin verður fersk og heilbrigð útlits. Ofnæmisprófaðir.

cu2 **Fást í öllum helstu apótekum landsins** Dr. Fischer











**fasteignir**
**Á MÁNUDÖGUM**
✓ **Auglýsingasíminn er 550 5000**
**auglysingar@frettabladid.is**
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesna blað landsins -

# FERMINGAR

*{ barnið í brennidepli }*




... með allt fyrir

**fermingarnar**

Gjafirnar, fötin, veislan, skreytingarnar,
hárgreiðslan og allt hitt fyrir ferminguna.

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

# Skein í verðmiða við altarið

***Sóley Kaldal, fatahönnuður og tískugúru með meiru, var alveg eins og Gwyneth Paltrow þegar hún fermdist og heldur ennþá mikið upp á fermingarfötin sín.***



„Ég fermdist annan í páskum árið 1997 í Áskirkju í Laugarásnum. Þetta var hefðbundin ferming en ég man hvað mér þótti þetta rosalega merkilegt. Þetta er náttúrlega viss áfangi og ég var farin að hugsa um daginn alveg ári áður,“ segir Sóley.

„Ég man sterkt eftir því að ég hugsaði mikið um í hverju ég ætti að vera. Ég er þannig að ef ég er að fara að gera eitthvað svona mikilvægt þá verð ég að byrja að pæla í fötunum hálfu ári áður sem ég gerði í þessu tilviki. Ég vildi vera í einhverju alveg sérstöku. Ég fór í bíó með mömmu um haustið og við fórum á myndina Emma með Gwyneth Paltrow. Það er tímabilsmynd og allir kjólarnir sem hún var í voru æðislega flottir. Rosalegir blúndukjólar með púffermum. Þá ákvað ég að ég vildi vera í svona kjól í fermingunni þannig að ég fór heim og teiknaði upp kjólinn og mamma hjálpaði mér. Síðan fengum við saumakonu sem er fjölskylduvinur til að sauma hann. Ég er ennþá rosalega ánægð með þennan kjól og mér finnst hann æðislega fallegur þó að þetta sé enginn tískugripur,“ segir Sóley sem fór auðvitað í greiðslu í stíl.



Sóley hefur algjörlega sætt sig við sínar fermingarmyndir ólíkt sumum. „Svona var maður bara á þessum tíma,“ segir hún.

„Ég var með greiðslu alveg eins og Gwyneth Paltrow í myndinni og fór náttúrulega í æfingagreiðslu áður. Síðan klikkaði ég á að kaupa mér skó og var það eiginlega lokareddíng. Ég keypti þá bara nokkrum dögum fyrir ferminguna og þegar ég kraup á altarinu á sjálfan fermingardaginn þá skein í verðmiðana undir skónum sem var frekar hallærislegt. Dæmigert að vera búin að velta fötunum fyrir sér í hálft ár en klikka svo á smáatriðunum.“

Veislan eftir ferminguna var hádegismatur en Sóley tók ekki mikinn þátt í undirbúningnum. „Mamma og systir mín sáu eiginlega um þetta en það var voða gaman að vera miðpunktur athyglinnar í svona veislu í fyrsta sinn. Ég spjallaði við fólkið og fékk fullt af gjöfum en þetta er visst álag þegar maður er svona lítill,“ segir Sóley. Hún segir eina fermingargjöf standa upp úr. „Mamma og pabbi gáfu mér skíðaferð í ítölsku Alpana. Það var æðisleg ferð. Pabbi var mikill skíðamaður og því smitaði hann út frá sér og þetta var rosalega góð og eftirminnileg gjöf.“

# Er með allt á hreinu

***Hjördís Ósk Kristjánsdóttir fermist ásamt bekkjarsystkinum sínum á skírdag í Grafarvogskirkju. Hún segist vera mjög spennt og er búin að undirbúa daginn vel.***

„Veislan verður haldin í sal Sigga Hall og hann mun sjá um veitingarnar, en það verða léttir réttir,“ segir Hjördís Ósk en hún telur að um 80 manns muni koma í veisluna. Hún segist ekkert vera farin að huga að boðskortunum en hún ætli að búa þau til sjálf.

„Ég hélt að ég yrði svo lengi að velja fötin en svo tók þetta enga stund. Ég fór bara í eina búð og fann þau um leið,“ segir Hjördís Ósk en hún ætlar að vera í pilsi og bleikri peysu. „Ég fer í prufugreiðslu og greiðslu á Stubbalubbum og ég ætla í myndatöku eftir athöfnina í kirkjunni,“ segir Hjördís Ósk sem ætti nú að vera vel í stakk búin fyrir myndatöku þar sem hún hefur verið á fyrirsætunámskeiði hjá Eskimó-models.

Fermingarfræðsluna segir hún hafa verið fína þó hún taki ekki undir að hún hafi verið skemmtileg. „Við tölum um trúna og Jesú og lærum trúarjátninguna,“ segir Hjördís Ósk sem hefur ekki enn ákveðið hvaða vers hún ætlar að fara með en hefur þó litlar áhyggjur af því.

Mest segist hún hlakka til að opna pakkana og lætur sig dreyma um að fá fartölvu í fermingargjöf. Hins vegar stendur ekki á svari þegar hún er spurð af hverju hún er að fermast. „Til að staðfesta skírnina og vegna þess að ég trúi á guð,“ segir Hjördís Ósk Kristjánsdóttir.



Hjördís Ósk ákvað að ferma sig án umhugsunar þar sem hún segist vera trúuð.







## FERMINGARTERTAN

Hvort sem boðið er upp á mat, kaffi og kökur eða eitthvað mitt á milli í fermingarveislunni þá er terta sem tilheyrir þessum merkisdegi við hæfi. Veislan á Seltjarnarnesi útbýr slíkar tertur fyrir fólk en þar á bæ fengust menn líka til að gefa þeim góð ráð sem vilja gera svona tertur sjálfir.

MARSIPANTERTA

**Svampbotn:**
6 egg
250 g sykur
1 dl hveiti
1 dl kartöflumjöl
2 tsk lyftiduft
2 msk vatn

Eggin eru þeytt vel með sykrinum. Þurrefnunum blandað saman og þau hrærð varlega saman við eggjahræruna, vætt í með vatninu. Deiginu er skipt í tvennt og bakaðir úr því tveir ferkantaðir botnar með eftirfarandi hætti: Bökunarpappír settur á plötu og deigið þar ofan á. Bakað í 200 gráðu heitum ofni í 15 til 20 mínútur. Hvolft á þurrt og hreint viskastykki og pappírinn tekinn varlega af. Ef hann er fastur þá er ráð að bleyta annað viskastykki og leggja ofan á hann um stund. Botnarnir eru látnir kólna og sniðnir til eftir þörfum.

**Fylling:**
Bananar, perur og súkkulaðibitar blandað saman út í rjóma. Fyllingin sett á neðri botninn, hinn settur yfir og síðan er myndað bókalag á kökuna.

**Til skrauts:**
Marsipan er rúllað út og sett yfir alla kökuna, þynnra lag af marsipani sett yfir og notað sem blaðsíða, tertan skreytt með marsipanrósum, ferskum jarðarberjum, blæjuberjum og súkkulaðiskrauti. Fermingardagurinn og nafn fermingarbarnsins er skrifað á með bræddu súkkulaði.




GEFÐU FREKAR **FRAMTÍÐARBÓK** KB BANKA

Framtíðarbók KB banka er góð fermingargjöf, gjafakort fást í næsta útibúi.

**Verðtryggður sparireikningur með hæstu vexti almennra innlánsreikninga bankans.**
**Innstæðan verður laus til úttektar við 18 ára aldur.**

KB BANKI

www.kbbanki.is





2x10w Míkrósamstæða hjá Heimilistækjum á kr. 14.995



Stafræn myndavél, Olympus – MJU-MINI til í nokkrum litum hjá Sjónvarpsmiðstöðinni á kr. 27.990



iPod Shuffle fæst í Apple búðinni á kr. 10.900



Apple iBook fartölva í Applebúðinni á kr. 109.900 – 185.900



Philips 2GB Jukebox með útvarpi hjá Heimilistækjum á kr. 24.995



Tivoli PAL útvarp í Epal á kr. 21.900

# Tæki og tól eru vinsæl til gjafa

***Það hefur löngum verið til siðs að gefa fermingarbörnum hljómflutningstæki svo þau geti hlustað á sína tónlist í friði.***

Ein af sígildari fermingargjöfum síðari ára eru græjur. Var það gjarnan aðalmálið hjá fermingarbörnum að geta fengið sínar eigin hljómflutningsgræjur í herbergið sitt og geta hlustað á sína tónlist án þess að þurfa að notast við græjurnar í stofunni hjá mömmu og pabba. En það eru fleiri tæki sem hinir fullorðnu hafa einir setið að sem fermingarbörnin sækjast eftir, eins og símar, myndavélar og sjónvörp. Og í ár virðast gsm-símar og mp3 spilarar vera vinsælastir og mörg fermingabörn láta líka sig dreyma um fartölvur. Eitt er víst að úrvalið er nægilegt og um auðugan garð að gresja í þessum efnum. Ekki ætti vera erfitt að græjuvæða fermingarbarnið á einni nóttu.



Heimabíósett með DVD spilara hjá Heimilistækjum á kr. 24.995



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Langar í upptökuvél

***Daníel Már Magnússon bíður spenntur eftir fermingunni sinni og fær að ráða miklu um það hvað boðið verður upp á í veislunni.***

„Ég er búinn að vera á fullu í fermingarfræðslunni. Það er voða gaman og allir vinir mínir eru að fermast með mér. En stundum getur þetta verið frekar leiðinlegt. Skemmtilegast er samt að við fáum stundum pítsur í hádeginu," segir Daníel en hann fermist í Árbæjarkirkju 24. mars næstkomandi.

„Veislan verður haldin í sal sem amma mín leigði. Hún reddaði einhverjum sal í vinnunni hjá sér og eini dagurinn sem hann var laus var einmitt dagurinn sem ég fermist. Það verða kökur og fullt af mat eins og til dæmis kjúklingur. Ég fæ aðeins að taka þátt í að velja það sem verður boðið upp á. Ég var meira að segja að tala við kokkana fyrir tveim vikum um það," segir Daníel sem spáir ekki bara í veisluna heldur líka í sjálfa ferminguna. „Ég spái svolítið í þessa athöfn. Ég er náttúrlega að staðfesta trú mína fyrir Guði og Jesú. Ég bið einstaka sinnum til Guðs og ég held að ég sé í ágætis tengslum við trúna. Ég kvíði samt fyrir þegar ég þarf að segja mikið eins og æðruleysisbænina og hina gullnu reglu."

Og hvað er svo efst á óskalistanum? „Mig langar mikið í upptökuvél. Ég og vinur minn gerum mikið af stuttmyndum þannig að það væri mjög gott að eignast stafræna myndavél. Ég veit svo sem ekkert hvað ég fæ því mamma og pabbi vilja halda mér spenntum og segja mér alls ekki hverju ég á von á."








FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Séra Bjarni Þór ásamt fermingarbörnum sem koma í kirkjuna að hlýða á lestur Passíusálms. Á föstunni les þingmaður einn Passíusálm daglega í Grafarvogskirkju.

# Fermingin er upphaf göngunnar með guði

***Hvergi fermast fleiri börn en í Grafarvcogskirkju eða 300 alls. Að sögn prestsins hafa fermingarbörnin verið dugleg að sækja kirkju.***

Í Grafarvogskirkju fermast rúmlega 300 börn og eru þau hvergi fleiri í einu prestakalli enda Grafarvogsprestakall það stærsta á landinu. Fyrsta fermingin er 13. mars og sú síðasta er sumardaginn fyrsta og fermast tæp 30 börn í hvert sinn. Séra Vigfús Þór Árnason fermir börnin en prestarnir Bjarni Þór Bjarnason, Elínborg Gísladóttir og Lena Rós Matthíasdóttir annast fermingafræðsluna.

„Fermingarbörnin eru mjög dugleg að sækja kirkjuna," segir séra Björn Þór Bjarnason en heilmikið starf er í kringum fermingarfræðsluna. „Þau eiga að sækja vissan fjölda af messum og eru mjög dugleg við það, auk þess sem þau hafa mætt á ýmsa viðburði í kirkjunni," segir séra Bjarni Þór. „Á aðventunni vorum við með 15 mínútna bænastund á hverjum morgni kl. 7 og var virkilega gaman að sjá hversu mörg þeirra rifu sig upp svona árla dags og mættu," segir séra Bjarni Þór.

Kirkjan skipuleggur ýmsa skemmtilega viðburði fyrir börnin á má þar nefna mæðgna- og feðgakvöld þar sem fermingarbörnin mæta í kirkjuna með nánum ættingja af sama kyni. „Haldin er helgistund og fáum við til okkar skemmtilega gesti sem tala við krakkana. Við höfum meðal annars fengið Ágústu Johnson, Hemma Gunn og Guðna Bergs," segir séra Bjarni Þór.

Eftir ferminguna segir séra Bjarni Þór að börnin séu hvött til að halda áfram að sækja kirkjuna. „Þetta er ekki útskrift, heldur byrjun og upphafið á göngunni með guði og ævintýrinu að lifa sem kristin manneskja," segir séra Bjarni Þór.






Góður myndasími með
miklum möguleikum

**Léttkaupsútborgun:**
**1.980 kr.**
**og 1.250 kr. á mán.**
**í 12 mán.**

Sony Ericsson K500

**Verð aðeins:**
**16.980 kr.**

- Tri-Band 900/1800/1900 GSM
- Þyngd: 80 g
- Music Dj
- Íslensk valmynd
- Taltími: Allt að 7 klst.
- Litaskjár
- Myndavél
- Tekur upp hreyfimyndir
- 12 MB innbyggt minni
- MP3 spilari
- POP3 og IMAP tölvupóstur

*Eingöngu fyrir GSM kort frá Símanum.



Glæsilegur sími
með myndavél

**Léttkaupsútborgun:**
**1.980 kr.**
**og 1.750 kr. á mán.**
**í 12 mán.**

Sony Ericsson K700

**Verð aðeins:**
**22.980**

- VGA myndavél
- 41 MB innbyggt minni
- Tekur og spilar hreyfimyndir
- Ljós f. myndatöku
- Íslensk valmynd
- POP3 og IMAP tölvupóstforrit
- Pólýtónar og MP3 tónar
- MP3 spilari og útvarp
- Music DJ

*Eingöngu fyrir GSM kort frá Símanum.

Með símunum*
fylgir 3.000 kr.
inneign hjá
retro

## ADSL tilboð



**Verð á búnaði:**
**2.490 kr.**

ÞRÁÐLAUST INTERNET**

Stofngjald m.v.
12 mánaða áskrift

## Kaupauki

- Þráðlaus USB tenging fyrir borðtölvu
- Spilun á Jewel Quest á netinu í einn mánuð án endurgjalds



**Innifalið í Internetáskrift hjá Símanum er m.a.:**

- 5 netföng – 50 MB
- 50 MB heimasíðupláss
- Öflugar vírus- og ruslpóstvarnir
- Tilboð á tölvuleikjum á siminn.is/leikir og hugi.is/leikir
- Verðþak

**Mánaðargjald frá 4.820 kr.

Flottur sími með
miklum möguleikum

**Léttkaupsútborgun:**
**2.980 kr.**
**og 1.000 kr. á mán.**
**í 12 mán.**

Motorola V300

**Verð aðeins:**
**14.980 kr.**

*Eingöngu fyrir GSM kort frá Símanum.



- 5 MB innbyggt minni
- MP3 spilari
- Handfrjáls hátalari
- Pólýtónar og MP3 tónar
- Samkeyranlegur við Outlook

## Nú getur síminn þinn öskrað eins og ljón

Náðu þér í furðulega rauntóna á **siminn.is**

800 7000 - **siminn.is**

**Síminn**

ENNEMM / SÍA / NM15537



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það var ekkert verið að sveifla myndavélum þegar Helgi Þorgils fermdist svo það varð bara að festa hann á filmu núna.

# Fékk grammófón frá gamalli frænku

***Helgi Þorgils Friðjónsson listmálari var með 40 stiga hita daginn fyrir ferminguna en var orðinn alheill þegar athöfnin fór fram. Það hlýtur að hafa verið guðleg forsjón.***

„Ég átti náttúrlega að kunna eitthvert vers en ég man ekki hvort ég lærði það nógu vel. Það var ekki lagt neitt ofurkapp á það," segir Helgi Þorgils þegar hann er beðinn að rifja upp fermingardaginn sinn. Reyndar er minningin dálítið í þoku enda var drengurinn búinn að vera lasinn. „Ég átti heima í Stykkishólmi, var nýfluttur þangað úr Dölunum og það var sr. Hjalti Guðmundsson, seinna Dómkirkjuprestur sem fermdi mig," rifjar hann upp. Nú kveðst hann sjálfur eiga börn sem búin séu að fermast og hrósar þeim fyrir að kunna versin sín, miðað við hann sjálfan.

En var ekki veisla í Hólminum á sínum tíma? „Jú," svarar hann. „En það var allt miklu hófstilltara en núna. Það komu nokkrir kunningjar mömmu og pabba sem áttu börn á okkar systkinanna aldri og þau komu þá líka. Það voru ekki margir úr Hólminum sjálfum. Meira úr Dölunum og Reykjavík." Móðir hans var að sjálfsögðu búin að baka. „Það var allt fljótandi í kökum. Mér þóttu pönnukökurnar bestar og flatkökurnar með hangikjötinu," segir hann.

Fermingargjafirnar eru í dálítilli móðu í minningu Helga Þorgils. „Ég held ég hafi fengið úr frá pabba og mömmu og frá einni uppáhaldsfrænku gamlan, lítinn grammófón sem var frumstæður miðað við það sem kom síðar. En bítlaplöturnar voru þó spilaðar á hann."

Enga mynd á myndlistarmaðurinn frá fermingardeginum. „Það var ekkert mikið verið að sveifla myndavélum á þessum tíma," segir hann og þá er bara eftir að rifja upp hvenær „þessi tími" var. „Ég man ekki alveg hvenær ég fermist, sennilega um 1965. Ég veit þó að ég er fæddur 1953." Þegar honum er bent á að fólk fermist yfirleitt 14 ára eða á 14. ári svo trúlega hafi þetta verið 1966 eða 7 svarar hann hlæjandi:

„Já, nema ég hafi verið undrabarn á þessu sviði!"

# SUMARLEGIR OG SÍGILDIR

***Úrvalið af fermingarskóm er litríkt og skemmtilegt.***

Miklu máli skiptir að fermingarskórnir séu hinir réttu og passi vel við fatnaðinn. Fermingarskór sem eru í boði í verslunum eru fjarri því að vera allir eins og eru þeir til í margs konar litum og ætti allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Hvítir og bleikir skór eru vinsælir hjá stelpunum og hjá strákunum eru það svörtu og brúnu skórnir sem gilda. Kvenskórnir eru fallegir og rómantískir og herraskórnir eru strákslegir og kúl. Flestir eru þeir þó sumarlegir þar sem vorið er á næsta leiti og skynsamlegast að fá sér skó sem hægt er nota í sumar, því einhverjir gætu verið búnir að vaxa upp úr þeim í haust.



Litríkir og líflegir skór í Kron á 12.900 kr.



Sígildir svartir skór í Eurosko á 3.990 kr.



Svartir og sígildir í Valmiki á 8.995 kr.



Dömulegir skór í The shoe studio á 8.500 kr.



Sportlegir og sparilegir í Bianco á 6.800 kr.



Grænir skór með vínrauðri flauelsslaufu í Kron á 11.990 kr.



Brúnir og fallegir skór í The shoe studio á 10.900 kr.



Sixties skór í The shoe studio á 6.900 kr.



Smart herraskór í the shoe studio á 8.900 kr.



Hvítir og klassískir í Bianco á 6.800 kr.


www.utilif.is




Flott hugmynd að fermingargjöf

**Jamis Ranger SX**
Frábært fjallahjól. 6061 álstell.
SR M300 framdempari.
Shimano Tourney TX30 afturskiptir.
Til í rauðu og svörtu.

**25.990 kr.**

Einnig til án dempara (stálstell)
**19.990 kr.**

Smáralind
Sími 545 1550
Glæsibæ
Sími 545 1500
Kringlunni
Sími 575 5100

ÚTILÍF




Í Top Shop og Top Man er hægt að fá hjálp við fermingarundirbúninginn.

# Sniðug fermingarþjónusta

***Stílisti velur fötin fyrir ferminguna.***

Í verslununum Top Shop og Top Man geta fermingarbörnin fengið hjálp við að velja fermingarfötin. Fermingarbörnin og foreldrar þeirra geta hringt í síma 552 8383 og pantað tíma seinnipartinn á fimmtudögum og föstudögum og milli 12 og 15 á laugardögum með stílista verslananna. Stílistinn lóðsar fermingarbarnið síðan um verslanirnar og finnur föt á barnið og að sögn starfsmanna verslananna tekur það ekki meira en um tuttugu mínútur.

Einnig geta fermingarbörn tekið þátt í sérstökum fermingarleik á vegum verslananna og unnið 10 þúsund króna fataúttekt. Það kemur sér vel þegar maður er kominn í fullorðinna manna tölu.

Dimension XPS:
öflugasta leikjatölvan frá Dell




# Blessuð börnin eru bara orðin svo fljót að hugsa

## DIMENSION XPS GEN. 3

Öflugasta og skemmtilegasta fermingargjöfin kemur frá Dell. Ógnarhraði, frábært skjákort, blikkandi ljós og blái liturinn sem gerir alla hina græna af öfund!

**XPS**, nýjasta Dimension-línan frá Dell er með **Pentium 3,6GHz Prescott**, einn alöflugasta örgjörvann frá Intel, **DDR2**, hraðvirkasta minni sem völ er á og **PCI Express**, skjákort sem leysir AGP af hólmi og gefur leikjum alveg nýja vídd. Hörðu diskarnir eru með **RAID**, hraðvirkari og öruggari en hefðbundnir diskar, enda er þá venjulega að finna í öflugum netþjónum. **Soundblaster Audigy 2** - THX vottað 6.1 Surround hljóðkort sér síðan um að allt hljómi einsog það á að gera.

**Leikjapakki fylgir:** FIFA 2004 + Need for Speed Underground + Medal of Honor Allied Assault

## DIMENSION XPS GEN. 3 TURNTÖLVA

**Fermingartilboð 169.900,-**

- Intel Pentium 4, 3.6GHz örgjörvi,1MB, 800MHz FSB og HT
- 1024MB 533MHz DDR2 vinnsluminni, hámark 4GB
- 250GB 7200 RPM SATA harður diskur
- 16x DVD/RW Dual layer skrifari
- Dell 10/100/1000 netkort
- 256MB 16x PCI Express ATI X800 XT (DVI/VGA/TV) skjákort
- Soundblaster Audigy 2 Digital hljóðkort (EAX 4.0)
- 8 USB 2.0 tengi og 2 FireWire tengi, serial, parallel
- Íslenskt lyklaborð & Logitech ljósamús
- Windows XP Professional og Microsoft Works 7.0
- Turninn er upplýstur að framan, 7 ljósastillingar
- 2ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

**Öllum fermingartilboðum frá EJS fylgir einn frímánuður hjá Hive.**

**Dell tölvur fást hjá EJS og eftirtöldum aðilum:** TÖLVU- OG RAFEINDAÞJÓNUSTA SUÐURLANDS / Eyravegi 37, Selfossi / 480 3300 • TÖLVUN / Strandvegi 51, Vestmannaeyjum / 481 1122 • TÖLVUSMIÐJAN / Nesgötu 7, Neskaupstað / 470 2230 // Miðási 1, Egilsstöðum / 470 2220 • NETOS / Eyrargötu 2, Ísafirði / 456 8440 • MAREIND / Nesvegi 7, Grundarfirði / 438 6611

Fíton/SÍA

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

## HVER GAF HVAÐ?



Það er ákveðið spennufall þegar fermingarbarnið heldur heim til veislunnar eftir hátíðlega athöfn í kirkjunni. Gjafirnar hrúgast svo að segja yfir barnið frá öllum mögulegum ættingjum og erfitt getur reynst að fylgjast með hver gaf hvað. Gott ráð fyrir fermingarbarnið er að skrifa inn í hvert kort hvað hver ættingi eða vinur gaf. Einnig getur fermingarbarnið fengið systkini eða skólafélaga í lið með sér og skrifa gjafir og gefanda í þar til gerða bók. Þannig fer ekki á milli mála hver gaf hvað og fermingarbarnið getur þakkað öllum kærlega fyrir sig.









Misjafnt er hvort fólk heldur veisluna heima eða í sal úti í bæ. Veislan er einn stærsti kostnaðarliðurinn á fermingardeginum.

# Heimatilbúin veisla er hagkvæmasti kosturinn fyrir foreldra

***Það er í mörg horn að líta þessa dagana hjá foreldrum fermingarbarna við skipulagningu og undirbúning stóra dagsins. Stærstu kostnaðarliðirnir í kringum hefðbundna fermingu eru veislan, fermingarfötin og myndatakan. Við þetta bætast hárgreiðsla, sálmabók og ýmislegt fleira og eru þá fermingargjafir ekki meðtaldar.***

Það er mjög misjafnt hvaða leiðir fólk velur í fermingarhaldi. Sumir velja að hafa undirbúninginn á heimilislegu nótunum og sjá sjálfir um veisluna og spara í leiðinni, meðan aðrir velja að panta veislu utan úr bæ og losna við að standa eldhúsvaktina. Hefðbundnar matarveislur þar sem boðið er upp kalkún, skinku, lax og fleira góðgæti eru vinsælar, meðan margir foreldrar halda sig við gömlu góðu kaffiveisluna með smurbrauðstertum, flatkökum, snittum og tertum. Marsipanterta eða kransakaka er svo auðvitað ómissandi í fermingarveislunni en þær er hægt að panta í flestum bakaríum bæjarins, nú eða bara baka heima. Svo má ekki gleyma öðrum þáttum í fermingunni sem kosta líka sitt en þar eru myndataka, fatnaður og fermingargjald stærstu liðirnir. Hér að neðan má sjá meðalkostnað við fermingu, miðað við 60 manna veislu sem haldin er heima. Þó er gert ráð fyrir því að fermingartertan sé pöntuð úr bakarí.



Margir foreldrar kjósa að standa eldhúsvaktina og baka ótal kökur handa gestunum.

Það skal tekið fram að þessar tölur geta hækkað og lækkað eftir aðstæðum hverju sinni. Hanskar, hárskraut og vasaklútur fyrir stúlkurnar hækkar þennan reikning til dæmis um ca. 2.750 krónur. Marsipanterta úr bakarii getur kostað á bilinu 19.400 til 27.500 krónur en kransakökur geta farið niður í 13.300 krónur.

Myndatökur eru líka misdýrar, allt eftir því hversu margar myndir er um að ræða og hvort þær eiga að svart/hvítar eða í lit, eða teknar með öðrum fjölskyldumeðlimum. Verðið hér að ofan miðast við 12 myndir og blandaða myndatöku. Fermingarfötin geta kostað frá 10 þúsund krónum og uppúr, allt eftir því hvar er keypt og hversu miklir fylgihlutir er teknir með.

Klipping eða hárgreiðsla kostar á bilinu 3.500 til 9.000 krónur allt eftir þörfum hverju sinni. Prestar fá greitt fast fermingargjald en í því er innfalin fermingin sjálf og fermingarfræðslan yfir veturinn. Ef fermingarveislan er pöntuð frá veisluþjónustu aukast útgjöldin töluvert en 60 manna veisla með smárétti eins og tapas, salötum og súpu kostar í kringum 150 þúsund krónur. Heildarkostnaðurinn myndi því fara í um og yfir 230 þúsund. Foreldrar geta því stjórnað því mikið sjálfir hversu mikið fermingin kostar og hversu mikið í hana er lagt.

Kaffiveisla kr.82000
Marsipanterta kr. 23000
Myndataka kr. 21500
Fermingarföt kr. 20000
Hárgreiðsla kr. 5500
Fermingargjald kr. 9300
Kyrtlagjald kr. 1000
Sálmabók kr.1850
Blóm á borðið kr. 4500
Servíettur kr. 1300
**Samtals kr.169.950**

# Mynd af barninu sett á servíettur

***Hefð er fyrir því að láta gylla sálmabækur og servíettur fyrir ferminguna.***

„Þetta er miklu vinsælla núna en þegar ég byrjaði árið 1975," segir Ásgeir Guðmundsson hjá Bókavirkinu sem gyllir bækur, servíettur og seðlaveski fyrir fermingarbörn. „Áður voru það bara nokkrar bókabúðir sem buðu upp á þetta en nú eru þær fleiri auk þess sem fólk kemur beint hingað til mín," segir Ásgeir.

Hann segist hafa notað sama letrið öll þessi ár en helsta nýjuning er að fá mynd á servíetturnar. „Fólki vill núorðið fá myndir, og er ég með krossa og flestallar kirkjurnar í Reykjavík og nokkrar úti á landi. Það er líka vinsælt núna að fá merki íþróttafélagsins sins," segir Ásgeir.

Hann segir jafnframt að fólk vilji hafa þetta mjög hefðbundið og stafirnir séu alltaf prentaðir á ská yfir servíetturnar. Sálmabækur og biblíur eru alltaf þrykktar með gyllingu en það sé misjafnt með servíetturnar. „Auk gyllingar er ég með silfur og alls konar liti, en gyllingin er einfaldlega langfallegust," segir Ásgeir.

„Ég hef gyllt á skíðaskó og belti og ýmislegt fleira eins og á flugmannatöskur, dagbækur og gestabækur."







# TÓNLISTARGJÖF
## ER FERMINGARGJÖFIN Í ÁR!

ROKKSKÓLINN

## Fermingartilboð:
### Öll námskeið á kr. 22.000.-

### Söngnámskeið
Hóptímar - Einkatímar
Upphitun - öndun - raddbeiting - túlkun og texti - framkoma
Sungið með undirleik - Upptaka í hljóðveri í lok námskeiðs

### Gítarnámskeið
Hóptímar - Einkatímar

### Trommunámskeið
Einkatímar
Hrynþjálfun, lestur og tækni

### Bassanámskeið
Hóptímar - Einkatímar

Skráning hafin á
www.rokkskolinn.is
og í síma 898 9955

**Gjafakort**

**Söngnámskeið**
Eva Ásrún Albertsdóttir
Erna Þórarinsdóttir
Erla Stefánsdóttir
Ruth Reginalds
Gestakennarar: Guðrún Gunnarsdóttir
og Helga Möller

**Trommunámskeið**
Magnús Ásvaldsson - *d.u.s.t*
Gestakennari: Jóhann Hjörleifsson - *Sálin*

**Gítarnámskeið**
Albert Ásvaldsson - *d.u.s.t*
Gestakennari: Guðlaugur Falk -
*Dark Harvest/Exizt*

**Bassanámskeið**
Bæring Logason - *d.u.s.t*
Birgir Kárason - *Ísafold*
Gestakennari: Hörður Stefánsson - *Brain Police*



Eva, Guðrún, Erna, Helga, Erla, Ruth, Magnús, Guðlaugur, Albert, Birgir, Höddi, Bæring

VISA · MasterCard

RYK
Ryk stúdíó

# ÓSKUM ÍRISI TIL HAMINGJU
## MEÐ NÝJU PLÖTUNA SEM KEMUR ÚT FYRIR PÁSKA

**Fermingartilboð**

**10 tímar í hljóðveri** með upptökumanni — **kr. 35.000.-**

**20 tímar í hljóðveri** með upptökumanni — **kr. 65.000.-**

Nýi diskurinn er unninn í Ryk stúdíó.
Sonet dreifing ehf. sér um framleiðslu,
kynningar og dreifingu.




**Ryk stúdíó ehf.**
Sóltún 24 - 105 Reykjavík
ryk@ryk.is - www.ryk.is
Sími 697 7817

**Rokkskólinn**
Sóltún 24 - 105 Reykjavík
rokkskolinn@rokkskolinn.is - www.rokkskólinn.is
Sími 898 9955

SONET dreifing

**Sonet dreifing ehf.**
Smiðjustígur 4a - 101 Reykjavík
music@music.is - www.music.is
Sími 520 7600 - Fax 520 7601



## Snittur á veisluborðið

Veislan á Seltjarnarnesi hleypur gjarnan undir bagga þegar mikið skal hafa við og útbýr meðal annars snittur. Hér gefur matreiðslumeistarinn Ísak góðar leiðbeiningar um gerð þeirra.

RÆKJUSNITTA
Franskbrauð, skorið út ca. 7-8 cm í hring. Majónes sprautað í hring og rækjum raðað í hring, og majonesdoppa sett ofan á rækjurnar. Hálfri gúrkusneið snúið ofan á majónesdoppuna, fyrir framan gúrkusneiðina er paprikuklof og steinselja, fyrir aftan er sítrónulauf með blönduðum (rauðum/svörtum) kavíar og síðan eru sítrónureimar settar ofan á.

LAXASNITTA
Franskbrauð, skorið út ca. 7-8 cm í þvermál í hring. Lambhagasalat sett ofarlega á snittuna, laxarós sett rétt fyrir ofan miðju, eggjamús sprautað við hliðina á rósinni og smá svartur kavíar settur ofan á laxarósina, hálfri gúrkusneið snúið í kramarhús og sett ofan í eggjamúsina með toppinn niður, rauður kavíar settur ofan í gúrkukramarhúsið.
Hálf radísusneið sett fyrir aftan gúrkuna og aspas skorinn í spíss fyrir aftan radísuna. Dill sett fyrir framan gúrkuna.

SKINKUSNITTA
Maltbrauð, skorið út ca. 7-8 cm í þvermál í hring. Skinkusneið skorin út aðeins stærra en brauðið, baunasalat sett ofan á, ca. 1 matskeið. Heil gúrkusneið snúið ofan á, fyrir aftan gúrkuna er sett 1/4 af bláu vínberi (hægra megin) og vinstra megin er sett ca. 1 cm sneið af ananas. Fyrir framan gúrkuna er ferskjuklof og vinstra megin við klofið er 1/4 af kirsuberi, steinselja þar fyrir ofan.



MORELLATO
meba | rhodium
KRINGLUNNI & SMÁRALIND


# Notaði maskara í fyrsta sinn

***Þrúður Vilhjálmsdóttir leikkona fékk hins vegar ekki að vera á háum hælum. Hún segir eftirminnilegustu gjöfina hafa verið utanlandsferð sem foreldrar hennar gáfu henni.***

Þrúður Vilhjálmsdóttir leikkona fermdist 12. apríl árið 1987 í Áskirkju. „Dagurinn byrjaði á því að ég fór í hárgreiðslu til Brósa í Síðumúlanum og hann greiddi mér. Ég var ekki byrjuð að mála mig nema ég fékk lánaðan maskara hjá systur minni. Það var í fyrsta sinn sem ég notaði einhverjar snyrtivörur og fannst það mikið mál. Mér fannst þetta mjög hátíðlegur dagur enda fermdist ég af því að mig langaði til þess og ég trúði á Guð.“

Þrúði eru fermingarfötin mjög minnistæð: „Ég var í hvítum flatbotna skóm, langaði mikið að vera í háhæluðum en fékk það ekki.



Þrúður Vilhjálmsdóttir og Róbert Vilhjálmur, sonur hennar.



Sæt og fín á fermingardaginn.

Mamma var búin að sauma á mig dress úr dökkbrúnni apaskinnseftirlíkingu, stutt pils með klaufum, vesti og svo var ég í hvítri skyrtu og með tréperlufesti. Ég man að ég var mjög ánægð með fötin og fannst þau æðisleg.“

Í veislunni var boðið upp á ofnbakaða lúðu og svo auðvitað tertu. „Þetta var ekki stór veisla og mest fjölskyldan enda voru allir vinirnir meira eða minna að fermast um sama leyti.“

Þrúður er svo auðvitað spurð um eftirminnilegar gjafir: „Eftirminnilegast var það að ég fékk utanlandsferð frá pabba og mömmu og fór til Svíþjóðar að hitta vinkonu mína sem bjó þar. Með henni og fjölskyldunni keyrði ég til Spánar sem var mikið ævintýri. Svo fékk ég skartgripi, gullhringi sem ég á ennþá og kertastjaka sem urðu eftir hjá mömmu þegar ég flutti að heiman og eru ennþá í notkun. Ég fékk Íslendingasögurnar af því að pabba fannst endilega að ég ætti að eiga þær og örugglega einhverja ljóðabók.“

Myndirðu fermast í dag? „Já, ég myndi gera það, held ég alveg örugglega. Mér finnst að efnishyggjan í kringum þetta sé orðin hálfgerð bilun en samt getur verið að þetta hafi verið svona líka þegar ég fermdist og ég hafi bara ekki vitað af því.“

# Spái ekki mikið í gjafirnar

***Ágúst Már er kristinnar trúar og finnst það skipta meginmáli við undirbúning fermingarinnar. Hann hefur lesið í biblíunni og kann vel við fræðsluna.***

Ágúst Már Guðjónsson fermist 3.apríl frá Hafnarfjarðarkirkju. Honum finnst svarið við því hversvegna hann er að fermast liggja alveg beint við. „Ég er kristinnar trúar og ég trúi á Jesú og Guð almáttugan. Ég fer stundum í kirkju og finnst fínt í fermingarfræðslunni. Ég hef aðeins lesið í biblíunni en það eru engir sérstakir kaflar skemmtilegri en aðrir.“

Hlakkarðu til fermingardagsins?

„Já, ég hlakka til að taka þátt í þessu öllu. Það er mikill undirbúningur heima og mér finnst það mjög gaman. Ég tek þátt í honum, fór til dæmis með að velja servíettur, valdi bláar servíettur og kerti í stíl.“

Spáirðu mikið í gjafirnar? „Auðvitað spái ég í þær en ekki mjög mikið, þær eru ekki aðalatriðið. Mig langar mest að fá peninga sem ég ætla að setja inn á lokaða bók láta þá ávaxta sig.“

Heldurðu að þú breytist eitthvað við að fermast? „Nei, ég held ekki. En ég lít svo á að með því að fermast sé ég búinn að sanna það að ég trúi á Guð.“



Ágúst Már tekur þátt í fermingarundirbúningnum og valdi sjálfur bláar servíettur og kerti í stíl.

hp



# Menntun er lífið sjálft

## - hp þegar gæði, hugvit og gott verð fara saman



**HP Compaq nx9020**
**skólafartölvan**

Intel© Celeron© M 360 (1,4Ghz)
15" skjár með upplausn 1024 x 768
256MB DDR vinnsluminni
60GB harður diskur
DVD +/- geislaskrifari
Þráðlaust netkort
Microsoft Windows XP Pro stýrikerfi

**hp deskjet 5740 litaprentari**
**- fylgir með**
Allt að 23 bls/mín í svörtu
Allt að 18 bls/mín í lit
Prentar ljósmyndir á jaðar pappírs

**Afborgun á mánuði**
**kr. 3.480***
Tilboðsverð kr. 139.900



**HP Compaq dc7100**
**heimilistölvan**

Intel Pentium 4 540 (3,2GHz)
1GB DDR400 vinnsluminni
160GB SATA diskur með SMART forvarnarábyrgð
16x DVD +/- „dual layer" geislaskrifari
128MB ATI 300SE PCI-E skjákort
Harman-Kardon hátalarar
Þráðlaust HP lyklaborð með skrunmús
8 USB tengi þar af tvö að framan
Microsoft Windows XP Home stýrikerfi
3ja ára HP ábyrgð á vinnu og varahlutum

**L1740 - 17" TFT skjár**
1280*1024 upplausn með 13ms viðbragðstíma
500:1 skerpu og bæði DVI og VGA inngangur
Innbyggður 2ja port USB hub
og snúningur á alla kanta

**hp deskjet 5740 litaprentari**
**- fylgir með**
Allt að 23 bls/mín í svörtu
Allt að 18 bls/mín í lit
Prentar ljósmyndir á jaðar pappírs

**Afborgun á mánuði**
**kr. 3.978***
Tilboðsverð kr. 159.900



**HP PSC 1315**
**skólafjölnotatækið**

Skanni - Prentari - Ljósritun
Auðvelt í notkun, tengi fyrir
myndavél framan á prentara,
mjög einfalt stjórnborð

**Afborgun á mánuði**
**kr. 311***
Tilboðsverð kr. 12.500



**SD 128mb minniskort andvirði kr. 3.490 fylgir með**

**HP Photosmart M407**
**nett stafræn myndavél og minniskort**

4.23MP upplausn, 18x aðdráttur
(3x linsa, 6x stafrænn), 16 MB minni,
stór 1.8" litaskjár

**Afborgun á mánuði**
**kr. 832****
Tilboðsverð kr. 22.900



**SD 128mb minniskort að andvirði kr. 3.490 fylgir með**

**HP Photosmart R507**
**stafræn myndavél sem fer vel í vasa og minniskort**

4.1MP upplausn, 21x aðdráttur
(3x linsa, 7x stafrænn), 32MB minni,
Panorama myndataka, fjarlægir
rauð augu í myndavél

**Afborgun á mánuði**
**kr. 1.023****
Tilboðsverð kr. 29.900

hp invent
20 ÁR Á ÍSLANDI
+++1985-2005+++
OPIN KERFI
www.ok.is

* Tölvulán í 48 mán. fyrir námsmenn m.v. 9,5% vexti skv. vaxtatöflu S24 þann 11.03.2005
** Græjulán í 48 mán. m.v. 13,5% vexti skv. vaxtatöflu S24 þann 11.03.2005
M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar

**Kynntu þér málið á fartolvur.is og s24.is**

hp invent

**HP Business Partners, sölu- og þjónustuaðilar:**

| | | |
|---|---|---|
| HP Búðin | Reykjavík | sími: 568 5400 |
| Samhæfni | Reykjanesbæ | sími: 421 7755 |
| Tölvuþjónustan | Akranesi | sími: 430 7000 |
| TRS | Selfossi | sími: 480 3300 |
| Stefna | Akureyri | sími: 464 2288 |

**Sjá einnig www.ok.is**

**HP Retail Partners, söluaðilar**

| | | |
|---|---|---|
| Oddi | Reykjavík | sími: 515 5105 |
| Office1 | Reykjavík | sími: 550 4100 |
| Penninn | Reykjavík | sími: 540 2000 |
| Tölvun | Vestmannaeyjum | sími: 481 1122 |
| NetX | Egilsstaðir | sími: 471 2011 |
| Tölvusmiðjan | Egilsstaðir | sími: 470 2220 |
| | Neskaupsstaður | sími: 470 2220 |
| Snerpa | Ísafjörður | sími: 520 4000 |
| Bókav. Þórarins Stefánssonar | Húsavík | sími: 464 1234 |

S24 ...og þú hagnast

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

PHILIPS

GÆÐA GRÆJUR

FRÁBÆRT ÚRVAL FERMINGAGJAFA



**Philips Mx2500**
Fyrirferðalítið og nett HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, 400w (5x30w og 1x50w RMS) Digital magnara, 5 hátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, Digital Coaxal út, Scart (með RGB), 2 RCA inngöngum og 1 RCA útgangi, FM útvarpi með stöðvaminnum og fjarstýringu. Spilar MP3 og JPG.

DVD VIDEO HEIMABÍÓ TILBOÐ 24.995
Fullt verð kr. 29.995

SPILAR MP3 DISKA



**Philips LX3600**
Nett HEIMABÍÓSETT með fjölkerfa DVD spilara, 6x100w (6x50 RMS) Digital magnara, 5 hátölurum og bassaboxi, Dolby Digital og DTS, Dolby Pro-Logic II, 3D Virtual Surround, útvarpi með stöðvaminnum og fjarstýringu.

DVD VIDEO HEIMABÍÓ TILBOÐ 27.995
Fullt verð kr. 34.995



Með DIVX VIDEO

DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD, SVCD, MPEG4, DivX 3.11/4.x/5.x

**Philips LX3900**
Ultra Slim **HEIMABÍÓSETT** með fjölkerfa **DVD SPILARA** og 600w (5x45w+75w RMS) Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II magnara, FM/LW útvarpi með RDS og stöðvaminnum, 5 hátölurum og bassaboxi, Scart, SVHS og RCA, Coax, Line In og fjarstýringu.

DVD VIDEO HEIMABÍÓ TILBOÐ 38.995
Fullt verð kr. 69.995

Fæst einnig með þráðlausum bakhátölurum á kr. 54.995



SPILAR MP3 DISKA

DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD/SVCD, MPEG4, DiVX 3.11/4.x/5.x, SACD, CD, CD-R/RW, MP3, JPEG

Með DIVX VIDEO

**Philips LX8300**
HEIMABÍÓKERFI með DVD spilara með Progressive Scan, 400w (5x50w + 1x150w RMS) magnara, 4x Video Upsampling, FM útvarpi með stöðvaminnum, 5 umhverfishátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, AUX og Coaxal inn og AUX út, Scart (með RGB), Component (Y, Pb, Pr), SVHS og RCA video út og fjarstýringu.

DVD VIDEO HEIMABÍÓ TILBOÐ 59.995
Fullt verð kr. 69.995

Heimilistæki
SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR





Jón Þór hefur ekki orðið var við að þeir sem fermast ekki séu eitthvað útundan.

# Það tíðkast ekki að ferma unglinga í Hvítusunnusöfnuðinum

***Trúin er persónuleg ákvörðun hvers og eins í Hvítasunnusöfnuðinum. Þó hafa hugmyndír um unglingablessun verið ræddar.***

Langflestir unglingar sem fæddust árið 1991 ganga í vor til kirkju og fermast. Samt ekki allir. Sumir unglingar kjósa að fermast alls ekki, aðrir að taka ákveðna siðfræðslu og fermast borgaralega og svo má ekki gleyma því að innan sumra kristinna trúfélaga tíðkast fermingar ekki. Hvitasunnusöfnuðurinn er eitt slíkt trúfélag.

„Við höfum ekki boðið upp á neitt sambærilegt í staðinn hingað til en höfum talað um að vera með unglingablessun,“ segir Jón Þór Eyjólfsson hjá Hvítasunnukirkjunni. „Unglingar innan safnaðarins eru ekki undir neinum þrýstingi frá foreldrum eða söfnuðinum um að fermast ekki, þetta tíðkast bara ekki hjá okkur.“

Af hverju ekki? „Okkar söfnuður byggir á ólíkum hugmyndum um skírnina en þeim sem tíðkast hjá Þjóðkirkjunni. Í þjóðkirkjunni eru ungbörn skírð og foreldrarnir taka þar með afstöðu til að ala barnið upp á ákveðinn hátt. Fermingin er svo staðfesting á því heiti foreldranna. Í Hvítasunnusöfnuðinum er slíkt trúarloforð hins vegar ekki veitt fyrir hönd ungbarna heldur er trúin persónuleg ákvörðun hvers og eins og skírnin á sér stað þegar einstaklingur tekur trú og ákveður að ganga trúarleiðina í lífinu. Hún er ekki bundin við aldur en lagt er upp úr að fólk hafi þekkingu og vit á því sem það er að gera og það er mikil fræðsla sem fólk gengur í gegnum.“

Jón Þór hefur ekki orðið neitt sérstaklega var við að foreldrar í söfnuðinum geri börnum sínum eitthvað gott til þegar jafnaldrar þeirra fermast en sjálfsagt sé það mjög einstaklingsbundið. „Ég hef ekki orðið var við að þeir krakkar sem ekki hafa farið í gegnum ferminguna hafi upplifað sig eitthvað útundan.“



Inga Kristjáni finnst mikilvægt að taka sínar eigin ákvarðanir.

# Trúin kemur engum við nema sjálfum mér

***Ingi Kristján Sigurmarsson fermist borgaralega enda hefur hann sterkar skoðanir á kirkjunni. Hann ætlar ekki að halda stóra veislu.***

„Ég ætla að ferma mig borgaralega af því að mér finnst að mín trú komi engum við nema sjálfum mér og ætti ekki að fara í gegnum kirkju og presta. Ég trúi á guð, en mér líkar ekki við þjóðkirkjuna og ákvað að hafa ekkert vesen,“ segir Ingi Kristján.

„Auðvitað hugsa allir af hverju þeir eru að fermast en oft eru krakkarnir að gera þetta fyrir einhvern í fjölskyldunni en ekki fyrir sig,“ segir Ingi Kristján sem telur það mikilvægt að taka sínar eigin ákvarðanir. „Mér líkar illa við stefnu kirkjunnar í heiminum, sem fer í stríð í nafni trúarinnar. Mér finnst kirkjan troða sinni pólitík upp á krakkana, þá aðallega hvað varðar málin í Palestínu og Ísrael,“ segir Ingi Kristján og liggur ekki á skoðunum sínum.

„Fermingarfræðslan hefur verið spennandi og skemmtileg. Farið er í trúmál en ekki bara kristni og einnig er tekið á siðfræði, talað um eiturlyf, fordóma og fleira,“ segir Ingi Kristján.

Fræðslutímana segir hann vera í umræðuformi þar sem eitt viðfangsefni er tekið fyrir í hvert sinn. „Við fáum greinar klipptar úr blöðum og eigum að segja okkar skoðanir á þeim og rökræða efnið, sem er mjög áhugavert. Og greinarnar eru hressar og líflegar,“ segir Ingi Kristján.

Aðspurður um veisluhöld að lokinni athöfn segir hann: „Það er ekkert ákveðið með það, ég býst við litlum hádegismat. Það verður ekkert mikið í kringum þetta.“

## JARÐABERJATERTA

***Með kókósmjöli og súkkulaði.***



4 eggjahvítur
1 bolli sykur
2 bollar kókosmjöl
100 g brytjað suðusúkkulaði

1/2 peli rjómi
1 heildós jarðarber
Fersk jarðaber til skreytingar

Eggjahvítur og sykur stífþeytt saman. Kókosmjöl og súkkulaði blandað varlega saman við. Smyrjið ofnplötu vel með smjörlíki og sáldrið hveiti yfir. Jafnið síðan deiginu í tvo kringlótta botna á plötuna. Bakist við 150°C (300°F) í u.þ.b 30 mín. Botnarnir lagðir saman með einum pela af þeyttum rjóma ásamt einni dós af jarðarberjum sem eru marin út í rjómann. Hinn helmingurinn af rjómanum er settur ofan á kökuna og fersku jarðaberjunum raðað fallega yfir.


Fermingargreiðsla sem vex
Eyddu í sparnað og fermingargreiðslan vex jafnt og þétt í framtíðinni. Framtíðargrunnur Landsbankans er góður kostur til fermingargjafa.
• Hæstu vextir sparireikninga Landsbankans
• Bundinn til 18 ára
• Verðtryggður
Þau fermingarbörn sem leggja fermingarpeningana inn á Framtíðargrunn Landsbankans lenda sjálfkrafa í lukkupotti þar sem hægt er að vinna glæsilega 12" iBook fartölvu eða fjölda af glænýjum iPod Shuffle mp3 spilurum.
iBook
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 27666 03/2005
410 4000 | landsbanki.is
Landsbankinn
Banki allra landsmanna

# Kerti gyllt með nafni barnsins og litrík blóm

***Karmelsystur í Hafnarfirði handmála kerti.***

Á fermingunni er viðeigandi að hafa kerti á fermingarborðinu og þá jafnvel áletrað með nafni og dagsetningu. Karmelsystur í Hafnarfirði handmála kerti af mikilli list og að sögn systur Agnesar er einna mest að gera í handmálun og skreytingum þeirra systra um fermingartímann. Um tvær vikur tekur að mála kerti eftir að pöntun hefur verið gerð, en einnig er hægt að fá handmálaðar sálmabækur, biblíur, gestabækur og kort í stíl við kertið. Kertin eru gyllt með nafni fermingarbarnsins, skreytt litríkum, handmáluðum blómum og stundum vafin blómakrönsum. Systir Agnes segir systurnar mála fermingarkertin með sérstakri ánægju þar sem tilefnið er nátengt Jesú Kristi og kristinni trú.

Kertin kosta frá 2.300 krónum.



Kerti Karmelsystra eru handmáluð með nafni fermingarbarnsins og fallegum skreytingum.



# Ætlar að kaupa sér nýtt trommusett fyrir fermingarpeningana

***Breki Gunnarsson fermist 20. mars í Hafnarfjarðarkirkju og er alveg með á hreinu um hvað fermingin snýst. Hann vonast eftir peningum í stað gjafa.***

„Ég er ekki mikið búinn að spá í þetta allt saman og allra síst fötin. Mér er samt ekki alveg sama í hverju ég er en mun væntanlega velja mér einhver einföld og klassísk fermingarföt," segir Breki sem hefur sótt nokkrar messur. „Ég hef farið nokkrum sinnum og það er ágætt. Ég trúi alveg á Guð en ég er ekkert alltaf í kirkju og ég bið aldrei."

Breki er ekki í vafa þegar blaðamaðurinn spyr hann hvort hann viti um hvað fermingin snýst. „Jú – að fá peninga. Ég held samt að ég fái ekki mikið af pening heldur frekar gjafir. Ég ætla samt að hringja í ættingja mína og biðja þá um að gefa mér frekar pening. Ef ég fæ mikinn pening þá ætla ég að kaupa mér trommusett. Ég er ekki í hljómsveit en ég er að læra á trommur. Ég á reyndar trommusett en mig langar í nýtt og betra sett," segir Breki sem gleymir þó ekki trúarlegri merkingu fermingarinnar. „Ég verð líka tekinn í fullorðinna manna tölu. Það er fínt en ég held að það muni ekki breyta neinu í mínu lífi. Við vinirnir erum voða spenntir fyrir fermingunni en þá meira fyrir veislunni, gjöfunum og peningunum."



## sniðugar gjafir }




Jesú-fígúra á 1.200 krónur í Ranimosk.



Fossil vekjaraklukka á 3.200 krónur í Gilberti úrsmið.



Alls konar myndir frá um 1.000 krónum upp í um 5.000 krónur í Hinu horninu.



Hilla fyrir ýmislegt smálegt á 4.995 krónur, Hitt hornið.



Star Trek-kanna á 2.500 krónur í Ranimosk.




Bókin með svörin á 2.990 kr.

# Ólífubrauð



Þessi uppskrift dugar í tvö brauð sem bragðast vel bæði með heitum mat og ostum. Auk þess kostar það sama og ekkert.

50 g pressuger (1 bréf þurrger)
6 dl vatn
1/2 dl matarolía
2 tsk. salt
950 g hveiti
125 g rifinn ostur
110 g fylltar ólífur

Myljið gerið í skál. Hitið vatnið í 37°C og hellið yfir gerið. Hrærið þar til gerið hefur jafnast út. Hrærið olíu, salti og hluta af hveitinu saman við. Setjið deigið í skál, leggið klút yfir og látið deigið lyfta sér á hlýjum stað í 40 mínútur. Skerið ólífurnar í sneiðar. Hnoðið deigið og skiptið því í tvennt. Fletjið út hvorn helming fyrir sig, í 50x25 cm ferhyrning. Jafnið osti og ólífusneiðum ofan á. Rúllið upp frá langhliðinni. Myndið skeifu úr rúllunum, látið þær á plötu klædda bökunarpappír og bakið við 225°C í u.þ.b. 25 mín.

Penslið brauðin með vatni af og til meðan á bökun stendur til að stökk skorpa myndist. Látið brauðin kólna undir klút en best eru þau nýbökuð.


2.980 kr. á mánuði*



**Kodak EasyShare CX7330**
- 3,1 milljón pixla
- 3x optískur og 3,3 x stafrænn aðdráttur
- Kodak linsa
- 1.6" skjár
- Video með hljóði
- Auðveld í notkun
- **Verð aðeins: 14.900 kr**

**Kodak EasyShare LS755**
- 5 milljón pixla
- 3 x optískur og 6 x stafrænn aðdráttur
- Schneider linsa
- Frábær 2,5" skjár
- Lithium Ion rafhlaða
- Tengistöð fylgir
- 22 tökustillingar
- **Verð: 49.900 kr**



9.980 kr. á mánuði*

Fermingar &
PÁSKATILBOÐ



5.980 kr. á mánuði*

**Kodak EasyShare LS743**
- 4 milljón pixla
- 2,8x optískur og 3,6x stafrænn aðdráttur
- Schneider linsa
- 1,8" skjár
- Video með hljóði
- Lithium Ion rafhlaða og hleðslutæki
- Lítil og nett
- **Verð: 29.900 kr**

**SAMSUNG Digimax A-400**
- 4.0 miljón pixlar
- 2,8x optískur og 4x stafrænn aðdráttur
- 2" gæða skjár
- Video með hljóði eins og kort leyfir
- 16MB innra minni
- PictBridge
- AA hleðslusett fylgir
- **Verð: 19.950 kr**

3.990 kr. á mánuði*



* Verð miðast við léttgreiðslur Visa eða Euro til fimm mánaða

HANS PETERSEN

Kodak EXPRESS GÆÐAFRAMKÖLLUN

Laugavegi 178 • Kringlunni • Smáralind • Bankastræti • Austurveri ■ **Myndval í Mjódd** ■ **Filmur og framköllun**, Firði, Hafnarfirði
**Framköllun Garðabæjar** ■ **Hljómval,** Keflavík ■ **Siglómyndir**, Siglufirði ■ **Pedromyndir**, Skipagötu 16 • Glerártorgi, Akureyri
**Bókaverslun Andrésar Níelssonar**, Akranesi ■ **Bókaverslun Brynjars**, Sauðárkróki ■ **Bókverslun Jónasar Tómassonar**, Ísafirði

birta
» BETRI SJÓNVARPSDAGSKRÁ


TILBOÐSVIKA
11.-18. MARS
10-40% afsláttur af öllum vörum
að auki 5% staðgreiðsluafsláttur
ÓKEYPIS NAFNGYLLING
FYLGIR ATSON-LEÐURVÖRUM
Leðuriðjan ehf.
Brautarholti 4, 105 Rvk.
S: 561 0060 • atson@atson.is
Opið: mán.-fös. 10-18









Séra Tómas leiðir bæn í Háteigskirkju. Hann segir börnin yfirleitt opin þegar komist sé inn fyrir vissa skel.

# Ó, Guð ég veit hvað ég vil

***Séra Tómas Sveinsson, sóknarprestur í Háteigskirkju, hefur fermt börn á hverju vori í hartnær fjörutíu ár og finnst það alltaf jafn ánægjulegt. Hann segir þó margt hafa breyst hjá fermingarbörnum á þessu tímabili.***

„Mér hefur alltaf þótt fermingar og undirbúningur undir þær áhugavert og skemmtilegt starf,“ segir sr. Tómas sem hóf sinn prestskap í Neskaupstað og kveðst hafa fermt 25 til 30 börn fyrsta vorið. Hann segir fermingarbörn hafa breyst að sumu leyti frá því á 7. áratug síðustu aldar. „Þau eru komin lengra í líkamlegum þroska nú og eru á margan hátt veraldarvanari. Hins vegar höfða biblíusögurnar síður til þeirra nú því minni notkun er á þeim í skólakerfinu. Þau hafa því ekki komist í kynni við þann heim sem þar er lýst og þar með misst af góðum undirbúningi. Hins vegar finnst mér alltaf jafn gaman að mæta fermingarbörnum með sínar spurningar og sín viðhorf og glaðastur er ég þegar ég næ þeim í gott samtal.“

Sr. Tómas segir börnin yfirleitt opin þegar komist sé inn fyrir vissa skel þó á yfirborðinu virðist þau kannski ekki hafa mikinn áhuga á andlegum málum.

Á þessu vori eiga 87 börn að fermast í Háteigskirkju. Þau fyrstu á pálmasunnudag. Prestarnir eru tveir, sr. Tómas og sr. Helga Soffía Konráðsdóttir og þau hafa notið aðstoðar fræðara í fermingartímunum í vetur auk sjálfboðaliða frá Evrópu.

Tómas segir erilinn í sambandi við fermingarnar að mestu yfirstaðinn hjá kirkjunnar mönnum þegar komið er þetta nærri sjálfum athöfnunum. „Nú er hann þess meiri hjá fjölskyldunni og blessuðum börnunum,“ segir hann. Að síðustu er hann yfirheyrður aðeins



Krakkarnir meðtaka hið heilaga orð.

um það sem fram fer í fermingarundirbúningnum. „Við leggjum mikið upp úr því að börnin taki þátt í því sem er að gerast í söfnuðinum og kynnist þannig trúarlífinu, svo hittumst við reglulega þar fyrir utan. Bænastund er í hverjum tíma og börnin læra utan að þetta allra nauðsynlegasta. Í bænastundum eru líka sungnir sálmar, Stjörnur og sól og fleiri nýrri sálmar sem eru léttsungnir, í bland við þá gömlu góðu eins og Ástarfaðir himinhæða og Ó, Jesú bróðir besti.

Einn uppáhaldssálmur er til dæmis sunginn hér við ferminguna sem hefst á þessu versi.

Ó, guð ég veit hvað ég vil.
Ég vakna með rísandi sól.
Þakka sumar, sælu og yl.
Nú er sólskin um byggðir og ból.



Verðandi fermingarbörn ganga til altaris.


STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR
MP3 SPILARAR
ÖLLUM MYNDAVÉLUM fylgir ljósmyndapappír og 3.000 króna inneign á ljósmyndanámskeið hjá FJARKENNSLU
OLYMPUS C370Z
Digital MYNDAVÉL með 3,2 milljónir punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 5.8 - 17.4mm (35mm samb.: 38 - 114mm) linsu, 1,5" LCD skjá, hágæða hreyfimyndatöku, Auto Flass og Red Eye Reduction, tímarofa, USB tengingu við tölvu og 12mb innra minni.
3,2 MEGAPIXEL
TILBOÐ 12.990
FULLT VERÐ kr. 19.990
OLYMPUS MJUMINI
Digital MYNDAVÉL með 4 mp, 2x Optical Zoom og 4x Digital, 5.8 - 11.6mm linsu, 1,8" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure, hágæða hreyfimyndatöku með hljóði, sjö myndstærðir, Auto Flass og Red Eye Reduction, USB og 16mb xD korti.
4 MEGAPIXEL
FÆST Í FJÓRUM LITUM
TILBOÐ 27.990
FULLT VERÐ kr. 29.990
KONICA MINOLTA DiMAGE E50
Örlítil Digital MYNDAVÉL með 5 milljón punkta upplausn, 2,5" LCD skjá, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, Autofocus, hreyfimyndatöku, Red Eye Reduction, tímarofa, USB tengi við tölvu ofl.
5 MEGAPIXEL
TILBOÐ 29.990
FRÁBÆRT VERÐ
2.5" LCD SKJÁR
KONICA MINOLTA DiMAGE G600
Lítil Digital MYNDAVÉL með 6 milljón punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 3x Digital Zoom, Autofocus, hreyfimyndatöku, Red Eye Reduction, tímarofa og USB tengingu. Notar bæði SD kort og Memorystick.
6 MEGAPIXEL
TILBOÐ 34.990
FRÁBÆRT VERÐ
JVC GRD21
Digital DV TÖKUVÉL með 2,5" LCD skjá með 1/6 CCD upptökuflögu með 800.000 dílum, 700x Super Digital Zoom, 16x Optical Zoom, endingargóðri rafhlöðu og Digital NightScope (myndar í myrkri).
800.000 DÍLAR
TILBOÐ 39.990
FULLT VERÐ kr. 49.990
DIGITAL NIGHT SCOPE
2,5"
UNITED MP5512 128MB
MP3 SPILARI í lyklakippustærð með innbyggðu 128Mb minni, FM útvarpi, LCD skjá með baklýsingu, vistun á tölvugögnum og MP3, USB tengi, heyrnartólum og rafhlöðum.
TILBOÐ 6.990
FULLT VERÐ kr. 8.990
UNITED MP5514 256MB
MP3 SPILARI í lyklakippustærð með innbyggðu 256Mb minni, FM útvarpi, LCD skjá með baklýsingu, vistun á tölvugögnum og MP3, USB tengi, heyrnartólum og rafhlöðum.
TILBOÐ 9.990
FULLT VERÐ kr. 12.990
PHILIPS SA230
MP3 SPILARI 128Mb inbyggðu minni, útvarpi með stöðvaminnum, rauf fyrir SD/MMC minniskort, USB tengi, hljóðnema, tónjafnara, heyrnartólum, armbandi, rafhlöðu og USB snúru. Spilar MP3, WMA og WAV.
TILBOÐ 14.990
FULLT VERÐ kr. 19.990
MEÐ ÚTVARPI OG RAUF FYRIR SD MINNISKORT
UNITED MP5518 512MB
MP3 SPILARI í lyklakippustærð með innbyggðu 512MB minni, FM útvarpi, LCD skjá með baklýsingu, vistun á tölvugögnum og MP3, USB tengi, heyrnartólum og rafhlöðum.
VERÐ 13.990
FRÁBÆRT VERÐ
UNITED MP5518 1GB
MP3 SPILARI í lyklakippustærð með innbyggðu 1GB minni, FM útvarpi, LCD skjá með baklýsingu, vistun á tölvugögnum og MP3, USB tengi, heyrnartólum og rafhlöðum.
VERÐ 19.990
FRÁBÆRT VERÐ
2GB JUKEBOX
PHILIPS HDD070
JUKEBOX MEÐ FM ÚTVARPI og 2Gb hörðum disk sem tekur allt að 1000 MP3/WMA lög, allt að 10 klst. afspilun, tónjafnara og USB. 93grömm.
TILBOÐ 24.990
FULLT VERÐ kr. 29.990
5GB MP3
OLYMPUS MR100
5GB m:robe MP3 SPILARI með 1.7" LCD skjá, háhraða USB 2.0 tengingu við tölvu, vöggu, m:trip hugbúnaði, 12 tíma endingu á rafhlöðu, heyrnartólum og spenni. Spilar MP3 (16-320 kbps) og WMA (32-192 kbps). Aðeins 100g.
VERÐ 29.990
FRÁBÆRT VERÐ
Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2005
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. Tónborg, Kópavogi. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. KF Húnvetninga, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.

# Kvíði helst fyrir að vera stærst

*Snærós Sindradóttir fermist 15. maí í Dómkirkjunni og finnst gjörsamlega frábært að fermast.*

„Ég kvíði ekkert fyrir. Mér finnst þetta bara rosalega skemmtilegt. Ég kvíði kannski aðallega fyrir því að vera stærst af stelpunum því ég er frekar hávaxin. Annars finnst mér ekkert leiðinlegt við þetta og fermingarferlið allt mjög skemmtilegt. Það er reyndar frekar leiðinlegt að þurfa að vakna eldsnemma á morgnana til að fara í messu en það fylgir þessu víst," segir Snærós.

„Auðvitað spái ég í af hverju ég er að fermast. Þetta er staðfesting á skírninni og ég er skírð þannig að þetta blasir beint við. Þetta er frábær upplifun sem ég myndi ekki vilja missa af. Margir af vinum mínum fermast með mér á sama stað, þennan sama dag, sem er frábært. Besti vinur minn á meira að segja afmæli 15. maí og hann fermist með mér þannig að það verður örugglega rosalega gaman," segir Snærós, sem er líka aðeins byrjuð að spá í hvað hana langar í í fermingargjöf. „Mig langar helst í digital-myndavél. Ég veit svo sem ekkert hvort ég fæ hana eða ekki en það kemur allt í ljós."



„Auðvitað spái ég í af hverju ég er að fermast. Þetta er staðfesting á skírninni og ég er skírð þannig að þetta blasir beint við," segir Snærós.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kyrtlarnir eru straujaðir og brotnir saman eftir kúnstarinnar reglum.

# Flest börnin skarta hvítu

*Fermingarkyrtlarnir eru sjálfsagður búningur beggja kynja við fermingarathöfnina og það þótti afar góð lausn þegar þeir voru teknir í notkun fyrst árið 1954 á Akranesi. Um innlenda framleiðslu er að ræða því kyrtlarnir hafa um árabil verið saumaðir og samanbrotnir á saumastofu Öryrkjabandalags Íslands.*

„Það er ótrúlega góð ending á þessum flíkum, efnið í þeim er svo gott," segir Guðrún Ásta Kristjánsdóttir, forstöðukona saumastofu Öryrkjabandalagsins. Það er einmitt verið að afgreiða kyrtla af lagernum og Guðrún er að strauja í þá brot á vissum stöðum. „Þessi brot eiga að haldast en annars er efnið straufrítt og mjög auðvelt í meðförum," segir hún til útskýringar. Hún segir búið að fylla upp í lagerinn fyrir þetta vor. „Oftast erum við að sauma kyrtlana í janúar og reynum að hafa lagerinn eins stóran og hægt er vegna plássins," segir hún. Færri hafa þó verið saumaðir í ár en í fyrra en framleiðslan hefur farið í frá tveimur og upp í 300 kyrtla á ári þegar hún hefur verið mest.

Guðrún segir talsverðan saumaskap á kyrtlunum þótt ekki séu eins miklar rykkingar og voru á þeim upphaflegu. „Þessir eru miklu betri að því leyti að börnin geta verið í hverju sem er innanundir. Áður var vesen með klúta og trefla til að hafa við en þessir ná upp í háls og eru með Kínakraga," segir hún.

Nú eru fermingarbörnin ansi misstór þótt á sama aldri séu. Því eru saumaðir kyrtlar í stærðum frá nr. 32 upp í 54 þannig að breiddin er mikil, en algengasta númerið er 44, að sögn Guðrúnar.

Oftast eru það sóknarnefndir og kvenfélög kirknanna sem sjá um að kaupa kyrtlana og sjá til þess að börnin skarti hvítu á fermingardaginn.


BaByliss PARIS

...FLOTTAR FERMINGARGJAFIR FYRIR STELPUR OG STRÁKA





Nýtt ! Babyliss press & curl ceramic krullujárn.

Nýtt ! Babyliss Wet & Dry ceramic sléttujárn. Sléttujárn sem þú getur sléttað hvort sem er þurrt eða blautt hár.





5480 e Babyliss 2000 w blásari. Mjög kraftmikill og vandaður, 3 hitastillar kælitakki ofl.

Babyliss blásari, 1600 w Léttur kraftmikill og hljóðlátur blásari. 2 hraða og hitastillar kælitakki. Dreifari fylgir.

Babliss ceramic sléttujárn. Frábært tæki til að slétta og móta hárið. Þunnar og mjúkar ceramic plötur, hitnar á 1 mínútu, nákvæm hitastilling, sjálfvirkur ofhitavari.




E770TT babyliss Men. Glæsilegar hárklippur í álkassa. Klippa 30.000 hár á sek., titaniumblöð og kambur. Fjölbreyttar stillingar, mjög vandaðar hárklippur.

Útsölustaðir

byggt og búið Smáralind 554 7760 Kringlunni 568 9400 HAGKAUP

Úrval Samkaup og raftækjaverslanir

Babyliss Fun Style. Frábært vandað fjölnota hársnyrtitæki. Það geta allir búið til drauma greiðsluna sína meðFun Style, fjölbreytt, skemmtileg og nytsöm gjöf.

Babyliss bartskeri ,margar stillingar, 2 hausar, 2 hraðastillingar, hárbeitt stál og titanium blöð, hleðslutæki fylgir.




f a l l e g r i h ú ð f y r i r f e r m i n g u n a . . .




## Masque absorbant

Nýjung frá Sothys - maski fyrir feita húð

**Þurrkar upp fílapensla** ○
**Hefur samherpandi áhrif** ○
**Minnkar fituflæði og dregur úr óhreinindum** ○

Léttur kremmaski sem auðvelt er að bera á húðina,
sýnileg áhrif koma strax í ljós.
Bjartari, hreinni og frískari húð sem verður laus við gljáa.
Einnig hægt að setja maskann á bólur yfir nótt til að þurrka upp.

**Frábær maski fyrir alla sem eru með,**
**feita húð, vandamálahúð, opnar húðholur, grófa húð og fílapensla.**

SOTHYS PARIS

**Byltingarkennd nýjung... fyrir unga fólkið!**

**Útsölustaðir: Höfuðborgarsvæðið:** Árbæjarpótek, Garðsapótek, Lyf og Heilsa Kringlunni, Lyf og Heilsa Hringbraut, Lyf og Heilsa Mjódd, Lyf og Heilsa Dómus, Lyfja Smáralind, Snyrtistofa Ásdísar, Snyrtistofan Valdís, Snyrtistofan Gimli, Snyrtistofa Grafarvogs,
**Landið:** Abaco Akureyri, Árnesapótek Selfossi, Sveinlaug Neskaupsstað, Snyrtistofan Hótel Norðurljós Raufarhöfn, Snyrtistofa Huldu Keflavík, Apótek Siglufjarðar

KORTER.IS



# Bollubrauð

Skemmtilegt er að bjóða upp á eitthvað einfalt og gott í veislum, innan um fínheitin, eins og til dæmis nýbakað brauð. Með þessu brauði er gott að bera fram berjahlaup og góða osta.

- 13 dl hveiti
- 3 dl hveitiklíð
- 1 msk. sykur
- 1 tsk. salt
- 5 tsk. þurrger (1 bréf)
- 6 dl volg mjólk
- 2 msk. matarolía

Blandið saman þurrefnum ásamt þurrgeri (takið þó frá 1–2 dl hveiti til að hnoða upp í deigið á eftir).Hellið olíu og mjólk út í þurrefnin og hrærið vel með sleif. Látið deigið hefast á hlýjum stað í hálftíma. Hnoðið afgangshveitinu upp í ef með þarf. Mótið tvær jafnlangar lengjur úr deiginu og skiptið hvorri lengju í átta jafnstóra bita. Mótið bollur úr bitunum og raðið þeim saman á bökunarplötu. Látið lyfta sér á hlýjum stað í 20-30 mínútur. Penslið brauðið með mjólk og stráið grófu korni eða möndluspæni yfir til skrauts. Bakið í miðjum ofni við 200 gráður í 15 mínútur.







# Ljósabekkir eru stórhættulegir, einkum og sér í lagi ungu fólki.

***Margir unglingar fara í ljós fyrir ferminguna, væntanlega til að verða hraustlegri en vetrargráminn býður upp á. Samband er milli húðkrabbameina og ljósabekkja.***

Samkvæmt nýrri könnun Gallup fór fjórði hver unglingur í ljós á síðasta ári. Það getur hins vegar haft alvarlegar afleiðingar að leggjast á ljósabekk, afleiðingar sem koma kannski ekki í ljós fyrr en löngu síðar.

Bárður Sigurgeirsson húðlæknir var spurður hvað væri eiginlega svona hættulegt við að fara í ljós? „Sortuæxli eru hættulegasta form húðkrabbameins og geta valdið dauða ef þau greinast of seint. Hjá ungum, íslenskum konum er tíðni sortuæxla mun hærri en gerist á hinum Norðurlöndunum og með því hæsta sem gerist í heiminum. Nú er svo komið að sortuæxli eru algengasta krabbameinið hjá ungum konum.“


Bárður Sigurgeirsson, húðlæknir á Húðlæknastöðinni, hvetur fermingarbörn til að fara ekki í ljósabekki.

En er þetta ljósunum að kenna? „Nýjar rannsóknir sýna svo ekki verður um villst samband milli húðkrabbameina og ljósabekkja. Hérlendis er það einkum ungt fólk sem fer í ljós og notkun ljósabekkja er meðal þess mesta sem gerist í heiminum. Það liggur því beint við að tengja þessa miklu aukningu sem við sjáum á tíðni húðkrabbameina hérlendis við aukna ljósabekkjanotkun, fjölgun sólarlandaferða og sóldýrkun Íslendinga almennt.“

En er krabbameinshættan eina ástæðan til þess að hætta að fara í ljós? „Nei, alls ekki. Sumir geislar í bekkjunum smjúga djúpt inn í húðina og stuðla að öldrun hennar. Við höfum séð dæmi þess að ungar konur koma til okkar með öldrunareinkenni í húðinni sem við höfðum fram að því aðeins séð hjá gömlu fólki. Það er erfitt að sætta sig við að vera ungur í gömlum líkama og margir þekkja ljósatýpurnar sem líta út eins og rúsínur. Brúnkukrem breyta ekki litafrumunum í húðinni og eru í flestum tilfellum alveg skaðlaus.“

Þolir fólk sólina og ljósin mismunandi vel? „Ljós norræn húðgerð virðist þola sólina verr og svo þeir sem eru með mikið af fæðingarblettum. Geislarnir geta örvað frumurnar í fæðingarblettunum til að verða illkynja. Sumir þola sólina vel og brenna aldrei en eru með fæðingarbletti sem gætu reynst hættulegir.“

Hvenær kemur skaðinn í ljós? „Það getur liðið langur tími frá því að skemmdin á húðinni verður og þar til hún kemur fram. Við höfum séð fullorðið fólk með sortuæxli á svæðum á húðinni þar sem það sólbrann brann kannski mörgum árum áður, jafnvel í barnæsku. Húð barna og unglinga er enn verr í stakk búin til að vinna úr því áreiti sem verður við sólargeisla. Bruni, sérstaklega í æsku, getur verið mjög hættulegur og fólk ætti að passa börnin sín vel.“


Einar er ekki viss um að hann eigi eftir að nota fermingarfötin sín mikið á næstunni.

# Býst ekki við neinni jólapakkastemningu

***Einar Þórmundsson fermist 13. mars í Grafarvogskirkju. Hann keypti nýverið sín fyrstu jakkaföt.***

Af hverju ertu að fermast? „Af því að ég trúi á Guð og hef alltaf gert það. Ég fór ekki mikið í kirkju þegar ég var yngri en ég fer í kirkjuna núna.“

Hvernig gengur fermingarundirbúningurinn? „Bara fínt, það er ekkert sem kemur mér neitt sérstaklega á óvart því ég var líka búinn að læra um trúna í skólanum. Ég hef lesið pínulítið í Biblíunni af því að það var heimaverkefni fyrir fermingarfræðsluna og væri alveg til í að lesa meira.“

Hvernig gengur svo undirbúningurinn? „Hann er frekar rólegur. Ég er búinn að kaupa fötin, verð í jakkafötum og þetta eru fyrstu jakkafötin mín. Ég veit ekki hvað ég á eftir að nota þau mikið fyrr en ég er orðinn eldri því ég er ekki þessi jakkafatatýpa. Svo fer ég líka í klippingu.“

Ertu spenntur fyrir gjöfunum? „Mig langar í tölvu en væri annars frekar til í að fá peninga heldur en gjafir. Ég myndi leggja þá inn á banka og svo kaupa mér eitthvað líka. En ég veit að ég fæ tölvuna. Það er engin jólapakkastemning í kringum gjafirnar því ég veit nokkurn veginn hvað ég fæ.“

Heldur þú að jafnaldrar þínir séu að fermast vegna trúarinnar eða gjafanna? „Það segjast allir trúa á Guð sem fermast í kirkju en ég veit að margir eru í rauninni meira spenntir fyrir gjöfunum.“

## VEISLAN

***Nokkur góð ráð varðandi undirbúninginn.***

Gott er að gera **gestalista** í tíma. Ekki gleyma að hafa fermingarbarnið með í ráðum, sjálfsagt er að bjóða nokkrum vinum í veisluna – þeim sem ekki eru sjálfir að fermast þann daginn.

Viðeigandi er að útbúa **boðskort** með mynd af fermingarbarninu. Skynsamlegt er að mælast til þess að boðsgestir láti vita hvort þeir komi eða ekki, þá er hægt að reikna út veitingarnar með nákvæmum hætti.

Gott er að gera **minnislista** yfir þá hluti sem þarf að kaupa og huga að í góðum tíma. Þá er hægt að krossa við þegar lokið hefur verið við verkefnin.

Skemmtilegt er að lífga upp á veisluna með **heimatilbúnum skemmtiatriðum** af ýmsum toga. Örugglega eru systkini, frændsystkini eða vinir fermingarbarnsins til í að taka l agið ef þau hafa lært á hljóðfæri.

**Ræðuhöld** setja sérstakan blæ á veisluna og vel er við hæfi að halda stutta en fjörlega tölu til fermingarbarnsins. Afar og ömmur hafa oft frá einhverju góðu að segja um barnið sem þau hafa fylgst með vaxa úr grasi.

**Fjöldasöngur** lífgar verulega uppá veisluna. Upplagt er að dreifa nokkrum fjölrituðum textum um salarkynnin og taka lagið.



Svefnpoki mesta kuldaþol -14° ~~8.990 kr.~~ 4.990 kr.
Húfa við stelpupeysu ~~1.990 kr.~~ 1.490 kr.
Gönguskór 15% afsláttur
Áttavitar 15% afsláttur
Flíspeysa stráka
~~7.990 kr.~~
5.990 kr.
Flíspeysa stelpu
~~9.990 kr.~~
5.990 kr.
klæddu þig vel
www.66north.is
66° NORDUR
**Kringlan** Reykjavík, **Lækjargata 4** Reykjavík, **Faxafen 12** Reykjavík
**Miðhraun 11** Garðabæ, **Glerárgata 32** Akureyri og söluaðilar um land allt.



Fermingarstúlkan er falleg borðskreyting í fermingarveisluna en passar líka vel á toppinn á kökunni.

# Prjónasokkar og millipils úr blúndu

*Handgerð fermingarstúlka til skrauts á kransaköku.*

Það er hefð fyrir því að fermingarbörn tróni á toppi kransakökunnar í fermingarveislum. Fermingarbörnin geta hins vegar verið af ýmsum toga og ein sérstaklega falleg útfærsla er þessi fermingarstúlka í prjónuðum kjól sem er upprunnin frá föndurhópi kvennadeildar Reykjavíkurdeildar Rauða krossins. Þessi föndurhópur hittist vikulega og ástundar fallegt handverk sem síðan er selt á árlegum basar kvennadeildarinnar rétt fyrir jólin. Ágóðinn rennur til líknarmála.

Margrét Kristinsdóttir er ein þessara kvenna og hún bjó þessa fermingarstúlku til: „Við búum til engla sem hafa verið mjög vinsælir og má segja að fermingarstúlkurnar séu afbrigði af þeim. Ég á nú ekki hugmyndina en ein úr hópnum, Helga Kristinsdóttir, gerði þá fyrstu handa barnabarninu sínu. Það er reglulega gaman að því að geta gert þetta fyrir fjölskyldumeðlimi.“

Fermingarstúlkurnar eru ekki framleiddar til sölu en Margrét er alveg til í að segja frá því hvernig þær eru búnar til. „Líkaminn er úr pípuhreinsurum, höfuðið og hárið fæst í föndurverslunum. Svo prjóna ég sokkana og kjólinn og bý til millipils úr smáblúndubút. Sálmabókin er úr pappír. Svo má útfæra þetta á ýmsa lund.“ Margrét viðurkennir að þær hafi ekki komist upp á lagið með að gera fermingardrengi. „Það er snúnara að gera örlítil jakkaföt en kjólinn á stúlkuna en ef einhver finnur út úr því má endilega hafa samband við okkur.“

# Spái ekki mikið í gjafirnar

*Ágúst Már er kristinnar trúar og finnst það skipta meginmáli við undirbúning fermingarinnar. Hann hefur lesið í biblíunni og kann vel við fræðsluna.*

Ágúst Már Guðjónsson fermist 3.apríl frá Hafnarfjarðarkirkju. Honum finnst svarið við því hversvegna hann er að fermast liggja alveg beint við. „Ég er kristinnar trúar og ég trúi á Jesú og Guð almáttugan. Ég fer stundum í kirkju og finnst fínt í fermingarfræðslunni. Ég hef aðeins lesið í biblíunni en það eru engir sérstakir kaflar skemmtilegri en aðrir.“

Hlakkarðu til fermingardagsins?

„Já, ég hlakka til að taka þátt í þessu öllu. Það er mikill undirbúningur heima og mér finnst það mjög gaman. Ég tek þátt í honum, fór til dæmis með að velja servíettur, valdi bláar servíettur og kerti í stíl.“

Spáirðu mikið í gjafirnar? „Auðvitað spái ég í þær en ekki mjög mikið, þær eru ekki aðalatriðið. Mig langar mest að fá peninga sem ég ætla að setja inn á lokaða bók láta þá ávaxta sig.“

Helduðu að þú breytist eitthvað við að fermast? „Nei, ég held ekki. En ég lít svo á að með því að fermast sé ég búinn að sanna það að ég trúi á Guð.“



Ágúst Már tekur þátt í fermingarundirbúningnum og valdi sjálfur bláar servíettur og kerti í stíl.



# Prjónasokkar og millipils úr blúndu

*Handgerð fermingarstúlka til skrauts á kransaköku.*

Það er hefð fyrir því að fermingarbörn tróni á toppi kransakökunnar í fermingarveislum. Fermingarbörnin geta hins vegar verið af ýmsum toga og ein sérstaklega falleg útfærsla er þessi fermingarstúlka í prjónuðum kjól sem er upprunnin frá föndurhópi kvennadeildar Reykjavíkurdeildar Rauða krossins. Þessi föndurhópur hittist vikulega og ástundar fallegt handverk sem síðan er selt á árlegum basar kvennadeildarinnar rétt fyrir jólin. Ágóðinn rennur til líknarmála.

Margrét Kristinsdóttir er ein þessara kvenna og hún bjó þessa fermingarstúlku til: „Við búum til engla sem hafa verið mjög vinsælir og má segja að fermingarstúlkurnar séu afbrigði af þeim. Ég á nú ekki hugmyndina en ein úr hópnum, Helga Kristinsdóttir, gerði þá fyrstu handa barnabarninu sínu. Það er reglulega gaman að því að geta gert þetta fyrir fjölskyldumeðlimi."

Fermingarstúlkurnar eru ekki framleiddar til sölu en Margrét er alveg til í að segja frá því hvernig þær eru búnar til. „Líkaminn er úr pípuhreinsurum, höfuðið og hárið fæst í föndurverslunum. Svo prjóna ég sokkana og kjólinn og bý til millipils úr smáblúndubút. Sálmabókin er úr pappír. Svo má útfæra þetta á ýmsa lund." Margrét viðurkennir að þær hafi ekki komist upp á lagið með að gera fermingardrengi. „Það er snúnara að gera örlítil jakkaföt en kjólinn á stúlkuna en ef einhver finnur út úr því má endilega hafa samband við okkur."



Fermingarstúlkan er falleg borðskreyting í fermingarveisluna en passar líka vel á toppinn á kökunni.

## BRAGÐGÓÐ OG EINFÖLD

### BANANATERTA



4 stk. egg
140 g sykur
85 g hveiti
1 1/4 tsk lyftiduft
150 g kókosmjöl
100 g suðusúkkulaði
Bananar, 2–3 stk. eftir stærð
**Rjómakrem**
4 dl rjómi
1/2 tsk. sykur
1/2 tsk. vanilludropar

Þeytið sykur og egg mjög vel saman. Sigtið hveiti og lyftiduft út í og blandið vel saman með sleikju, síðan kókosmjöli og söxuðu súkkulaði. Blandið varlega saman við með sleikju, síðan kókosmjöli og söxuðu súkkulaði. Blandið varlega saman við með sleikju, bakið í tveimur 26 sm formum við 210–220° C í 7–9 mín. ATH. Ef bakað er í minni formum, ca. 22 sm, þarf minni hita og meiri tíma, 200° C og 10 til 12 mín.
Saxið niður bananana og setjið á botninn, þeytið rjómann, sykur og vanilludropa saman, setjið yfir botninn, leggið svo hinn botninn yfir og skreytið að vild. Tertan er betri ef hún fær að standa samsett í ca. 3 tíma.
Kökubók Hagkaups.
Útg. 1996.



## RÁÐ

Óhjákvæmilegt er að afgangar verði af hinu og þessu þegar búið er að halda stórar veislur. Þá reynir á útsjónarsemina og hagsýnina! Þeyttur rjómi er eitt af því sem oft stendur eftir í skálum hér og þar. Þótt hann sé ekki það kræsilegasta að kvöldi veisludags er óþarfi að fleygja honum. Frystið hann frekar í ísteningamóti. Þá eigið þið alltaf tiltækan rjóma í sósurnar.

Ef of mikið hefur verið keypt af kaffidufti er gott ráð að skella því í frystinn. Þá heldur það mun betur bragðinu en í eldhússkápnum.

Til að fá stökka og fallega skorpu á brauðin er gott ráð að skvetta 1/2 bolla af vatni inn í hliðar ofnsins rétt áður en brauðin eru fullbökuð.




allt - sem þig vantar
Smáauglýsingasíminn er 550 5000
auglysingar@frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ






Arndís er komin í dágóða æfingu í kransakökugerðinni.

# Það sem unga fólkið vill

***Kransakaka úr Rice krispies hefur sést við ýmis tækifæri á síðustu árum og notið mikilla vinsælda þar sem hún hefur verið borin fram. Ein af þeim sem kann að búa til svona köku er Arndís Sigurðardóttir, húsfreyja í Hafnarfirði. Hún miðlar hér af reynslu sinni.***

„Ég vil nú ekki eigna mér þessa köku því ég fann hana ekki upp þó að ég hafi gert vissar breytingar á upphaflegu uppskriftinni,“ segir Arndís eða Addý eins og hún er af kunnugum kölluð. Hún hefur leikið sér að því að búa til Rice krispies kransaköku fyrir hátíðisdaga unga fólksins í sinni fjölskyldu og skreytir hana þá gjarnan við hæfi hvers og eins. Harry Potter aðdáandinn fékk vagn úr hringjunum og skákáhugamaðurinn fyllta kransaköku í líki hróks.

Hún viðurkennir að verkið sé ekki alveg vandalaust en leiknin komi með æfingunni. Það mikilvægasta er að hafa hringina bæði þétta og svolítið þykka (þykkri en marsipanhringi). Það næst með því að hnoða hvern og einn vel í mótið með plastfilmu utan um.

Súkkulaðið, smjörið og sírópið er brætt saman við vægan hita. Rice krispies er hrært út í. Síðan er þetta sett í kransakökuform þar sem hver hringur fyrir sig hefur verið fóðraður með plastfilmu. Setja þarf formin meira en sléttfull og þrýsta deginu vel saman þannig að hringirnir verði sem þéttastir. Síðan eru hringirnir látnir kólna, til dæmis yfir nótt og síðan límdir saman með doppum af bræddu súkkulaði. Kökurnar eru skreyttar að vild en Addý segir til dæmis auðvelt að stinga í hringina með pinnum og hengja eitthvað á þá.

**Rice krispies-kransakaka**
240 g Petit ekta suðusúkkulaði
(eða hjúpsúkkulaði)
1 lítil dós síróp (þessar grænu)
150 g smjör
230 g Rice krispies



Þessa köku gerði Arndís handa útskriftarnemanda úr tækniteiknun eins og skreytingin ber með sér.

## GUÐRÚN HELGADÓTTIR LÝSIR FERMINGARVEISLU Í BÓKINNI JÓN ODDUR OG JÓN BJARNI

Svo hófst þessi endalausa athöfn. Fyrst var sungið voða lengi og svo talaði presturinn oft og lengi. Loksins var farið að ferma börnin. Við hliðina á Jóni Bjarna sat gömul kona sem var alltaf að taka upp vasaklútinn sinn. Loks gat Jón Bjarni ekki stillt sig um að líta á hana. Þá sá hann að hún var að gráta. Tárin flóðu niður kinnarnar á henni. Hann benti Jóni Oddi á gömlu konuna. Jón Oddur sneri sér að ömmu og spurði hana, hvað væri að konunni. Uss, sagði amma dreki. En Jón Oddur var ekki ánægður með þetta. Kannski á hún ljótasta barnið, hvíslaði hann að ömmu. Hann sá ekki betur en amma brosti pínulítið. Uss, sagði hún. Bræðurnir voru næstum farnir að gráta líka, þeim leiddist svo mikið.

--

Það var næstum liðið yfir strákana þegar þeir sáu stofuborðið. Að minnsta kosti þúsund tertur voru komnar á borðið, en það var nú ekkert á móti gjöfunum. Þær voru ekki færri en milljón, eða það sýndist strákunum. Eitt er víst, ég ætla að fermast, sagði Jón Bjarni við bróður sinn og augað rann festulega til.

--

Anna Jóna tók upp hverja gjöfina á fætur annarri. Hún hafði ekki lengi verið svona glaðleg, hún var eiginlega bara sæt í framan. Og loks kom röðin að kassanum. Anna Jóna hikaði, þegar hún las á kortið. Soffía, kallaði hún. Soffía kom hlaupandi rjóð og heit úr eldhúsinu. Það er eitthvað hérna handa þér. Allir urðu hissa og komu nær til að sjá. Tel hamingju með ferminguna... Gestirnir hlógu og Soffía hristi pakkann. Elsku krúttin mín, hrópaði hún og fór að vefja utan af honum. Hún bar pakkann upp að eyranu. Ég heyri eitthvert tikk, ég held að þetta sé vekjaraklukka, sagði hún glöð. Svo opnaði hún pakkann.

Músin stökk upp úr kassanum, fegin frelsinu, og þaut um allt borðið, þaðan upp í gluggakistu og síðan guð veit hvert og allt fór í uppnám.





*Kaflar úr bókinni Jón Oddur og Jón Bjarni eftir Guðrúnu Helgadóttur.*

## sniðugar gjafir }



Fallegt, bleikt Kenneth Cole-stelpuúr á 10.500 krónur hjá Gilberti úrsmið.



Sniðugur og öðruvísi Lovart-borðlampi á 2.490 krónur í IKEA.



Sætir púðar frá 3.590 krónum upp í 5.590 krónur í GK.



Græn Brunskära-rúmföt í IKEA á 1.590 krónur.

## DÖÐLUKAKA

*Sæt og góð án sykurs.*

Skerið 100 gr af döðlum smátt.
Þeytið 4 egg ásamt 350 gr af sykri (4 dl)
Bætið 150 g hveiti (ca. 2 1/2 dl) varlega út í ásamt 75 g kókosmjöli.
Blandið döðlunum út í.
Deigið er sett í tvö vel smurð form (24-25 cm) og bakað í neðri hluta ofnsins við 180° í 35-40 mínútur.
Þeytið 4-5 dl rjóma setjið á milli og ofan á.
Gott er að skera niður myntusúkkulaði og setja út í rjómann en það er ekki nauðsynlegt.

# Varðveit hjartað framar öllu

*Gamaldags kort með fallegum heilræðum.*

Þessi sígildu og gamaldags fermingarkort líta út fyrir að hafa verið grafin upp á háaloftinu hjá langömmu og gætu verið fermingarmyndir gamalla ættingja. Kortin eru hinsvegar unnin upp úr gömlum kortum og gefin út sem ný af fyrirtækinu Kroppum og kiðlingum. Þau innihalda sálma og heilræði fermingarbarninu til handa, eins og „Varðveit hjartað framar öllu því þar eru uppsprettur lífsins“ og „Guð leiði þig alla daga“.

Þetta eru falleg og eiguleg kort sem gaman er að láta fylgja pakka eða stinga seðlum í fyrir fermingabarnið. Þau fást víða í blómaverslunum, bókabúðum og á bensínstöðum.




Gamaldags kort sem gætu hafa verið á fermingarpakkanum hennar langömmu.



# Góður matur sem lifir í minningunni langt eftir fermingu

***Það færist í aukana að fermingarbörn og aðstandendur þeirra vilji óhefðbundinn mat í veisluna. Ekki hefðbundna kransaköku og pottrétt heldur eitthvað sérstakt sem fólk man eftir. Bæði er hægt að fá veisluþjónustur til að elda eitthvað öðruvísi en það er miklu skemmtilegra að gera það sjálfur. Þá getur líka öll fjölskyldan tekið þátt í fermingarundirbúningnum.***

Ein leið til að fermingarveislan festist vel í minni gesta er að bjóða upp á tapas smárétti sem ættaðir eru frá Spáni. Tapas getur verið hvað sem er og er um að gera að leyfa ímyndunaraflinu að leika lausum hala. Hægt er að gera fínasta tapas úr íslensku hráefni – meira að segja þorramat. Tapas er samt að uppruna suðrænn réttur og því um að gera að slá veislunni upp í þemaveislu og hafa suðrænt þema með tapasinu. Eini gallinn við tapas er að erfitt er að gera mikið vikum fyrir veisluna og frysta. Kosturinn hins vegar við réttina er að matreiðsla hvers réttar tekur afskaplega stuttan tíma og bragðið svíkur engan.

Uppskriftirnar hér á eftir eru til að koma fólki á bragðið en fjöldinn allur af uppskriftum er til á netinu og í mörgum uppskriftarbókum. Eftirfarandi uppskriftir eru allar miðaðar við 24 gesti. Síðan er sterkur leikur að bjóða upp á saltaðar kartöfluflögur og grænar ólífur á borðum sem fólk getur nartað í fram eftir kvöldi. Munið bara eftir tannstönglunum!

FETAOSTABRAUÐ
MEÐ SVEPPUM

1 baquette brauð
2 stórir hvítlaukar
Ólífuolía
60 g smjörlíki
300 g litlir sveppir
150 g fetaostur
50 g klettasalat



Hitið ofninn í 200°C. Skerið brauðið niður í sneiðar og hitið í ofninum í um tíu til tólf mínútur eða þangað til það verður gyllt á litinn. Skerið niður einn hvítlauk og dreifið jafnt á allar sneiðarnar. Hellið síðan ólífuolíu yfir eftir smekk. Hitið olíu og smjörlíkið á pönnu þangað til smjörlíkið bráðnar. Bætið sveppunum út í og steikið í þrjár til fjórar mínútur. Bætið einum hvítlauk við og steikið í eina mínútu til viðbótar. Setjið á disk og kryddið með salti og svörtum pipar. Myljið fetaostinn í mauk og smyrjið á brauðið. Setjið klettasalat ofan á fetaostinn og því næst steiktu sveppina.



MÍNÍ-HAMBORGARAR
FYRIR BÖRNIN

Steikið hamborgara eins og vanalega. Setjið hvað sem er á hamborgarana – tómat, gúrku, lauk, ost, tómatsósu. Þegar hamborgarinn er tilbúinn skerið þá í nokkra jafnstóra bita og setjið tannstöngul í miðjuna svo auðvelt sé að borða með puttunum.

KORMA-SVÍNAKJÖT Á SNAKKI

350 g svínakjöt
2 matskeiðar karrí
1 stór hvítlauksgeiri
1 teskeið af sílantró
125 g hrein jógúrt
Ólífuolía
24 nachos flögur
1 krukka mangó chutney



Skerið svínakjötið í bita sem eru aðeins minni en snakkflögurnar. Blandið kjötinu, karríinu, hvítlauknum, sílantróinu og helmingnum af jógúrtinu saman í stálskál. Setjið eitthvað yfir skálina og kælið í ísskáp í eina eða tvær stundir. Setjið olíu á pönnu og hitið vel. Skellið flögunum á pönnuna og steikið í nokkrar sekúndur. Því næst er svínakjötsblandan sett á pönnuna og steikt þangað til kjötið er tilbúið. Setjið einn bita af svínakjöti á hverja nacho flögu. Ofan á kjötið er sett hálf teskeið af jógúrt og 1/4 teskeið af mangó chutney. Skreytið með sílantró.



EKTA SPÆNSKT BRAUÐ

1 baquette brauð
1 dós af maukuðum tómötum
Ólífuolía
1 hvítlaukur

Hitið ofninn í 200°C. Skerið brauðið niður í sneiðar og hitið í ofninum í um tíu til tólf mínútur eða þangað til það verður gyllt á litinn. Þekjið brauðið með maukuðu tómötunum. Skerið hvítlaukinn smátt og dreifið honum ofan á brauðið. Loks er saltað eftir smekk og ólífuolíu hellt ofan á.



KJÚKLINGUR
Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP

80 ml ólífuolía
90 g hveiti
60 ml sojasósa
60 g Dijon sinnep
60 ml sítrónusafi
4 hvítlauksgeirar
24 kjúklingalæri

Blandið olíunni, hveitinu, sojasósunni, Dijon sinnepinu, sítrónusafanum og hvítlauknum vel saman í skál. Setjið kjúklingalærin í blönduna og veltið honum vel upp úr henni. Setjið eitthvað yfir skálina og kælið í ísskáp í minnsta kosti tvær stundir. Best er að geyma blönduna yfir nótt og snúa kjúklingnum við tvisvar eða þrisvar. Hitið ofninn í 200°C og setjið álpappír á plötu og kjúklinginn á álpappírinn. Hitið í ofni í 45 mínútur og snúið við þrisvar eða fjórum sinnum.



VEL STEIKTAR KARTÖFLUR

750 g kartöflur, meðalstórar
Gróft salt
Pipar
Ólífuolía

Skerið kartöflurnar í báta – helst þunna svo styttra taki að elda þær. Setjið nóg af olíu á pönnu og næstum því hálffyllið hana. Hitið olíuna mjög vel. Skellið kartöflunum út í og steikið þangað til þær eru orðnar vel brúnar og flottar. Setjið kartöflurnar í eldfast mót og kryddið með grófa saltinu og piparnum. Hitið í átta mínútur við 200°C.



SKINKUASPAS
MEÐ HOLLANDES

1 dós grænn aspas
8 sneiðar af hráskinku
Hollandes sósa

Skerið hráskinkuna í meðalstórar sneiðar. Vefjið hverri sneið um tvo aspasstöngla og berið fram með Hollandes sósu.




Í Völusteini færð þú allt sem viðkemur fermingu. Servíettur, sálmabók og gestabók, sem við sjáum svo um að láta gylla á, ásamt fermingastyttu, áletruðu kerti og öllu öðru sem þarf til að gera þína veislu sem glæsilegasta. Hjá okkur færðu sérþekkingu og þjónustu varðandi allt sem þú þarft fyrir ferminguna.

VÖLUSTEINN
fyrir fima fingur
Mörkinni 1 / Sími 588 9505 / www.volusteinn.is

# Ísinn brotinn

***Það þykir góður siður að heilsa upp á fermingarbarnið og í það minnsta óska því til hamingju.***

Fermingarveislur eru gjarnan mannmargar og mikið af ættmennum sem fermingarbarnið hefur ef til vill ekki hitt í langan tíma. Það vill því oft brenna við að fermingarbarnið sitji í herberginu sínu ásamt félögum sínum á meðan veislunni stendur og hitti engan. Sum þeirra eru feimin og óframfærin og eiga erfitt með að taka frumkvæðið í því að tala við fólkið, er það því góður siður að gestirnir hafi sjálfir fyrir því að gefa sig á tal við fermingarbarnið. Ekki þarf mikið meira en að taka í höndina á barninu, óska því til hamingju með daginn og jafnvel fá að kíkja á gjafirnar, það þarf ekki mikið til að brjóta ísinn.



Fermingarbörn eru oft feimin og óframfærin og því verða gestirnir að hafa frumkvæðið og heilsa þeim.

## MINNINGABÓK DAGSINS

***Gestabókin þarf að vera tiltæk í fermingarveislunni.***



Nauðsynlegt er að hafa gestabók á góðum stað í ganginum þar sem fermingarveislan er haldin. Bókina er ótrúlega skemmtilegt að skoða síðar á lífsleiðinni. Einnig er góður siður að skrá niður gjafirnar sem hver og einn kemur með, enda er auðvelt fyrir barnið að ruglast í því þegar mikið berst að. Sumir eru svo ræktarlegir að senda öllum jólakort með mynd af fermingarbarninu næstu jól á eftir.

## sniðugar gjafir }



Vefarinn mikli frá Kasmír eftir Halldór Laxness á 4.280 kr. í BMM eða hvaða bók Nóbelskáldsins sem er.



Tassa fataskápur á 12.900 krónur í IKEA.



Sögu Atlas. Mannkynssaga og atlas í einni bók,14.990 kr.



Verð á snjóbretti með bindingum er frá 32.500 krónum í versluninni Brim.



Malm rúmgrind úr eik á 19.100 krónur í IKEA.


*Markmið mitt* **er að verða forseti**



**Fermingarglaðningur:**
Þegar þú gefur fermingarbarninu 5.000 kr. eða meira í inneign á Framtíðarreikning bætir Íslandsbanki 2.000 kr. við.
*Tilboðið gildir til 31. mars 2005.*

*Gefðu fermingargjöf sem vex*

- *hæstu vextir bankareikninga*
- *bundinn til 18 ára*
- *verðtryggður*
- *fyrir 15 ára og yngri*
- *engin þjónustugjöld eða þóknun*

Inneign á **Framtíðarreikningi Íslandsbanka** er fermingargjöf sem vex og gerir krökkum dagsins í dag unnt að hrinda markmiðum og draumum framtíðarinnar í framkvæmd. Peningagjöf inn á Framtíðarreikning er frábær gjöf frá ömmum, öfum, frænkum, frændum, systkinum og vinum.

ÍSLANDSBANKI | 100%



Svefn & heilsa

SIGRÍÐUR BEINTEINSDÓTTIR
SÖNGVARI

**SVEFN & HEILSA
EF ÞÚ VILT
LÁTA ÞÉR
LÍÐA VEL**

**Veldu það besta!**



**Stærsta Góu páskaeggið fylgir öllum dýnum fyrir páska.**

Chiropractic® NO FLIP 2005



Since 1949

## Nýjar amerískar heilsudýnur
sem aldrei þarf að snúa

**Njóttu lífsins! með nýrri og betri Chiropractic heilsudýnu.**

Chiropractic eru einu heilsudýnurnar sem eru þróaðar og viðurkenndar af amerísku og kanadísku kírópraktorsamtökunum.

Yfir 32.000 kírópraktorar mæla því með Chiropractic þar á meðal þeir íslensku.



## ÓTRÚLEG FERMINGARTILBOÐ

**Takmarkað magn.**

**Bonnel Boxspring**
90x200 kr. 19.900.- stgr.
120x200 kr. 22.900.- stgr.
140x200 kr. 24.900.- stgr.

**Pocket Boxspring**
90x200 kr. 24.900.- stgr.
120x200 kr. 29.900.- stgr.
140x200 kr. 34.900.- stgr.

**Beauty Sleep** 8 ára ábyrgð
90x200 kr. 29.900.- stgr.
97x200 kr. 34.900.- stgr.
120x200 kr. 39.900.- stgr.
135x200 kr. 44.900.- stgr.
153x200 kr. 49.900.- stgr.

**Healthy Sleep** No Turn 10 ára ábyrgð
90x200 kr. 44.900.- stgr.
97x200 kr. 49.900.- stgr.
120x200 kr. 59.900.- stgr.
135x200 kr. 64.900.- stgr.
153x200 kr. 69.900.- stgr.

Öll verð með fótum og þykkri áfastri yfirdýnu.



Sleep Series



Sleep Series



Sleep Series



- GÆÐI
- GÓÐ VERÐ
- ÞJÓNUSTA
- ÚRVAL
- ÞEKKING




Svefn & heilsa

Gleðilega páska

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

## 2 milljónir +



**Tilboð óskast !**
Glæsilegur Subaru Forester S Turbo. Awd., skr. 07/04, ek. 10 þ., næst sko. '07, stór gler topplúga, 5 gíra, cruise, nýr MP3 Pioneer, 8 ný dekk, 16" álf., og fl. Áhv. 2.100 þ. 40 á mán. Tilboð óskast. Mjög öflugur, traustur og nánast nýr bíll. Ath skipti á ódýrari. Uppl. í s. 897 7705.

## Bílar óskast

Skipti. 5 dyra jeppi að 1milj. fyrir MMC Lancer 9/'94. 1.6Glxi. Verð 350 þ. Milligj. stgr. Sími 825 8081.

Óska eftir bíl á 0-200 þ. stgr. Ekki eldri en '93 má þarfnast lagf. S. 659

## Jeppar



**Volvo XC90**
Nýskráður 06/'03, 5 dyra, 7 manna, sjálfskiptur, topplúga, leður o.fl. o.fl. Ekinn 25 þús. Verð 5.150 þús. Uppl. í s. 844 4592.



Nýskoðaður Ford Explorer XL '92 ekinn 190 þús. Verð 250.000 stgr. Uppl. í s. 822 8589.

Land Cruiser 90 LX Beinsk.árg 2000 Gullsans, filmur þakbogar Ekinn 97 þús. Verð 2390 þús s 660 2419

## Mótorhjól



CRF-450 12/'03. Hjól í topp standi, ekið aðeins 30 klst. Ásett verð 670 (tilboð 590 strg.). S. 660 1811.



**Til sölu Rayser**
Yamahaa YZF, 600R árg. '95, gott hjól. Verð 385 þús. Uppl. í s. 893 1030.

**Go-kart keppnisbíll**
Árg. '04, ekinn 10 tíma. Verð 400 þús. Ath. skipti á krossara. Uppl. í s. 698 4945.

Suzuki DR 350 árg. '91, topphjól. Verð 210 þús. Uppl. í s. 893 1030.

## Fellihýsi

Til sölu Coleman Redwood árg. 2001, 9 fet, 1 eigandi. Með ísskáp og fl. fylgihlutum. Uppl. í s. 892 2420 & 483 1326.

## Vinnuvélar

Vélaborg ehf



**Drifskaftaefni**
Eigum til drifsköft og aukahluti t.d. hjöruliði, hjöruliðsgafla, kúplingar, drifskaftsrör og hlífar o.fl. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600.

Vélaborg ehf



**Gul blikkljós - Hálf-vitar;**
Blikkljós í miklu úrvali til ásamt festingum. 12 volt/24 volt. Fáanleg með óbrjótanlegu gleri. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk, 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Ak, 464 8600.



Til sölu 30 tonna Liebherr krani 4x4 árgerð 1986 í mjög góðu standi. Bómulengd 24 metrar, jip 9 metrar, mjög hentugur fyrir byggingaverktaka og í öll smærri verk. Áhvílandi er lán hjá Lýsingu. Ásett verð 3.750.000.+ VSK. Upplýsingar í síma 892 7674.

JÖTUNN VÉLAR ehf.



Expander boltar í slitna liði. Eyðir slagi í liðfestingum Jötunn Vélar ehf Austurvegur 69 Selfoss s. 480 0400 www.jotunn.is

JÖTUNN VÉLAR ehf.



Engon rotortilt á allar gröfur. Hraðlás 40° skekking og endalaus snúningur Jötunn Vélar ehf Austurvegur 69 Selfoss s.4800 400 www.jotunn.is



Til sölu ný Komatsu PC 27R. Fæst með góðum afslætti. Uppl. í síma 820 1005.



Tek að mér alla almenna gröfuvinnu. Uppl. í s. 893 1030.

Óska eftir að kaupa 500 bara háþrýstidælu. Uppl. í s. 896 8934 Björn.

## Lyftarar

Vélaborg ehf



**Lyftarahjólbarðar frá Trelleborg**
í úrvali. Á flestar gerðir lyftara, loftfylltir eða gegnheilir, svartir eða hvítir strikafríir. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk, sími 414 8600, Draupnisgötu1, 603 Akureyri, sími 464 8600.

## Bátar

HEIMAVÍK EHF
555 6090 • 892 865

**Grásleppunetin komin.**
Gott verð. Felld grásleppunet, silunganet. Beitusíld - beitusíld.



Vélbátur til sölu, einnig lyfta á kassa og sendibíl. Uppl. gefur Bjarni Haraldsson í s. 453 5124.



Til sölu 19 feta sportbátur 140 hestöfl í toppstandi með góðum vagni. Uppl. í s. 566 8366 & 698 4967, fleiri myndir á hundahotel@hundahotel.is verð 1200 þúsund.

Vil kaupa notaða 4ja manna jullu. Uppl. í s. 846 4878.

## Flug



Fisflugvél til sölu, tveggja sæta. Í góðu lagi. Simi 822 1648 og 894 4557.

## Bílaþjónusta

NICOLAI
BIFREIÐASTILLINGAR
Faxafeni 12 Sími 588-2455
véla og hjólastilling saman
vetrarTILBOÐ 12.900 kr

## Varahlutir

Bílhlutir, Drangahrauni 6, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Rafstilling ehf. Dugguvogi 23**
Startarar. Alternatorar. Nýir hlutir, skipti hlutir, viðgerðir áratuga reynsla. Hröð þjónusta, mikið úrval.
**Sími 581 4991, GSM 663 4942.**

Bílakjallarinn Stapahrauni 11, s. 565 5310. Sérhæfum okkur í VW, Toyota, MMC, Suzuki og fl.

Aðalpartasalan s. 565 9700, Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Hondu, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

**AB-VARAHLUTIR**
Bílavarahlutir í flestar gerðir Evrópu og Asíubíla, t.d. boddíhlutir, ljós, kúplingar, stýrishlutir, bremsuhlutir, handbremsubarkar, vatnsdælur, öxulliðir og hosur ljóskastarar, tímareimar, viftureimar, spirnur, spindilkúlur. Og allir varahlutir fyrir Toyota. Eingöngu ný vara.
**Opið frá 08.00-18.00 mánudaga-föstudaga. Betri vara, betra verð. Sími 567 6020. Bíldshöfði 18**

Partasalan VTS, s. 421 8090. Toyota, Nissan, Opel, Audi 100-95, Suzuki, Lancer. Opið virka daga frá 8-18, laugard. 10-15.

Vélbúnaður og bodyhlutir í VW Golf, Polo og Yaris '98 og yngri. Einnig Airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Nýtt!!!!**
Peugeot, Citroen. Er eingöngu að rífa Peugeot og Citroen, á mikið af varahlutum. Franskir bílapartar ehf. S. 587 8200 & 694 9117.

Partasala Guðmundar Tangarhöfða 2, S. 587 8040. Erum að rífa Mözdu, MMC og Nissan frá árg. '88-'97. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Alternatorar-startarar**
Viðgerðir-sala. Tökum þann gamla uppí. Vm/Rótor ehf. Helluhr. 4, s. 555 4900.

Jeppapartasala Þórðar, tangarhöfða 2, S. 587-5058. Sérhæfum okkur með varahluti í Japanska jeppa og Subaru.

**bilapartar.is**
Bílapartar v/Rauðavatn, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyota-bíla. Opið virka daga frá 10-18. www.bilapartar.is

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

**Hedd 557 7551**
Golf, Polo, Skoda Fabia, Feilicia, Neon, MMC, Nissan, Subaru, Toyota 4 runner, Applos ofl. Hedd, Skemmuvegi 16.

Á framljós í Avensis árg. '97- '01, Corollu '99, Golf '92- '01, Polo '99. Ný vara, gott verð. Kaupi bíla. S. 864 0984.

Á varahluti í Charade '88/'93, Civic '91, Lancer Colt '92/'93, Galant '90, Corolla '92, Sunny '92, Micra '91, Swift '90, Subaru '90, Justy, L300 '90, Primera '93, Escort '88. Hyundai Coupe Turbo '93. Kaupi bíla. S. 896 8568.

## Viðgerðir

Ef púströð pípir og bremsurnar braka, hættu að aka og láttu okkur laga. Kvikkþjónustan, Sóltúni 3, s. 562 1075.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**www.handrid.is**
Tilbúnir stigar og hringstigar með harðviðar þrepum og handlista. Handriðaefni í tré, smíðajárni og ryðfrítt stál, á lager. Stigalagerinn, Dalbrekku 26, s. 564 1890.




Fallegar fermingargjafir. Glæsilegt úrval. Opið mán.-fös. 10-18 lau. 12-16. Ljós og Ilmur ehf Bíldshöfði 12. S. 517 2440



Okkar árlega rýmingarsala. 50-70% afsláttur af öllu í versluninni. Nú er tækifærið, ekta pelsar á hálfvirði og margt fl. Sigurstjarnan, (bláu húsin) Fákafeni. Opið frá 11-18 virka daga og 12-13 laugardaga. S. 588 4545. Vaxtalausar léttgreiðslur

Vélaborg ehf



**Leikföng - Leikföng !**
Landbúnaðarleikföng í úrvali. Fótstignar og rafdrifnar dráttarvélar, einnig minni leikföng bæði í settum og stök. Vélaborg Krókhálsi 5F Reykjavík(gengið inn frá Járnhálsi). Sími 414 8600 og Draupnisgötu 1, Akureyri. Sími 464 8600.

Vélaborg ehf



**Comet háþrýstidælur**
Comet háþrýstidælur, margar gerðir, verð frá kr. 9.950. (Dæla á mynd, 26.390 kr). Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk. Sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600. Skoðið einnig úrvalið á velaborg.is



**Kaminur og eldstæði frá NIBE - Svíþjóð. www.kaminur.com**
Glæsilegar kamínur. Handöl & Contura. Sjá www.kaminur.com. Verð frá 175 þús. Tökum við pöntunum til afgr. í apríl. Fyrirsp. kamina@internet.is & 694 6606 eftir kl. 18.

vitamin.is

**Vítamin.is og blek.is**
Labrada fæðibótaefni. Ármúla 32, s. 544 8000. Opið mán. til fös. 10 til 18. Laug. 11 til 15.



Herrafatnaður-verðfall. Lagersala, Auðbrekku 1, opið 12-18. S. 564 3477, Jóna.



Glæsilegur í stærðum 75-90 B-D skálum verð kr. 1.995,- buxur í stíl kr. 995,- Misty Laugavegur 178. Sími 551-2070

## TIL LEIGU/ÞJÓNUSTA

S. E. Húsamálun ehf
Alhliða málningarvinna úti sem inni.
Vönduð vinna og góð þjónusta.
Svanþór Þorbjörnsson, málarameistari, s. 892 5829.

Loftpressur, kæliþurrkarar, síur, kútar og þjónusta.
Heildarlausn í þrýstilofti fyrir allan íslenskan iðnað.
Loftpressur á lager frá 250 til 4000 ltr/min.



IÐNVÉLAR

Aðalslípun
Parketslípun - Parketlagnir
Slípun - Lökkun - Olíumeðferð
Vax - Lútun - Viðgerðir
Og allt almennt viðhald
8215880
8212580
info@adalslipun.is
www.adalslipun.is

**Súmarbústaður óskast til leigu yfir páskana.**
Óskum eftir sumarbústað til leigu yfir páskana helst með heitum potti. Uppl. í s. 426 8783 & 868 3066.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu jarðhæð með stóru gluggaplássi að Skipholti 17. Uppl. í síma 893-5228

## Gisting

Gistiheimili Halldoru Hvidovre/Köben Ódýr og góð gisting www.gistiheimilid.dk 0045-24609552

Stúdíóíbúð til leigu í 1 nótt eða fl. Sérinngangur. Sími 822 1941.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Kynning
Bros á allra vörum!

**Vegna aukinna verkefna**
Vantar okkur hæft kynningarfólk í Reykjavík, Akureyri og á landsbyggðinni strax til starfa. Mikilvægt að viðkomandi hafi ánægju af samskiptum og sé áreiðanlegur og stundvís. Snyrtimennska og lífsgleði er áskilin. Áhugasamir hafi samband við Önnu Sigurðardóttir hjá Kynningu ehf. í síma 586 9000 eða í gsm 822-1412. Einnig má senda umsóknir á anna@kynning.is.

KVARNIR
Tunguháls 15
sími: 564 6070
www.kvarnir.is

**Framtíðarstarf**
Óskum eftir að ráða laghentan mann til að sjá um viðhald og eftirlit á byggingakrönum og öðrum tækjum. Spennandi starf fyrir áhugasaman aðila. Við leitum að reglusömum starfsmanni sem hefur: ∑Meirapróf ∑Lyftarapróf ∑Kunnáttu í ál- og stálsuðu ∑Einhverja tölvuþekkingu, t.d. excel Umsóknareyðublöð eru afhent á skrifstofu Kvarna að Tunguhálsi 15, 110 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma: 564-6070 á milli kl: 09:00 og 17:00

**Óskum eftir starfsfólki á kvöldvaktir !!**
Við hjá Skúlason leitum að fólki 18 ára og eldri við úthringingar, fjölbreytt og skemmtileg verkefni að fara að stað. Fast tímakaup og mikil vinna í boði. Almenn tölvukunnátta æskileg. Hafðu samband í síma 575 1500 og leggðu inn umsókn.
**Skúlason ehf, Laugavegi 26, s. 575 1500, www.skulason.is**

**Bakaríið hjá Jóa Fel.**
Okkur vantar hresst og duglegt starfsfólk í fullt starf í afgreiðslu.
**Uppl. á staðnum og í s. 588 8998, 863 7579 Linda Rós. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

**Veitingahúsið Ítalía leitar eftir starfsfólki í eftirfarandi störf:**
Vaktstjóri/Yfirþjónn í sal - fullt starf, vaktavinna. Þjónn í sal - fullt starf, vaktavinna, ekki yngri en 20 ára. Þjónn í sal - kvöld og helgar vinna.
**Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 14 og 17.**
**Veitingahúsið Ítalía. Laugavegi 11**

TEKJULEIÐ. Ef þú ert að leita að leið til að ná þér í tekjur þá erum við með lausnina, hvort sem þú býrð hérlendis eða erlendis. www.simnet.is/world

Óska eftir duglegum samstarfsaðila sem gerir miklar tekjukröfur. www.ubifree.ws

Óska eftir nema í húsasmíði. Uppl. í s: 897 0800

**Dekk,smur og bón**
Óskum eftir starfsmönnum á dekkjarverkstæði, smurstöð og bón og þvottastöðvar okkar. Nánari upplýsingar hjá Guðna í Bílko 660 0560.

Röska menn vantar á hjólbarðaverkst. uppl. í s. 568 3080 og á staðnum. Barðinn, Skútuvogi 2.

**Tanntæknir.**
Tannlæknastofa í Hafnarfirði óskar eftir tanntækni í 70 til 80% vinnu með sveigjanlegan vinnutíma í huga frá og með 1. apríl. Umsóknir sendist á Skaftahlíð 24 fyrir 20. mars næstkomandi eða á smaar@frett.is merkt "tanntæknir".

Vantar röskan starfskraft í þrif, vinnutími virka daga. Einnig vantar starfskraft í afleysingar virka daga og helgar. Ekki yngri en 20 ára. Meðmæli óskast. Upplýsingar í síma 557 5325.

**Viltu 10.000 kr á dag?**
Og starfa hjá traustu markaðsfyrirtæki í þægilegu starfsumhverfi? Aldur og reynsluleysi engin fyrirstaða. Uppl. í síma 533 4440.

Rafvirkjar óskast. Uppl. í s. 896 4901.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. óskar eftir að ráða starfsmenn í áfyllingar í verslanir. Æskilegur aldur 20 ára og eldri. Bílpróf skilyrði. Þarf að geta hafið störf strax. Umsóknir sendist á ee@egils.is

Logoflex óskar eftir laghentu starfsfólki til skiltagerðar. Fólíudeild og smíðaverkstæði. Upplýsingar gefur Bóas í síma 660 4662.

**Gúmmivinnustofan**
Duglegir, helst vanir einstaklingar óskast á hjólbarðaverkstæði hjá Gúmmívinnustofunni, Réttarhálsi 2. Tímabundin vinna. Mögul. á fastráðningu. Hafa samband við Ása í síma 660 0377 eða á staðnum.

**HR verktakar**
Óskum eftir að ráða smiði og verkamenn í byggingavinnu í Reykjavík og á Suðurnesjum. Uppl. í síma 896 4616.

Óska eftir vönum mönnum í hellulagnir. Vinnvélaréttindi kostur. S. 898 4845.

Vantar strax duglegt fólk vinna í sal á veitingahús nanathai og Banthai. Uppl. í s. 896 3536.

**Subway- Keflavíkurflugvelli.**
Óskum eftir fólki í dagvinnu, breytilegur vinnutími. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Hægt er að sækja um á subway.is eða á staðnum. Nánari upplýsingar gefur Alma í síma 696 7012.

Viljum ráða aðstoðarmann í byggingarvinnu. Uppl. í s. 893 6667.

Óska eftir starfsfólki í afgreiðslu og pizzabakara. Uppl. í s. 663 0970

**Byggingavinna**
Óskum eftir smiðum og verkamönnum til byggingavinnu. Mikil vinna famundan. Uppl. í síma 699 3366.

**Helgarvinna**
Óskum eftir að ráða helgarstarfsfólk sem fyrst. Upplýsingar í síma 861 7271 milli kl. 15 & 18.

**Smiðir/mótamenn**
Byggingafyrirtæki óskar eftir að ráða smiði, menn vana mótavinnu og verkamenn sem fyrst. Uppl. í s. 821 7122.

Veitingarhúsið Lækjarbrekka getur bætt við sig faglærðum þjónum, þjónanemum og vönu starfsfólki í sal. Uppl. á staðnum milli kl. 14-17 alla daga eða í síma 551 4430.

Sérverkefni. 800-1.200 þús. á mán. Metnaður skilyrði. Stofnkostnaður 100 þús. S. 844 1268.

Ísbúðin í Kringlunni og Álfheimum 2 óska eftir að ráða í eftirfarandi störf: Aukavinna/hlutastörf á daginn, á kvöldin og um helgar. Fast starf í dagvinnu. Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 899 9495, Jónína.

**Hellulist**
Óskum eftir verkamönnum í hellulagnir og vélamanni á hjólagröfu. Uppl. veitir Gísli í s. 698 5222.

## Atvinna óskast

Vanur málari vantar vinnu á Höfuðborgarsvæðinu! 865 0079 Halli

## Viðskiptatækifæri

**Einföld heimaviðskipti**
Engin sala, 100 % sjálfvirkt. www.website.ws/kassinn

Mjög þægileg aukavinna á netinu. Þú færð 2% á peningana sem þú setur inn. http://www.2daily.com/?ref=3359

**BYGG ehf.**
Óskar eftir starfsmönnum í hellulagnir og aðra almenna lóðarvinnu nú þegar.
Mikil vinna framundan og góður aðbúnaður.
Uppl. í s. 693-7319
BYGG

**BYGG ehf.**
Óskar eftir manni á hjólagröfu í garðdeild fyrirtækisins.
Mikil vinna framundan.
Uppl.í s. 693 7319.
BYGG

**Stýrimann og háseta vantar á 230 tonna Rækjuskip.**
Upplýsingar veittar í síma 893 3077.

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um deiliskipulag í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu deiliskipulagi í Reykjavík.

**Suðurlandsbraut 14.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar Suðurlandsbraut 14.
Tillagan gerir ráð fyrir m.a. að bakbygging á lóð verði að mestu fjarlægð og þess í stað verði byggingareitur fyrir bílageymslu á fyrstu hæð og öðru gólfi stækkaður sem því nemur og bætt verður við inndreginni sjöundu hæð frambyggingar. Hæðarkóti er hækkaður úr 51m í 55m.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 08:20 – 16:15, frá 11. mars til og með 22. apríl 2005. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við hana skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulagsfulltrúa, merkt viðkomandi svæði og undirritað skilmerkilega, eigi síðar en 22. apríl 2005.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 11. mars 2005
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 563 2600 • MYNDSENDIR 562 3219

## ÚTSALA

**Lagerútsala/ barnavara**
Lagerútsala á barnavöru og leikföngum.
Í boði verður m.a vagnar, kerrur, rúm, bílstólar og allskyns barnavara.
Einnig mikið úrval af leikföngum.
Opið föstudag 11/3 frá kl: 15-18, laugardag 12/3 frá kl: 11-17 og sunnudag 13/3 frá Kl: 13-17.
Tökum við debet og kredit kortum.
**Lagerútsala Smiðsbúð 8 Garðabæ.**
( Inngangur inn í porti )

# TILKYNNINGAR

## Einkamál







ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.
Talstöðin
FM 90,9



## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.841 **-0,52%**

**Fjöldi viðskipta:** 323
**Velta:** 4.913 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| Straumur | 1,51% | Medcare | -6,78% |
| SH | 1,40% | SÍF | -6,00% |
| Og fjarskipti | 1,04% | Bakkavör | -3,92% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 39,60 -0,25% ... Atorka 6,00 – ... Bakkavör 31,90 -3,92% ... Burðarás 13,80 -0,72% ... Flugleiðir 14,70 -1,34% ... Íslandsbanki 11,70 +0,43% ... KB banki 526,00 -0,38% ... Kögun 58,00 -0,68% ... Landsbankinn 14,70 -1,34% ... Marel 56,10 -0,36% ... Medcare 5,50 -6,78% ... Og fjarskipti 3,90 +1,04% ... Samherji 11,20 -0,88% ... Straumur 10,10 +1,51% ... Össur 83,50 -0,60%

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

# Verðstríð dregur úr verðbólgu

**Verðbólgan er nú 4,7 prósent á ársgrundvelli en aðeins 2 prósent ef ekki er tekið tillit til hækkunar húsnæðisverðs.**

Verðbólgan á ársgrundvelli er nú 4,7 prósent en vísitala neysluverðs hækkaði um 0,75 prósent milli febrúar og mars. Þetta er heldur minni verðbólga en spáð hafði verið.

Hækkun vísitölu neysluverðs er minni en búist var við, meðal annars vegna verðlækkunar á matvörumarkaði, og segir í tilkynningu frá Hagstofu að þetta megi rekja til verðstríðs sem nú geisar á matvörumarkaði.

Það sem hefur mest áhrif til hækkunar á vísitölunni er hækkað húsnæðisverð en verð á fatnaði hækkaði einnig þó nokkuð milli mánaða og er það rakið til þess að útsölum er víðast hvar lokið. Verð á fatnaði hækkaði um 12,2 prósent milli mánaða.

Greiningardeild KB banka sendi frá sér skýrslu um stöðu efnahagsmála á miðvikudag þar sem bankinn endurskoðaði verðbólguspá sína og hækkaði hana. Nú spáir KB banki að verðbólgan verði 6,2 prósent yfir árið. Það er töluvert fyrir ofan þolmörk Seðlabankans.

Í Hálf fimm fréttum KB banka í gær kom einnig fram að þótt verðbólgan mældist nú 4,7 prósent á ársgrundvelli væri verðbólga án húsnæðis aðeins 2 prósent. Það er hins vegar þensla á fasteignamarkaði sem vegur langþyngst um hækkun vísitölunnar. - þk


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**MATVARA LÆKKAR** Lækkun á verði matvöru dró úr verðbólgu í síðustu mælingu og segir Hagstofan það skýrast af verðstríðinu á matvörumarkaði.

# Tap hjá SÍF

SÍF tapaði tæplega fjórum milljónum evra á síðasta ári. Það samsvarar um 320 milljónum íslenskra króna. Á síðasta fjórðungi ársins var hins vegar 15,8 milljón evra (rúmlega 1.200 milljónir króna) hagnaður á rekstrinum.

Greiningardeildir bankanna voru víðs fjarri réttri niðurstöðu í spám sínum en það helgast fyrst og fremst af því að mikil óvissa ríkti um hvernig breytingar á SÍF í kjölfar kaupanna á Labeyrie Group kæmu fram í ársreikningunum.

Að sögn Valdimars Halldórssonar í greiningardeild Íslandsbanka munu fjárfestar fyrst og fremst líta til niðurstöðu rekstrarins á fyrsta ársfjórðungi þessa árs til að öðlast raunsanna mynd af því hvernig reksturinn í breyttu félagi er staddur. - þk

# Hættur hjá Flögu Group

Svanbjörn Thoroddsen lætur af störfum sem forstjóri Flögu um næstu mánaðamót. Hann hefur gegnt starfi forstjóra í fjögur ár.

Að sögn Svanbjörns eru starfslokin gerð í góðu samkomulagi milli hans og stjórnarinnar en hann mun verða stjórn félagsins til ráðgjafar fram á mitt þetta ár. „Þetta er allt í mjög góðu gert,“ segir Svanbjörn.


**SVANBJÖRN THORODDSEN**

Á síðasta aðalfundi Flögu var tilkynnt um talsverðar breytingar í hluthafahópi Flögu og urðu fyrrum eigendur Sleeptech, fyrirtækis sem Flaga keypti í fyrra, meðal stærstu hluthafa í félaginu.

Bogi Pálsson, stjórnarformaður Flögu, mun á næstu mánuðum vera í fullu starfi sem slíkur, þar til stjórn ræður nýjan mann í starf forstjóra. - þk

# HB Grandi hagnast

Hagnaður HB Granda í fyrra var 603 milljónir króna en árið 2003 var hagnaður félagsins 763 milljónir.

Greiningardeildir bankana spá því að rekstur HB Granda verði erfiður í ár og að mjög muni draga úr hagnaði. Þá kom það fram á fundi með greiningardeildum í gærmorgun að útgerðarhluti félagsins hafi að undanförnu ekki skilað jákvæðri framlegð.

Velta HB Granda tæplega tvöfaldaðist á milli áranna 2003 og 2004 vegna sameiningar Granda og Haraldar Böðvarssonar, Tanga og Svans.

Greiningardeildir bankanna gera ráð fyrir að hagnaður HB Granda á þessu ári verði á milli 40 og 260 milljónir króna. - þk

**SPÁR UM HAGNAÐ HB GRANDA:***

| | |
|---|---|
| KB banki | 540 |
| Íslandsbanki | 858 |
| Landsbankinn | 610 |
| **Niðurstaða** | **603** |

* Í milljónum króna


FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

KRAFTUR OG ÖRYGGI
Á FERÐINNI EÐA Á STAÐNUM

Fujitsu Siemens
Ferðatölva
AMILO L1300
Intel® Celeron M 340 1.5 GHz
512MB DDR minni
40GB diskur
15.4" breiðtjaldsskjár (1280 x 800)
DVD brennari
Þráðlaus netstýring
Windows XP Home
2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum
Girnilegur forritapakki fylgir með!

10.825 kr. á mánuði *
*Vaxtalausar greiðslur til 12 mánaða
Heildarverð 129.900 kr. m/vsk



KAUPAUKI

Fylgir með öllum AMILO og SCALEO tölvum út mars.
Vandaður Sweex MP3 spilari með 256MB minni, að verðmæti 7.990 kr.

Breiðtjaldsskjár
Sjáðu alla myndina þegar þú horfir á DVD. Gefur þér líka meira vinnusvæði í vinsælum forritum s.s. Photoshop.
Firewire
Tengir vélina þína beint við myndbandstökuvél og annan háhraðabúnað eins og útværa diska, iPod og fleira. Firewire tengið ásamt öflugum örgjörva og skjákorti gera tölvuna að öflugu kvikmyndaveri.
„Dual Screen“ og sjónvarpsútgangur
Hægt er að hafa aukaskjá tengdan og vinna á báðum skjám samtímis, einnig hægt að tengja beint við sjónvarp.

Fujitsu Siemens
Öflug vinnustöð
í leik og starfi
SCALEO T
17" svartur og vandaður flatskjár
AMD Athlon' 64 3400+
1GB DDR minni Dual Channel
250GB 7200sn. S-ATA diskur
ATI RADEON 9600XT 256MB
- Video in/Video out, DVI tengi
DVD ± R/RW Dual Layer
DVD-ROM, tvö aðskilin drif
MediaBay kortalesari
Þráðlaust netkort 54Mbps
Firewire tengi og 6 USB 2.0
Nettir hátalarar
Þráðlaust íslenskt lyklaborð og mús
Windows XP Home SP2
2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum
Öflugur hugbúnaðarpakki fylgir með!

Microsoft Works Suite 2004 sem inniheldur:
MS Encarta Encyclopedia Standard 2004
MS Money 2004, MS Works
MS Word og MS Photo Standard



64 bita örgjörvi
Windows í 64 bita útgáfu kemur á markað í apríl á þessu ári og mun sú útgáfa færa með sér stóraukin afköst fyrir Athlon örgjörvann. Besti örgjörvinn í kröfuhörðustu leikina samkvæmt prófunum.
RADEON® Alvöru RADEON® 9600 XT leikjaskjákort með 256MB minni
„Dual Screen“ og sjónvarpsútgangur
Hægt er að hafa aukaskjá tengdan og vinna á báðum skjám samtímis, einnig hægt að tengja beint við sjónvarp.
Firewire
Tengir vélina þína beint við myndbandstökuvél og annan háhraðabúnað eins og útværa diska, iPod og fleira. Firewire tengið ásamt öflugum örgjörva og skjákorti gera tölvuna að öflugu kvikmyndaveri. Tölvan er líka búin sjónvarpsútgangi- og inngangi sem eykur enn á möguleika hennar til hljóð- og myndvinnslu.
DVD brennari - tvö drif
Vélin er útbúin fullkomnum „Dual Layer“ brennara sem styður alla helstu DVD staðla á markaðnum. Vélin er einnig með öðru drifi sem les DVD diska. Með tveimur drifum er afritun ekkert mál.
MediaBay
Les allar helstu gerðir minniskorta fyrir stafrænar myndavélar.
Allt þráðlaust
Þráðlaust 54Mbps netkort og þráðlaust íslenskt lyklaborð og mús tryggir stílhreint og snúrulaust umhverfi.

12.491 kr. á mánuði *
*Vaxtalausar greiðslur til 12 mánaða
Heildarverð 149.900 kr. m/vsk

Tæknival
SKEIFUNNI 17
SÍMI: 550 4000
www.taeknival.is

SAMSTARFSAÐILAR:
Stefna - Akureyri - www.stefna.is / Tölvuþjónusta Vesturlands - Borgarnes - tvest@simnet.is
Netheimar - Ísafjörður - www.netheimar.com / Eyjatölvur - Vestmannaeyjum - www.eyjatolvur.com
Tölvuþjónusta Vals - Keflavík - tvals@mi.is / Tölvu- og tækjabúðin - Ólafsvík
Martölvan - Höfn í Hornafirði - www.martolvan.is




# nirnir!

Sjötta árið í röð viljum við þakka viðskiptavinum okkar traustið! Samkvæmt **Ánægjuvog Gallup** eru viðskiptavinir Sparisjóðsins þeir ánægðustu í bankakerfinu. Persónuleg þjónusta er okkar aðalsmerki og stuðlar að ánægjulegu samstarfi við alla okkar viðskiptavini.

*Starfsfólk Sparisjóðsins.*




SPARISJÓÐURINN

*– fyrir þig og þína*

**DOUGLAS ADAMS (1952 – 2001)**
fæddist á þessum degi.



*„Ég ætla að vera dáinn í eitt ár vegna skattalegs hagræðis.“*

***Douglas Adams, höfundur The Hitchhikers Guide to the Galaxy, dó fyrir fjórum árum, ef til vill vegna skattalegs hagræðis og því ekki loku fyrir það skotið að hann risi upp frá dauðum í náinni framtíð, skildingnum ríkari.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# Gorbatsjov kemst til valda

Þennan dag árið 1985 var Mikhaíl Gorbatsjov kjörinn formaður sovéska kommúnistaflokksins og leiðtogi Sovétríkjanna.

Gorbatsjov fæddist árið 1931 skammt frá borginni Stavropol. Hann lauk embættisprófi í lögfræði snemma á 6. áratugnum og tók eftir það virkan þátt í pólitík og forframaðist innan kommúnistaflokksins á skömmum tíma. Gorbatsjov þótti greindur og klókur stjórnmálamaður og var í náðinni hjá áhrifamiklum mönnum á borð við Júrí Andropov, þáverandi yfirmanni KGB. Það var meðal annars fyrir hans tilstuðlan að Gorbatsjov var kjörinn formaður miðstjórnar Kommúnistaflokksins árið 1971.

Næstu ár festi Gorbatsjov sig betur í sessi innan flokksins og var dyggur stuðningsmaður Léoníds Brésnev. Þegar hann dó í embætti árið 1984 settist Andropov í formannsstólinn. Þegar Andropov dó árið 1984 töldu margir að Gorbatsjov yrði kjörinn næsti formaður, en hann þótti full ungur til starfans auk þess sem margir af eldri kynslóðinni voru tortryggnir í hans garð. Konstantín Tsjernenkó varð því næsti formaður en hann reyndist ekki langlífur í starfi frekar en forveri sinn, lést 10. mars 1985 og Gorbatsjov var kjörinn formaður í hans stað.



**MIKHAÍL GORBATSJOV**

Gorbatsjov reyndi að koma á umbótastefnu bæði í efnahags- og utanríkismálum en breytingarnar sem því fylgdu voru of hraðar svo að við væri ráðið. Undir lok níunda áratugarins fór smám saman að kvarnast úr röðum Sovétríkjanna og í desember 1991 sagði Gorbatsjov af sér og markaði það endalok Sovétríkjanna. Það var ef til vill fyrir kaldhæðni örlaganna að Litháen lýsti yfir sjálfstæði frá Sovétríkjunum hinn 11. mars árið 1990, réttum fimm árum eftir að Gorbatsjov tók við embætti.

## MERKISATBURÐIR

**537** Gotar ráðast á Rómarborg.
**1669** 15 þúsund farast þegar eldfjallið Etna gýs á Ítalíu.
**1702** Fyrsta enska dagblaðið, Daily Courant, kemur út.
**1818** Bókin Frankenstein eftir Mary Shelley kemur út.
**1851** Óperan Rigolettó eftir Verdi er frumsýnd í Feneyjum.
**1892** Körfuknattleikur leikinn opinberlega í fyrsta skipti.
**1918** Moskva gerð að höfuðborg Rússlands.
**1941** Þýskur kafbátur grandar línuveiðaranum Fróða. Fimm fórust.
**1961** Bretar fallast á útfærslu íslenskrar landhelgi í tólf mílur.
**1984** Guðlaugur Friðþórsson synti fimm kílómetra í land eftir að bátnum Hellisey hvolfdi austur af Heimaey. Fjórir fórust.

## ANDLÁT

**Guðmundur Árni Jónsson**, Skúlagötu 61, Reykjavík, lést fimmtudaginn 3. mars.

**Guðbjörg Ólafía Jóhannesdóttir**, Hleinargarði, lést þriðjudaginn 8. mars.

**Magnús Pálsson**, Syðri-Steinsmýri, Meðallandi, lést miðvikudaginn 9. mars.

## JARÐARFARIR

11.00 **Aðalbjörg Valentínusdóttir**, frá Hömrum, Reykholtsdal, Garðvangi, Garði, verður jarðsungin frá Útskálakirkju.
13.00 **Hallgrímur A. Guðmundsson**, kennari og húsasmíðameistari, Hraunbrún 16, verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju.
13.00 **Sveinn Gamalíelsson**, Kópavogsbraut 20, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju.
14.00 **Árni Vilhjálmsson, Urðarteigi 5**, Neskaupstað, verður jarðsunginn frá Norðfjarðarkirkju.
14.00 **Guðrún Ólafsdóttir**, lengst af á Esjubraut 6, Akranesi, verður jarðsungin frá Akraneskirkju.
14.00 **Hólmfríður Ósk Jónsdóttir**, Ægisgötu 26, Akureyri, verður jarðsungin frá Glerárkirkju.
14.00 **Sigurður Jónsson**, Skólavegi 9, Keflavík, verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju.
15.00 **Bragi Örn Ingólfsson**, flugvirki, Skriðuseli 6, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Seljakirkju.



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Guðrúnar Ólafíu Helgadóttur**
Melteig 7, Garði,

Okkar bestu þakkir til starfsfólks Heimahjúkrunar á Suðurnesjum og hjúkrunarfólks á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, fyrir góða umönnun. Guð blessi ykkur öll.

**Ólafur G. Sigurðsson**
**Soffía G. Ólafsdóttir** **Sæmundur Kr. Klemensson**
**Ólafur G. Sæmundsson** **Hjálmfríður Kristinsdóttir**
**Klemenz Sæmundsson** **Katrín Sigurðardóttir**
**Hlíðar Sæmundsson** **Valdís Valdemarsdóttir**
**Guðjónína Sæmundsdóttir** **Bergur Sigurðsson**
**barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Margrét Jónsdóttir**
Kelduhvammi 16, Hafnarfirði,

Verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 14. mars klukkan 15.

**Sólveig M. Magnúsdóttir** **Stefán Karl Harðarson**
**Jón Ölver Magnússon**
**Viðir Þór Magnússon** **Helena Richter**
**Björk Magnúsdóttir** **Úlfar Sigurðsson**
**barnabörn og langömmubarn.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,*

**Sigrún Elísabet Ásgeirsdóttir**

sem lést 4. mars sl. verður jarðsungin frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 12. mars kl. 14.00.

**Theodór Árnason**
**Vilhjálmur Ásgeir Theodórsson** **Gabríella Oddsdóttir**
**Dagný Theodórsdóttir** **Heiðar Kristjánsson**
**Árni Þór Theodórsson** **Katrín Þóra Kruger**
**Lilja Matthildur Vilhjálmsdóttir, Ester Inga Hannesdóttir,**
**Ólafur S. Ásgeirsson, Ásgeir G. Ásgeirsson, Rannveig H. Ásgeirsdóttir**

## TÍMAMÓT: FÉKK TVÆR BÆKUR ÚTGEFNAR Í BANDARÍKJUNUM

# Fötlunin felst í umhverfinu

„Það þarf að gera skýran mun á því að vera skertur og vera fatlaður. Fólk er fyrst og fremst fatlað vegna þess hvernig við lítum á það, komum fram við það og skipuleggjum umhverfi þess,“ segir Dóra Sigríður Bjarnason, prófessor í félags- og fötlunarfræðum við Kennaraháskóla Íslands, en hún hefur nýlega fengið tvær bækur um fötlunarfræði gefnar út í Bandaríkjunum.

Dóra Sigríður er einn af frumkvöðlum í fötlunarfræðum hér á landi og hefur sérhæft sig í skólastarfi án aðgreiningar. „Í bókunum fá raddir fatlaðs fólks að heyrast, sem er allt of sjaldgæft, og þó að bækurnar endurspegli íslenskan veruleika erum við að búa til hluta af alþjóðlegri þekkingu,“ segir hún.

Bókin *School Inclusion in Iceland* kom út í Bandaríkjunum árið 2003 og byggir á eldri bók Dóru, *Undir huliðshjálmi*. „Þetta er að hluta til saga sonar míns sem er mjög fatlaður maður, en getur næstum allt með stuðningi og lifir nánast eðlilegu lífi í dag. Fáir sem þurfa á jafn miklum stuðningi að halda og hann geta lifað jafn eðlilegu lífi og hann gerir,“ segir Dóra.

Í fyrra kom bókin *New Voices from Iceland* út í Bandaríkjunum, en hún byggir á doktorsritgerð Dóru. „Ég ræddi við 36 ungmenni á aldrinum 16 til 24 ára sem öll eru mikið fötluð en hvert á sinn hátt. Ég reyni að draga upp mynd af ferðalöngum sem eru staddir á þremur mismunandi brautum: Fólkið sem er á aðalbrautinni með okkur hinum, þau sem eru á sérbrautinni þar sem fötluðu fólki er haldið út af fyrir sig og verndað og brautin þar sem fatlað fólk er eitt af fyrir sig. Það voru nokkrir sem voru á síðustu brautinni en sem betur fer voru þeir færri en hinum tveimur,“ segir Dóra.

Í bókinni ræðir Dóra við unga fólkið um viðhorf þeirra til lífsins, ástina, skólann, vinnuna og hvað það þýðir að verða fullorðinn. „Niðurstaða mín var sú að krakkarnir sem voru á aðalbrautinni virtust minna fötluð af umhverfi sínu en hin sem voru í vernduða umhverfinu þar sem allt tók mið af skerðingu þeirra.

Þá virtust krakkarnir sem voru verndaðir eiga lengra í land með að verða fullorðin og ná því marki kannski aldrei vegna þess hvar þau eru staðsett.“

Dóra segir að gagnvart fötluðu fólki standi Íslendingar ágætlega í alþjóðlegum samanburði en mikið verk sé óunnið.

„Við stöndum framarlega í skólastarfi en lífsgæði fatlaðra eru lakari hér á landi en á hinum Norðurlöndunum.“ ■




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**DÓRA SIGRÍÐUR BJARNASON** Vandi fólks sem er fatlað felst ekki í því sjálfu heldur í því hvernig við hin lítum á það og skipuleggjum umhverfi þess. Því er mikilvægt að raddir fatlaðs fólks fái að heyrast.

## AFMÆLI



**Þuríður Pálsdóttir** söngkona er 78 ára í dag.



**Kristín Steinsdóttir** rithöfundur er 59 ára í dag.



**Sólveig Pétursdóttir** þingmaður er 53 ára í dag.



**Sophia Hansen**, sem missti dætur sínar til Tyrklands, er 46 ára í dag.



**Markús Þór Andrésson** listamaður er þrítugur í dag.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

1544 Torquato Tasso, ljóðskáld.

1726 Louis Florence d'Epinay, rithöfundur.



**1931 Rupert Murdoch, fjölmiðlamógúll.**

1950 Bobby McFerrin, tónlistarmaður.



1950 Jerry Zucker, leikstjóri.



**1955 Nina Hagen, söng- og leikkona.**



**1961 Bruce Watson, gítarleikari Big Country.**

1961 Mike Percy, úr Dead or Alive.



**1962 Peter Berg, leikari.**



**1963 Alex Kingston, leikkona.**

Minningarkort
535 1825
HJARTAVERND
www.hjarta.is • 535 1800

# ennþá meira Hive

Í dag bætum við þjónustu okkar enn frekar með opnun nýrrar verslunar að Grensásvegi 16. Við hlökkum til að sjá þig.

**Ný verslun að Grensásvegi 16 opnar í dag**

## HiveLite

**Þráðlaust internet**
**2GB niðurhal**
**4Mb tenging**

**3.990**
**Á MÁNUÐI?***
*M.v. 12 mánaða samning.

Hive Lite er ný og hagkvæm áskriftarleið sem færir þér þráðlaust internet, 2GB niðurhal, 4Mb tengingu og fullkominn tækjabúnað ásamt allri uppsetningu án aukagjalds.

Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík og Hlíðarsmára 12, Kópavogi.
Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is

Hive



## Aðal leikur dagsins

**Nýliðaslagur í Grafarvogi**

**Fjölnir og Skallagrímur, nýliðarnir í Intersportdeildinni, mætast í úrslitakeppni Intersportdeildarinnar í Grafarvogi í kvöld. Liðin unnu bæði heimaleiki sína örugglega í deildinni í vetur en Fjölnismenn báru sigur úr býtum í bikarnum. Hörkubarátta fram undan í Grafarvoginum.**

**sport**

sport@frettabladid.is

MAGINN Í MAUKI HJÁ MAGNÚSI GYLFASYNI: FÓR Í MAGASPEGLUN Á MÁNUDAGINN

# Þetta var bara aumingjaskapur í mér

Síðasta helgi var heldur betur viðburðarík fyrir Magnús Gylfason, þjálfara KR. Á föstudagskvöldið stóð hann í ströngu á herrakvöldi KR og á sunnudeginum stjórnaði hann KR-ingum til sigurs gegn Þrótti í deildarbikarnum. En í millitíðinni þurfti hann að kljást við heiftarlega magakveisu sem ekkert minna en morfín þurfti til að halda niðri. „Verkirnir fóru að gera vart við sig á föstudagsnóttina eftir herrakvöldið og ég var sárkvalinn alla nóttina,“ segir Magnús, sem var síðan fluttur á sjúkrahús á laugardagsmorguninn. Þar var hann lagður inn og við tóku hverjar rannsóknirnar á fætur annarri.

„Í fyrstu var jafnvel talið að þetta væru nýrnasteinar en síðan var það útilokað. Læknarnir ákváðu samt að senda mig í magaspeglun á mánudeginum en þar fundust engar bólgur heldur. Ég verð einfaldlega að taka mig á – þetta er bara einhver aumingjaskapur í mér,“ segir Magnús í léttum tón. Þessi uppákoma tekur allan vafa af því að Magnús er harðnagli í húð og hár sem lætur magakveisu og morfín ekki aftra sér frá því að sinna skyldum sínum sem þjálfari. Aðspurður hvort þetta séu ekki bara aukaverkanir streitunnar sem fylgir því jafnan að vera þjálfari Vesturbæjarstórveldisins segist Magnús ekki halda að svo sé. „Ég hef ekki enn fundið fyrir stressinu þó að það eigi sjálfsagt eftir að koma síðar,“ segir Magnús.

### Fall er fararheill

„Enn þann dag í dag veit ég ekki af hverju þessi verkur stafaði en ég vona bara að þetta komi ekki aftur. Þetta var alls ekki gott,“ segir Magnús, sem hins vegar hefur fulla trú á að þessi veikindi eigi eftir að leiða gott af sér fyrir komandi keppnistímabil í Landsbankadeildinni. „Fall er fararheill, er það ekki?“



### > Við gleðjumst yfir því ...

... að Ólafur Stefánsson skuli loksins vera að fá almennilegan þjálfara hjá Ciudad Real en hann hefur ekki verið sáttur við núverandi þjálfara og kallað þjálfunaraðferðir hans vitleysu.



### > Við hrósum ...

... Birki Ívari Guðmundssyni, handboltamarkverði hjá Haukum, fyrir að selja sig ekki ódýrt eins og allt of margir íslenskir íþróttamenn hafa gert að undanförnu. Hann sendi þýska liðinu Hamburg gagntilboð á dögunum og sáu forráðamenn þýska liðsins sig knúna til að semja við þýskan markvörð. Birkir Ívar gefur greinilega ekki sína vinnu.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

8 9 10 **11** 12 13 14

**Föstudagur**

### LEIKIR

- 18.30 **Grótta/KR** og **Stjarnan** mætast á Seltjarnarnesi í 1. deild karla í handbolta.
- 19.15 **FH** og **Afturelding** mætast í Kaplakrika í 1. deild karla í handbolta.
- 19.15 **Selfoss** og **Fram** mætast á Selfossi í 1. deild karla í handbolta.
- 19.15 **Fjölnir** og **Skallagrímur** mætast í Grafarvogi í úrslitakeppni Intersportdeildar karla í körfubolta.
- 19.15 **Njarðvík** og **ÍR** mætast í Njarðvík í úrslitakeppni Intersportdeildar karla í körfubolta.
- 21.00 **Breiðablik** og **KR** mætast í Fífunni í A-deild deildarbikars kvenna í fótbolta.

# Dujshebaev tekur við þjálfun Ciudad

**Þessi frábæri handknattleiksmaður ætlar að leggja skóna á hilluna og þjálfa liðið. Það fyrirkomulag líst landsliðsmanninum Ólafi Stefánssyni mjög vel á en hann hefur gagnrýnt núverandi þjálfara liðsins.**

**HANDBOLTI** Einn besti handboltamaður heims síðustu ár, Talant Dujshebaev, hefur ákveðið að leggja skóna á hilluna næsta sumar. Hann er þó ekki hættur afskiptum af handbolta því hann ætlar að taka við þjálfun liðsins sem hann spilar með – Ciudad Real.

Þetta staðfesti í gær félagi hans hjá Ciudad Real, Ólafur Stefánsson, en að hans sögn er almenn ánægja með þessar fréttir enda er núverandi þjálfari liðsins, Juan de dios Roman, ekki í miklum metum hjá flestum leikmönnum liðsins.

„Mér líst geysilega vel á að fá hann sem þjálfara. Hann er með mjög góðar hugmyndir,“ sagði Ólafur, sem hefur áður gagnrýnt Roman þjálfara. „Það hefur lítið verið gert af viti hérna undanfarið en Dujshebaev ætlar að breyta þessu öllu. Hann ætlar að láta okkur æfa almennilega á undirbúningstímabilinu og hefur lofað því að menn muni spýta blóði. Mér líst verulega vel á þetta allt saman.“

Ólafur er mjög jákvæður fyrir næstu leiktíð þótt Ciudad sé búið að kaupa Petar Metlicic og Jon Belaustegui, sem báðir leika í sömu stöðu og Ólafur. Belaustegui kemur ekki næsta vetur því Ciudad hefur ákveðið að lána hann til Hamburg í eina leiktíð.

„Ég er búinn að ræða við Dujshebaev og hann ætlar að nota mig almennilega. Þetta verður spennandi vetur,“ sagði Ólafur Stefánsson.

**henry@frettabladid.is**



**HÆTTUR** Talant Dujshebaev hefur ákveðið að leggja skóna á hilluna næsta sumar. Hann mun taka við þjálfun hjá Ciudad, sem Ólafur Stefánsson leikur með. Fréttablaðið/Teitur


**Íþróttanudd og teygjur fyrir þjálfara og íþróttamenn**

**Haldið verður námskeið í íþróttanuddi fyrir þjálfara og íþróttamenn Helgina 19. til 20. mars næstkomandi í íþróttamiðstöðinn í Laugardal.**
Námskeiðið er ætlað þjálfurum og íþróttamönnum sem vilja geta nýtt sér nudd og teygjur í þjálfun.
Kennarar verða þeir Guðbrandur Einarsson nuddmeistari og Tómas B. Magnússon íþróttakennari.

**Upplýsingar og skráning á nuddstofa@nuddstofa.is eða í síma 8939244 fyrir 13. mars.**





Úrslitakeppni Intersportdeildarinnar í körfuknattleik heldur áfram í kvöld en þá fara fram tveir leikir. Einar Bollason körfuboltaspekingur spáir í leiki kvöldsins.

# Íslensku leikmennirnir skipta sköpum í leikjum kvöldsins

**KÖRFUBOLTI** Fjölnir og Skallagrímur unnu sér sæti í Intersportdeildinni í haust en liðin tvö hafa átt góðu gengi að fagna í vetur. Liðin mættust síðast um miðjan febrúar í Borgarnesi og þá hafði Skallagrímur betur, 111-74. Fjölnir vann hins vegar fyrri leikinn, 87-72, og verður fróðlegt að sjá liðin eigast við í úrslitakeppninni.

„Þetta er erfiðasta viðureignin að spá í því Skallagrímur virðist hafa eitthvert tak á Fjölni,“ sagði Einar Bollason körfuboltaspekingur.

„Síðan Fjölnir missti Darrell Flake hefur liðið ekki náð sér að fullu. Það er margt sem bendir til þess að Skallagrímur hafi eitthvert tak á Fjölni en akkilesarhæll Fjölnismanna er að þeir hafa treyst of mikið á þessa þrjá útlendinga sína. Það eru góðir leikmenn hjá Fjölni sem verða einfaldlega að axla meiri ábyrgð. Ég hallast nú frekar að því að þessir ungu strákar reki af sér slyðruorðið og vinni í kvöld. Það spilar mikla rullu hjá þeim að liðið er nýorðið bikarmeistari í unglingaflokki þar sem Fjölnismenn lögðu hið firnasterka lið KR í úrslitum.

En það má ekki vanmeta Val Ingimundarson, sem er með mikla reynslu og hefur búið til virkilega skemmtilegt lið þar sem hlutverk íslensku leikmannanna stækkar með hverjum leik. Svo er liðið með gríðarlega skemmtilegan bakvörð, Clifton Cook.“

Í Njarðvík taka heimamenn á móti ÍR-ingum en hvort lið hafði einn sigur í viðureignum liðanna í vetur.

„ÍR-ingarnir hafa verið spútniklið síðustu umferðanna í þessu móti og loksins sýnt sínar réttu hliðar. En það er náttúrlega ógjörningur fyrir nokkurn mann að spá í þennan leik því Njarðvíkingarnir eru með nýja útlendinga. Maður spyr sig af hverju Njarðvíkingar voru að ná sér í nýja erlenda leikmenn því liðið sigraði Hauka, útlendingalaust, en Haukarnir eru jú eitt besta lið í langan tíma sem hefur endað utan úrslitakeppninnar. Það er ekki nokkur vafi á því að ef erlendir leikmenn væru bannaðir í deildinni myndi Njarðvík rúlla upp þessu móti. Ef Njarðvíkingar ná að stilla saman sína strengi vinna þeir þennan leik.

ÍR-ingarnir gætu þó hæglega bitið frá sér en til þess þarf liðið að stöðva Brenton Birmingham, sem er hjartað og heilinn í þessu Njarðvíkurliði. Hann virðist vera að toppa á réttum tíma. Mannskapurinn í Njarðvík er gríðarlega sterkur og það eru til að mynda landsliðsmenn á bekknum. ÍR er mikið stemmningslið og ef liðið nær stemmningunni í gang geturi allt gerst. Það er það skemmtilegasta við úrslitakeppnina, að ef neðra liðið nær að stela fyrsta leiknum er komin gríðarlega mikil pressa á hitt liðið.“ sagði Einar Bollason.

**smari@frettabladid.is**



**EINN LEIKUR Í EINU** Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkur, og Örvar Kristjánsson, aðstoðarmaður hans, sjást hér gefa skipanir í bikarúrslitaleiknum gegn Fjölni á dögunu. Njarðvíkingar mæta ÍR-ingum í fyrsta leik í úrslitakeppninni í kvöld. Fréttablaðið/Valli

Úrslitakeppni Intersportdeildar karla í körfubolta:

# KR vann í Hólminum



**HETJAN Í HÓLMINUM** Aaron Harper átti stórleik með KR í Stykkishólmi í gær og kórónaði hann síðan með því að skora sigurkörfuna annan leikinn í röð.

**KÖRFUBOLTI** Það urðu strax óvænt úrslit á fyrsta kvöldi úrslitakeppni Intersportdeildar karla þegar KR vann Snæfell í Stykkishólmi í gær en Íslandsmeistarar Keflavíkur unnu einnig í gærkvöldi þegar þeir lögðu nágranna sína úr Grindavík.

Leikur Snæfells og KR í Stykkishólmi var ekki fyrir hjartveika og þar tryggði Aaron Harper gestunum úr vesturbænum sigur með þriggja stiga körfu sjö sekúndum fyrir leikslok. Hlynur Bæringsson fékk tækifæri til að jafna leikinn með tveimur vítaskotum á síðustu sekúndu leiksins, en þau geiguðu og sætur sigur gestanna staðreynd. Lokatölur leiksins urðu 91-89 fyrir KR-inga og þeir því með pálmann í höndunum fyrir næsta leik á heimavelli sínum á laugardaginn.

Bárður Eyþórsson var ekki kátur í leikslok, enda voru hans menn yfir lengst af í leiknum. „Við verðum einfaldlega að vinna næsta leik ef við ætlum okkur að vera áfram í keppninni og við værum ekki að standa í þessu ef við hefðum ekki trú á því að við gætum það,“ sagði Bárður þegar hann var spurður út í möguleika sinna manna í síðari leiknum.

Herbert Arnarson, þjálfari KR-inga var mjög ánægður með sigur sinna manna, en vildi meina að nóg væri eftir af einvíginu: „Heimavöllurinn skiptir eiginlega engu máli í þessari rimmu, við erum nýbúnir að spila við þá margframlengdan leik og þessir leikir verða allir svona spennandi“.

Íslandsmeistarar Keflavíkur unnu mjög öruggan sigur á nágrönnum sínum í Grindavík, 101–80, þar sem þeir Anthony Glover og Nick Bradford voru óstöðvandi í liði heimamanna. Grindavíkurliðið hélt sér inn í leiknum með góðum sprettum en undirtökin voru alltaf í höndum Keflavíkur. ■

## *Intersportdeildin*

| KEFLAVÍK–GRINDAVÍK | 101–80 |
|---|---|

**Keflavík:** Anthony Glover 30 (11 fráköst), Nick Bradford 26 (16 frák., 6 stoðs.), Gunnar Einarss. 19, Sverrir Þór Sverrisson 6, Jón Hafsteinss. 6, Magnús Gunnarss. 5, Arnar Jónsson 5 (5 stoðs.), Elentínus Margeirss. 2, Gunnar Stefánss. 2.
**Grindavík:** Jeffrey Boschee 25 (5 stoðsendingar), Darrel Lewis 20 (9 fráköst), Terrel Taylor 12, Páll Axel Vilbergsson 12, Morten Szmiedowicz 6, Helgi Jónas Guðfinnss. 3, Jóhann Þór Ólafsson 2.

| SNÆFELL–KR | 89–91 |
|---|---|

**Snæfell:** Hlynur Bæringsson 20 (10 frák.), Mike Ames 17, Sigurður Þorvaldsson 16, Calvin Clemmons 13, Magni Hafsteinsson 13, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 8 (7 stoðs.), Helgi Reynir Guðmundsson 2.
**KR:** Aaron Harper 33 (9 stoðs.), Cameron Echols 23, Steinar Kaldal 11, Lárus Jónsson 9, Jón Ólafur Jónsson 6, Hjalti Kristinsson 6, Brynjar Björnsson 2.













# STUÐ MILLI STRÍÐA | Er spíralykt af íslensku kvenfólki?

**BIRGIR ÖRN STEINARSSON** KOMST AÐ ÞVÍ HVAÐ BRETUM FINNST UM ÍSLENSKAR STELPUR


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Þá er ég orðinn persóna í sápuóperu. Er nýbyrjaður að vinna sem barþjónn á hverfispöbbnum mínum á horninu hér í London. Hann gæti verið klipptur út úr Eastenders. Hann hefur allt, ástralskan gestaleikara, sætar afgreiðslustúlkur, Kínverjann sem reynir að selja ólöglega DVD-diska, fyrrverandi fanga sem eru að reyna lifa betra lífi, daðrandi eldri konur og sköllóttan mafíósa sem ferðast um á hjóli.

Fastagestirnir eru búnir að vera að reyna að finna handa mér gælunafn frá því að ég byrjaði en ekkert er búið að festast við mig. Það besta sem dónalegasta kúnnanum datt í hug var að kalla mig Codface, eða Þorskhaus, vegna uppruna míns. Mér til mikillar ánægju fékk það ekki miklar undirtektir hjá hinum.

Auðvitað er mest talað um áfengi og kvenfólk. Litli kokkurinn okkar varð ekkert allt of hrifinn af þeirri skoðun minni að prósentuhlutfall fallegra kvenna í London væri frekar lágt miðað við aðra staði. Hann sagði mér þá frá því hversu óaðlaðandi það væri við skandinavískar konur hversu mikil áfengislykt kæmi af þeim þegar þær drykkju. Hann hafði meira að segja útskýringu á þessu öllu saman. Hann hélt því fram að þetta gerðist vegna þess hversu seint þær byrja að drekka. Hann sagði mér að þar sem breskar stelpur byrja að drekka um 13 ára, þá venst húð þeirra alkóhólinu. Þar sem skandinavískar stelplur byrja ekki að drekka fyrr en um 18 ára á alltaf eftir að vera spíralykt af þeim á fylleríum. Þó að þær væru fallegar, væri þetta verulegur ókostur.

Ég var ekkert að leiðrétta hann og brosti bara. ■




## myndasögur

### PONDUS
Eftir Frode Överli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA
Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR
Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN
Eftir Kirkman/Scott






# Helgarsprengja

## Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind, Skeifu, Kringlu og Spöng



### United 14" sjónvarp

14" Black Matrix myndlampi
Textavarp
Scart tengi og Svefnrofi
Fjarstýring
Mál (bxhxd) : 35x34x34

**9.990**
fullt verð 11.990-

### United
MP3 spilari 256MB

MP3 Spilari í lyklakippustærð!
Innbyggt 256mb Minni
FM útvarp
Diktafónn
LCD Skjár með baklýsingu
Hægt að vista tölvugögn eða MP3 lög
USB Tengi fyrir gagnaflutning
Endist í 12 klukkustundir með 1 AAA rafhlöðu
Heyrnartól og Rafhlöður fylgja

**9.990**

Með útvarpi



### United DVD spilari DVD5067

DVD/CD/CDR/CDRW/VCD/SVCD/JPEG/MP3 Spilari
Spilar öll kerfi (multi region)
Kareoke fyrir tvo míkrafóna
Dolby Digital AC3
Digital Theatre Sound (DTS)
Valmyndakerfi
NTSC Afspilun yfir í Pal
RCA, Scart, Coax og Optical tengi
Fjarstýring

**6.990**



### Olympus C370
digital myndavél

3,2 MegaPixel
3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
Linsa: 5.8 - 17.4mm (35mm samb.: 38 - 114mm)
1,5" LCD Skjár
Autofocus og Auto White Balance
Auto Exposure og þrjár manual stillingar
Hágæða Hreyfimyndataka
Þrjár myndstærðir
Portrait, Self Portrait, Night Scene, Landscape Modes
Auto Flass og Red Eye Reduction
Tímarofi
USB Tenging við tölvu
12mb innra minni
Hugbúnaður fylgir

**12.990**





**24.990**

### Philips MX2500 heimabíósett

Fyrirferðalítið og nett Heimabíósett, 400w (5x30w og 1x50w RMS) Digital Magnari
Fjölkerfa DVD Spilari, 5 Hátalarar og Bassabox, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II
Digital Coaxal út, Scart (með RGB), 2 RCA inngangar og 1 RCA útgangur
FM Útvarp með stöðvaminnum, Spilar MP3 og JPG, Fjarstýring

### Olympus µ-mini
digital myndavél

4 MegaPixel
2x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
Linsa: 5.8 - 11.6mm (35mm samb.: 35 - 70mm)
1,8" LCD Skjár
Autofocus og Auto White Balance
Auto Exposure og þrjár manual stillingar
Hágæða Hreyfimyndataka með hljóði
Sjö myndstærðir
Portrait, Night Scene, Self Portrait, Self Portrait and Self Timer, Beach and Snow, Cuisine, Indoor, Landscape, Landscape with Portrait, Behind Glass, Candle, Sunset og Fireworks Modes
Auto Flass og Red Eye Reduction
Tímarofi
USB Tenging við tölvu
16mb xD kort fylgir
Hugbúnaður fylgir
Litur: Silfur, Svört, Rauð eða Blá

**27.990**





**9.990**

### United hljómtæki

Míkró samstæða með útvarpi með stöðvaminnum, geislaspilara, kasettutæki og fjarstýringu

### Babyliss
keramik sléttujárn

Þunnar og mjúkar keramikplötur.
Frábært tæki til að slétta og móta hárið. 60 sek. að hitna



**3.990**

**4.990**



### Babyliss
keramik krullujárn

Einstök ný aðferð til að móta sérstaklega þéttar og kraftmiklar krullur sem haldast lengi í hárinu. Gefur hárinu mikinn glans. Keramik húðað, hitnar strax, snúanleg snúra, ótrúlega einfallt í notkun

Gildir til 22. mars eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255
HAGKAUPA

VEITINGASTAÐURINN APÓTEKIÐ

# Fjölbreyttur og frábær

**Hver og hvar:** Apótekið, Austurstræti 16



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Hvernig er stemningin?**
Það er ekkert sem truflar fegurðarskyn á veitingastaðnum Apótekinu. Staðurinn er huggulegur og vel hannaður og ljósi liturinn á stólunum kemur vel út. Þar er hátt til lofts og vítt til veggja. Apótekið er svona staður til að fara á við öll tækifæri. Hann er sparilegur í hádeginu, rómantískur á virkum dögum og svo getur verið æði gaman að borða þar um helgar. Þá getur oft orðið svo mikið stuð að fólk vill helst ekki fara heim.

**Matseðillinn:**
Matseðillinn er fjölbreyttur með exótískum austurlenskum áhrifum. Fyrir þá sem kunna að meta Sushi er um nóg að velja og einnig státar staðurinn af góðu úrvali af fiskréttum í bland við lambakjöt, nautalundir, andabringur og kjúklingarétti. Eftirréttaseðillinn er sérhannaður fyrir sælkera með öllu tilheyrandi.

**Vinsælast:**
Saltfiskurinn og túnfiskurinn eru vinsælustu réttirnir á matseðlinum. Saltfiskurinn kostar 2890 krónur en túnfiskurinn 3090 krónur.

**Réttur dagsins:**
Á daginn er boðið upp á rétti dagsins og hægt er að velja um þrjá forrétti, þrjá aðalrétti og tvo eftirrétti. Einn réttur kostar 1490 krónur, tveir réttir 1990 krónur og þrír réttir eru á 2350 krónur.

# BAVARIA: Kominn í glerflöskum

Hollenski bjórinn Bavaria Premium er nú fáanlegur í gleri. Innan við ár er síðan sala á Bavaria hófst í Vínbúðunum en hann hefur á þessum skamma tíma komist í hóp allra vinsælusta bjórtegunda Íslendinga. Það er kannski ekki skrýtið í vegna þess að Bavaria er mest vaxandi bjór Hollands og greinilegt að þarna er bjór sem fellur vel að bragðskyni og buddu landans. Innflytjendur Bavaria hér á landi hafa haldið áfram að fylgja þeirri stefnu að bjóða Bavaria Premium á hagstæðu verði þrátt fyrir ofuráfengisgjöld ríkisins.




Bavaria hefur það fram yfir marga innflutta bjóra að hann er enn í 5 prósentum, til samanburðar við marga sem hafa lækkað sig í áfengismagni á kostnað gæða. Bavaria Premium 33cl í gleri sem er vel þekkt fyrir hinn þægilega snúningstappa kostar 149 kr. í Vínbúðunum.



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

**BIRNA ÞÓRÐARDÓTTIR** Lærði að elda hjá ítölskum vini sem var algjör snillingur í matargerð.

Er stemningsmanneskja við matargerðina

# Lífsnautn sem á að njóta

Birna Þórðardóttir, framkvæmdastjóri og menningarfylgdarmær, segist hafa byrjað að elda af illri nauðsyn. „Er þetta ekki nauðsynlegt til þess að halda sér á lífi?“ segir hún en bætir við að hún hafi fengið besta lærimeistarann. „Ég lærði að elda hjá ítölskum vini mínum sem var algjör snillingur í eldhúsinu og hann kenndi mér nokkur grundvallaratriði.“ Hún segir hann hafa kennt sér að hugsa vel um hráefnið og láta sér þykja vænt um það. „Svo þýðir ekkert að vera í fýlu því skapið hefur áhrif á útkomuna,“ segir hún. „Það á að virða hráefnið og leyfi því að kynnast hvort öðru. Gefa sér tíma til þess að elda.“

Birna segist þó einu sinni hafa svikið þessar reglur. „Ég var einhvern tíma að flýta mér og bjó til myntu-kjúkling. Til þess að gera langa sögu stutta, þá varð allt grænt, sósan, kjúklingurinn, gulræturnar. Þetta var eitt allsherjar klúður, en þetta hefur líka bara gerst einu sinni,“ segir hún og hlær að minningunni.

Birnu finnst stemningin í eldhúsinu oft skipta miklu máli. „Mér finnst gott að setja tónlist við hæfi og svo er ekki verra að vera með eins og eitt rauðvínsglas í hendinni til þess að fá þessa réttu stemmningu. Þetta er lífsnautn sem á að njóta.“

Uppskriftin sem hún gefur er úr litlu hefti sem hún gaf ungum vini sínum þegar hann var á leið í nám til Lundúna. „Það átti að hjálpa honum til þess að lifa af skelfilega matseld Tjallans sem og tókst.“

**DUTTLUNGAFORRÉTTASALAT – INSALATA CAPRICCIOSA**

1 fersk mozzarella (í mysu)
4 tómatar
1 hvítlaukur
Salt
Fersk basilíka
Ólífuolía

Mozzarellan er skorin niður í sneiðar ásamt tómötunum. Sneiðunum er síðan raðað á disk þannig að þær mynda fallega heild. Yfir þetta er stráð söxuðum hvítlauk eftir vild og salti eftir smekk hvers og eins, niðurskorinni basilíku og olíu hellt yfir. Þessu er leyft að standa í að minnsta kosti hálftíma.

**KJÚKLINGUR Í OFNPOTTI MEÐ ÖLLU FYRIR FJÓRA**

Heill kjúklingur
Kjúklingakrydd
Pipar
Nýmalað tímían
1 hvítlaukur
Rósmarín
Kartöflur fyrir fjóra
4 gulrætur
Sellerí
1 laukur
1 þurrkaður rauður pipar
Salt
Basilíka
Rjómi eða rjómaostur
Ólífuolía

Fuglinn er strokinn að utan með olíu og fitudindillinn skorinn af. Hann á síðan að nudda með kjúklingakryddi, sem er bætt með svörtum pipar og nýmöluðu tímían. Ekki þarf meira salt, því kjúklingakryddið er yfirleitt með salti. Svo er nokkrum hvítlauksrifjum og glás af rósmarín stungið inn í kjúklinginn og hann settur skáhallt í miðjan pottinn.

Í annað hornið koma *rósmarínkartöflurnar*. Ef kartöflurnar eru nýjar þarf ekki að afhýða þær. Þær eru skornar í bita og settar í pottinn. Yfir þær er stráð grófu salti, rósmarín og olíu til að allt renni saman. Í hitt hornið kemur grænmetissósugrunnurinn, en þá á að skera niður gulrætur, sellerí, lauk og rauðan pipar. Svo er stráð yfir salti, blönduðu ítölsku kryddi og olíu hellt yfir. Þetta er síðan sett inn í ofn og látið malla í einn og hálfan tíma við 180 gráður.

Þá er potturinn tekinn út, kjúklingnum haldið heitum á meðan kartöflurnar eru veiddar upp úr og þeim haldið heitum á meðan grænmetissósan er útbúin. Það er gert með því að setja grænmetið í blandara og þeytt saman. Ef fólk vill fá smá rjómabragð af sósunni er fínt að bæta út í smá rjóma eða rjómaosti. ■




MATGÆÐINGURINN HRAFNKELL PÁLMARSSON GÍTARLEIKARI OG NEMI Í TÓNSMÍÐUM

# Hangikjöt með frönskum og kokteilsósu

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?**
Kjúklingur er aðalmálið núna. Hann er ekki bara uppáhaldskjötið mitt heldur fer hann líka svo vel í maga.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Mér finnst fiskibollur í dós ógeðslegar. Þetta er eini maturinn sem ég get ekki borðað.

**Fyrsta minningin um mat?**
Ég er frekar óminnugur og man ekki mikið aftur í tímann. Það sem dettur fyrst upp í hugann er þegar ég var 4 ára en þá fór ég út að borða með foreldrum mínum á fínt veitingahús í bænum. Þegar kom að mér að panta bað ég um hangikjöt og toppaði það með því að vilja fá franskar og kokteilsósu með. Foreldrar mínir brugðust illa við þessu enda var ég ekki alinn upp við þessa samsetningu á mat. Þjónninn brást hins vegar vel við og uppfyllti allar óskir mínar og ég var alsæll.



**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Ég er svo ofboðslega vel giftur að ég fæ veislumat í hvert mál, sem er mikill kostur þar sem ég er mikill matmaður. Ætli besta máltíðin sé ekki þegar við Ella konan mín tökum okkur saman og eldum jólarjúpur með öllu tilheyrandi. Með rjúpunum gerir Ella bestu villibráðasósu sem ég hef nokkurn tíma fengið.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Leyndarmál úr eldhússkápnum?**
Ég grilla allan ársins hring og mitt leyndarmál er að marínera kjúkling upp úr Hot Spot sósu (með mangó og karríbragði) og skella á grillið. Með kjúklingnum höfum við kalda sósu sem búin er til úr sýrðum rjóma, hvítlauk, basiliku og setjum örlítið af Hot Spot sósunni út í. Þetta er alveg frábært.



**Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur?**
Ef ég vil láta mér líða betur í líkamanum borða ég mikið salat, en ef ég er þreyttur fæ ég mér suðusúkkulaði, það er allra meina bót.



**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?**
Það er alltaf til mjólk, en það er meira fyrir börnin og konuna. Ég á hins vegar alltaf hvítlauk í ísskápnum því ég nota hann mikið í mat.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvaða rétt myndir þú taka með þér?**
Ég er svolítið erfiður að þessu leyti því mér finnst margt svo rosalega gott. Ætli ég myndi ekki taka rétt númer 68 á Nings. Þetta er hrísgrjónaréttur sem mér finnst alveg frábær.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Mér finnst ekkert skrítið þegar matur er annars vegar.

# BERONIA: Hástökkvari frá Rioja á kynningarverði

Nafnið Beronia kemur frá frumbyggjum Rioja sem nefndust beronar en Beronia var stofnað af sælkeraklúbbi sem vildi fá vínin sín eins glæsileg og tilbúin og hægt væri að fá þau. Þrúgurnar koma einungis frá besta svæði í Rioja, Rioja Alta. Beronia Reserva ´99 vann, eitt vína frá Rioja, gullverðlaun á IWSC keppni í London 2004, þar sem vínframleiðendur sjálfir velja bestu vínin. Víngerðin fer fram með hefðbundnum hætti, gerjun í stáltönkum og geymsla svo í eikartunnum (minnst 1 ár) og flöskum, þannig að vínið er 3ja ára gamalt þegar það kemur á markaðinn. Beronia Reserva ´99 var 5 ára þegar það var leyst úr kjallara Beronia og hefði þ.a.l. getað flokkast sem Gran Reserva. Vínið er einstaklega vel heppnað, þétt, fyllingin góð, öflugt bragð af rauðum og svörtum berjum, tóbak, jarðefni, sveppum, þurrum kryddum. Mjög gott jafnvægi og löng ending.

**Kynningarverð á íberískum dögum 1.320 kr.**





Beronia Tempranillo er komið aftur í hillur Vínbúðanna. Vínið hefur verið afar vinsælt (svo vinsælt að það seldist upp...) frá því að það kom fyrst í reynslusölu í Kringlunni og Heiðrúnu, í október í fyrra, og það virðast allir, fagmenn sem leikmenn, sammála um gæði vínsins. Það sló í gegn á vínsýningunni á Nordica þegar jólavínin voru kynnt og var jólavínið á mörgum heimilum. Beronia Tempranillo var svo valið vín mánaðarins í Gestgjafanum í janúar og Steingrímur Sigurgeirsson á Mbl. gaf því 19/20. „Hreint og beint snilldarverk,“ segir www.smakkarinn.is – „og verðið er hlægilegt miðað við gæði“. Flauelsmjúkt, bragðið öflugt, sæt tannín, rauðir og svartir berjaávextir, kaffi, reykur – þetta allt er til staðar í Beronia Tempranillo en umfram allt einkennist vínið af mýkt og gæði. Ekki láta þetta tækifæri úr greipum ganga!

**Kynningarverð á íberískum dögum 1.290 kr.**






# Vinsæll vínskóli

Það er orðið nokkuð áberandi hver áhugi fyrir léttvíni er mikill og hvað neytendur eru fróðleiksfúsir, enda þörf að fá leiðbeiningar þegar úrval vína fer yfir 2000 tegundir í bestu Vínbúðum landsins. ÁTVR á hrós skilið fyrir stefnu sína um menntun starfsfólksins, en hægt er einnig að afla sér fróðleiks á eigin spýtur og Vínskóli Eðalvína leit dagsins ljós í haust til að svara þessari fróðleiksfýsn. „Miðað við aðsókn, er áhugi gríðarlegur því okkar námskeið hafa flest öll verið fullsetin“, segir Dominique Plédel Jónsson skólastjóri. „Vinsælasta námskeiðið hefur verið um mat og vín, þar sem ýmsar matartegundir eru prófaðar með mismunandi vínum, samspil matar og víns er sannprófað. Við bjóðum svo upp á námskeið sem hefur kallast framhaldsnámskeið og ber heitið „Að smakka blint“. Tilgangurinn er að vekja neytendur til meðvitundar um hvernig hægt er að skynja bragð og ilm í víni (og reyndar almennt í umhverfi sínu) og byggja upp „bókasafn“ með því. Þá fyrst getur einstaklingurinn gert sér grein fyrir því sem honum líkar eða mislíkar í víni og þorir að forvitnast um nýjar tegundir.“ Í boði hafa líka mörg önnur námskeið verið síðan vínskólinn tók til starfa: tvö mjög vinsæl námskeið um jólamat og vínin í samstarfi við Ostabúðina, frábært námskeið um sérrí sem er mikið meira en sæta sérríið sem notað er í eftirréttum, námskeið um vín frá Ítalíu sem var haldið í samstarfi við La Primavera.

### Hægt að bóka sérnámskeið

Næst er athyglisvert þema sem ætti að höfða til margra: „Vín með villibráð. Góðir aðilar leggja okkur lið við að afla besta fáanlega hráefnisins – við prófum mismunandi tegundir af víni og prufukeyrslan á þessu námskeiði lofar mjög góðu. Margir hópar, saumaklúbbar, skólar og fyrirtæki hafa bókað sér námskeið, í húsakynnum vínskólans eða í eigin húsnæði og hafa skemmtilegustu kvöldstundir farið í það að fræðast um vín. Þótt vínskólinn sé tengdur umboðsaðila, finnst mér þetta ekki vera til frádráttar, þvert á móti. Við erum með vínskólanum að auka almenna fræðslu um vín og förum vítt og breitt um vínlandið – úrvalið er mikið og við höfum valið í þessum námskeiðum vinsæl vín jafnt sem lítt þekkt sem eiga skilið að koma út úr nafnleysinu. Fræðslan er það eina sem við horfum á og leiðbeinendur okkar eru hafsjór af fróðleik.“ segir Dominique að lokum.

Námskeiðin eru haldin á Vesturgötu 5 á fimmtudögum kl. 18 til 19, gjaldið er 1500 kr. og innifalið í verðinu eru 5-6 vín, námsgögn og 20% afsláttur á veitingahúsum í nágrenninu.


# TILBOÐ VIKUNNAR

**Nýjar og vinsælar geislaplötur á frábæru tilboði í verslunum Skífunnar.**




**Damien Rice-O**
Lagið frábæra, Blowers Daughter, sem er áberandi í bíómyndinni Closer er að finna á plötunni „O“ með Íslandsvininum Damien Rice.




**Jennifer Lopez-Rebirth**
Já, Jennifer Lopez er sannarlega endurfædd. Nýgift og búin að gefa út nýja plötu sem er troðfull af smellum. Inniheldur m.a. smáskífulagið Get Right sem er að gera það gott um þessar mundir .




**Ray Charles-Genius Loves Company**
Sigurvegari 8 Grammy verðlauna í ár er þessi frábæra dúettaplata Ray Charles en meðal flytjenda á plötunni eru: Norah Jones, Van Morrison, Elton John, James Taylor og Willie Nelson.




**50 Cent – The Massacre**
Glæný plata frá Íslandsvininum 50 Cent. Platan inniheldur smellina Candy Shop og Disco Inferno. Einnig er fáanleg tvöföld plata ... með DVD disk, sem inniheldur helstu smelli hans af tónleikum.




**The Game – Documentary**
The Documentary er fyrsta plata bófarapparans The Game og hefur platan þegar selst í 2 milljón eintaka í Bandaríkjunum, en platan inniheldur m.a. smellinn How We Do. The Game er nýjasta undrið sem rennur undan upptökusnillingnum Dr. Dre.




**Arcade Fire-Funeral**
Fyrsta plata hljómsveitarinnar Arcade Fire er að fá frábæra dóma gagnrýnenda og tónlistarunnenda. Valin plata ársins 2004 á hinum virta netmiðli pitchforkmedia.com.

Birt með fyrirvara um ritvillur og myndbrengl - TURNINN

S·K·Í·F·A·N
...skemmtir þér ; )

Skífan Laugavegi 26 - opið öll kvöld til 22 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • Póstkröfusími 525 5040 • www.skifan.is

*„Empty your mind, be formless. Shapeless, like water. If you put water into a cup, it becomes the cup. You put water into a bottle and it becomes the bottle. You put it in a teapot, it becomes the teapot. Now, water can flow or it can crash. Be water, my friend.“*

***Boðskapur Bruce Lee hefur svifið um himinhvolfin mannkyninu til innblásturs síðan besta bardagamynd allra tíma, Enter the Dragon, kom út árið 1973. Blessuð sé minning hans.***

# bíó

bio@frettabladid.is

## *Gibson klippir Krist*

Það hefur skapast hefð fyrir því að sérstakar leikstjóraútgáfur af myndum, svokallað „director's cut“, séu töluvert lengri en frummyndirnar þar sem kvikmyndaskáldin nota tækifærið til þess að bæta við atriðum sem þeim var óljúft að klippa burt í lokafrágangi. Mel Gibson frumsýnir Píslargöngu Krists á morgun í endurbættri útgáfu en nýja útgáfan er heilum sex mínútum styttri en 127 mínútna löng frummyndin. Gibson segist hafa fjarlægt ógeðfelldustu atriði myndarinnar og hafi þannig tónað ofbeldið í henni niður svo hún höfði til enn breiðari hóps áhorfenda. The Passion naut gríðarlegra vinsælda á síðasta ári en mörgum þótti Gibson þó ganga full langt í blóðugum píslar- og krossfestingaratriðunum. „Ég tek nú tillit til þessarar gagnrýni og hef klippt myndina og vonast til að þeir sem lögðu ekki í að sjá myndina vegna ofbeldisins komi núna.“ Dreifingaraðilar eru með hugmyndir um að sýna myndina árlega í kringum páskana og því þótti kjörið að kynna þessa milduðu útgáfu nú.



### EKKI MISSA AF...

**Closer.** Hér er á ferðinni besta mynd leikstjórans **Mike Nichols** (Who's Afraid of Virginia Woolf?, The Graduate, Carnal Knowledge) í langan tíma. Þetta er áleitin mynd um flókin og erfið ástarmál fjögurra einstaklinga. **Natalie Portman** og **Clive Owen** fara á kostum í hlutverkum sínum og skyggja á stórstjörnurnar **Jude Law** og **Juliu Roberts**. Nichols brýtur upp hefðbunda frásagnarhefð og skapar þannig ríkulegt tómarúm í frásögninni fyrir áhorfendur til að máta sjálfa sig inn í söguna og spegla sig í persónunum. Myndin á því að ná góðum tökum á fólki, hafi það lágmarksþroska og einhverja lífsreynslu að baki.





# Nýtt Star Wars plakat

George Lucas hefur afhjúpað nýtt auglýsingaveggspjald fyrir næstu Stjörnustríðsmynd sem verður jafnframt sú síðasta. Það gætti nokkur pirrings hjá hörðustu aðdáendum geimóperunnar þegar fyrsta Episode III veggspjaldið var kynnt í lok síðasta árs en þetta nýjasta útspil mun væntanlega þagga niður í öllum óánægjuröddum.

Þetta er ekta Star Wars plakat enda gert af Drew Struzan þeim sama og hefur gert öll Stjörnustríðs-veggspjöld frá því að sérútgáfurnar komu í bíó fyrir nokkrum árum. Hér er allt eins og það á að vera; Anakin og Obi-Wan eru í hörðum skylmingum fyrir miðju og í bakgrunninum gnæfir Svarthöfði yfir öllu. Hér er því tónninn gefinn og öllum ljóst að skuggahlið máttarins er í stórsókn. ■

**STJÖRNUSTRÍÐ** Jedi-meistararnir Yoda og Mace Windu bregða geislabröndum sínum á nýja Stjörnustríðs-veggspjaldinu og eru greinilega tilbúnir til að láta sverfa til stáls þegar skuggi hins illa færist yfir andlit hins góða Anakins.



**MURRAY OG FÉLAGAR** Sjávarlíffræðingurinn Steve Zissou leggur í mikla svaðilför ásamt fríðu föruneyti til að leita að dularfullum hákarli.

# Sjávarlíffræðingur í svaðilför

Þrjár kvikmyndir verða frumsýndar hér á landi um helgina. Mesta athygli vekur nýjasta mynd leikstjórans Wes Anderson, The Life Aquatic, með Bill Murray í aðalhlutverki en einnig verða sýndar Coach Carter og Hide and Seek.

Bill Murray, sem einnig lék í Rushmore og The Royal Tenenbaums eftir Wes Anderson, leikur sjávarlíffræðinginn Steve Zissou í The Life Aquatic. Ásamt hópi fleiri sjávarfræðinga sem kalla sig Team Zissou leggur hann í svaðilför til að leita uppi dularfullan hákarl sem drap vin hans. Myndin er talin mjög frumleg rétt eins og fyrri myndir Andersons sem hafa notið mikilla vinsælda einmitt fyrir að vera allt öðruvísi og raunsærri en flest annað sem kemur frá Hollywood.

Með önnur helstu hlutverk fara Owen Wilson, Cate Blanchett, Anjelica Huston, Willem Dafoe, Jeff Goldblum, Michael Gambon og Noah Taylor. Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í byrjun desember síðastliðinn hljómar lag Sigur Rósar, Starálfur, í myndinni sem að sjálfsögðu hlýtur að teljast mikill heiður fyrir íslensku sveitina.

Stórleikarinn Samuel L. Jackson fer með aðalhlutverkið í íþróttamyndinni Coach Carter, sem hefur notið töluverðra vinsælda í Bandaríkjunum. Myndin er byggð á sannri sögu um þjálfarann Ken Carter sem fékk mikið lof en á sama tíma mikla gagnrýni fyrir að banna körfuboltaliði sínu að spila vegna slæms námsárangurs. Komst þetta uppátæki hans í fréttirnar árið 1999 og vakti mikla athygli.

Annar hörkuleikari, Robert De Niro, er í aðalhlutverki í sálfræðitryllinum Hide and Seek. Eftir að eiginkona Davids Callaway (De Niro) finnst látin í baðkari ákveður hann að flytja upp í sveit með dóttur þeirra Emily. Skuggarnir leggjast brátt yfir heimili þeirra og Emily eignast brátt nýjan og undarlegan vin sem heitir Charlie, sem faðir hennar telur að sé ímyndaður. Hann hefur gaman að leikjum og verður afbrýðisamur út í alla sem koma upp á milli Emily og föður hennar. Með önnur helstu hlutverk fara Dakota Fanning, Elizabeth Shue og Famke Jansen. ■



**SAMUEL L. JACKSON** Er ábúðarmikill í hlutverki körfuboltaþjálfarans Carter sem tekur að sér þjálfun vandræðagemlinga og tekst að sjálfsögðu að koma þeim til manns.


Útsalan byrjuð

20-80% afsláttur

| | | | |
|---|---|---|---|
| Skíðajakkar | 30% | Hlífðarfatnaður | 35% |
| Skíðabuxur | 50% | Skór | 25% |
| Barnafatnaður | 50% | LIFA nærföt | 20% |
| Siglingafatnaður | 50% | Úrval á slá | 80% |

Þegar þú vilt vandaðan útivistarfa

0503 - © Hönnunarhúsið

Helly Hansen

Bæjarlind 2, Kópavogi

Sími 555 77 44

www.hellyhansen.is

HH® HELLY HANSEN


GÓMSÆT SKEMMTUN UM PÁSKANA!
Shark Tale
Hákarlasaga
FRA FRAMLEIDENDUM SHREK
Marsbúaegg
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ GÓMSÆTT MARSBÚAEGG ÞEGAR ÞÚ KAUPIR HÁKARLASOGU Á DVD EÐA VHS...
...OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ HÁKARLASOGU ÞEGAR ÞÚ KAUPIR MARSBÚAEGG FRÁ GÓU!
SPLUNKUNÝ TEIKNIMYND MEÐ ÍSLENSKU TALI!
Góa
SAM MYNDBÖND

# menning

menning@frettabladid.is

**! Kl. 14.00**

*Í dag verður haldið í Háskóla Íslands málþing um kenningar franska félagsvísindamannsins Pierre Bourdieu. Erindi flytja Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, Guðmundur Hálfdánarson, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Kristín Ástgeirsdóttir, Sigurjón Mýrdal, Torfi H. Tulinius, Þorbjörn Broddason og Þórólfur Þórlindsson.*

## Kira Kira og Ljóni í Dvergnum

Í dag verða haldnir te-tónleikar í sýningarrýminu Gallerí Dverg, sem er til húsa í kjallara að Grundarstíg 21 í Reykjavík. Fram koma tónlistarmennirnir Kristín Björk Kristjánsdóttir og Þráinn Óskarsson, auk þess sem sýnd verða vídeóverk eftir þýsku myndlistarkonuna Astrid Nippoldt.

Kristín Björk, eða Kira Kira eins og hún nefnir sig, er einn af forkólfum Tilraunaeldhússins, hefur samið tónlist fyrir dans- og leiksýningar og nú í sumar sendir hún frá sér sína fyrstu breiðskífu.

Þráinn aftur á móti nefnir sig Ljóna og er söngvari og bassaleikari hljómsveitarinnar Hudson Wayne, sem gefur út aðra breiðskífu sína með sumrinu.

Tónleikar þeirra hefjast klukkan 17 í dag og má búast við býsna notalegri stemmningu í litlu kjallaraholunni við Grundarstíginn, þar sem boðið verður upp á te með tónlistinni. Um helgina lýkur ennfremur í galleríinu sýningu hollensku myndlistarkonunnar Jetske de Boer sem sýnir þar nýlegar teikningar sínar. Sýning hennar ber heitið „Systems are out of order, do you know of an alternative?"



## EKKI MISSA AF...

... sýningu á ljósmyndum frá ferð tveggja ungmenna um **Andesfjöll** sem verður verður haldin í dag í **Hinu Húsinu**, Pósthússtræti.



... tónleikum **KaSa hópsins** og **Dimitri Ashkenazy** klarinettuleikara á morgun í Norræna húsinu. Þau ætla að flytja kammerverk eftir Brahms.

... **Myndasögumessunni** sem opnuð verður í Listasafni Reykjavíkur á morgun.

# Kórahátíð í sumar

Mikil kórahátíð verður haldin við Mývatn dagana 9. til 12. júní næstkomandi. Þetta er Kórastefna sem nú er haldin í 3ja sinn og er dagskráin að verða fullmótuð.

Samstarf verður áfram við Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, en hápunkturinn verður flutningur óratoríunnar Messías eftir G. F. Handel, sunnudaginn 12.júní í íþróttahúsinu í Reykjahlíð. Þar stígur á stokk 150-160 manna kór þátttakenda, fimm einsöngvarar og um 50 manna hljómsveit undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar.

Frá Tallin í Eistlandi kemur 35 manna blandaður kór, Noorus, sem semeinast íslenskum kórum í Messíasartónleikunum, auk þess sem hann syngur opnunartónleika Kórastefnunnar fimmtudaginn 9. júní. ■









**DRAUMLEIKUR** Þessi uppfærsla á verki Strindbergs er fimmhundraðasta og ellefta verkefni Leikfélags Reykjavíkur. Benedikt Erlingsson tók leikstjórn þess að sér full meðvitaður um að hann óttast það stöðugt að leiðast í leikhúsi. „Við leitumst því við að gera þessa alvarlegu og heimspekilegu gönguferð dóttur guðsins Indra um mannheima að skemmtilegu ferðalagi."

# Ekkert prump og pjatt

„Strindberg leysir alheimsgátuna í þessu verki en ég klippi hana að vísu út í minni leikgerð en það er samt einhver vísun í lausnina þarna þannig að þetta gæti orðið skemmtilegt," segir Benedikt Erlingsson sem leikstýrir Draumleik eftir sænska leikskáldið August Strindberg. Draumleikur verður frumsýndur í Borgarleikhúsinu í kvöld en uppfærslan er samstarfsverkefni Leikfélags Reykjavíkur og Nemendaleikhúss Leiklistardeildar LHÍ.

Benedikt telur það ekki grafa undan lausn Strindbergs á lífsgátunni að hann hafi á köflum verið kolbrjálaður. „Hann var að mestu leyti búinn að jafna sig þegar hann skrifaði þetta verk en það ber þess þó merki að hann hafi átt við erfiðleika að stríða eins og hann staðfesti sjálfur meðal annars í Inferno þar sem hann sagði sína sálarsögu. Þetta er frægasta leikritið hans og það mest leikna. Margir telja það óskiljanlegt og ég var einn af þeim þar til ég sökkti mér ofan í það og komst að því hversu frábært það er. Hann er alveg brilljant."

Strindberg reynir í Draumleiknum að líkja eftir sundurleitu formi draumsins og það getur því allt gerst. Persónur klofna, verða að tveimur, skipta um hlutverk, gufa upp, þéttast, flæða út og sameinast en meðvitund þess sem dreymir vakir yfir þessu öllu saman.

Útskriftarárgangur Leiklistardeildar Listaháskólans leikur í sýningunni ásamt reyndari leikurum Borgarleikhússins og það er því líklega óhætt að segja að þessir upprennandi leikarar ráðist ekki á garðinn þar sem hann er lægstur. „Það má segja að þau ráðist á garðinn þar sem hann er hæstur og dýpstur," segir Benedikt sem hrósar nýliðunum í hástert. „Krakkarnir eru alveg stórkostlegir og eiga framtíðina fyrir sér. Þá er það líka mikill styrkur að hafa þessa stórkostlegu leikara úr LR með auk þess sem leikmynd Grétars Reynissonar gegnir lykilhlutverki."

Benedikt segir leikgerðina ganga mjög langt í túlkun á texta Strindbergs. „Túlkunin er mjög afgerandi og við beitum vísindalegri aðferð og túlkum verkið inn í samtíma okkar enda verða öll verk, hversu gömul sem þau eru, að tala við samtímann hverju sinni annars er þetta allt tilgangslaust prump og pjatt."

thorarinn@frettabladid.is

# Fjör á fjölbraut

**[ MYNDASÖGUR ]**

**UMFJÖLLUN**

Þeir sem hafa gaman af unglingasápum á borð við sjónvarpsþáttaröðina Heartbreak High ættu að kynna sér teiknimyndasöguna Hot Gimmick. Sagan fjallar um unglingsstúlkuna Hatsumi, fjölskyldu hennar, vini og nágranna.

Sjálfsálit vesalings Hatsumi er ekki upp á marga fiska eins og oft vill verða með stelpur á þessum aldri. Sagan hefst á því að söguhetjan gerir vinsælu og sætu systur sinni greiða með því að trítla út í apótek og kaupa handa henni óléttuprufu. Af eintómum klaufaskap missir hún prufuna beint fyrir framan nefið á hverfishrekkjusvíninu Ryoki. Ekki er nóg með að hann sé illa innrættur heldur er hann sonur valdamestu húsmóðurinnar í hverfinu. Ryoki nýtir sér vandræðalegt leyndarmál Hatsumi og systur hennar og kúgar Hatsumi í þrældóm. Inn í söguna fléttast svo hið hjálpsama unglingamódel Azusa sem reynir hvað eftir annað að bjarga hinni geðþekku Hatsumi úr klóm kúgarans. Ekki má gleyma því að Hatsumi er búin að vera skotin í Azusa í mörg ár og flækir það málin allverulega. Hvort Hatsumi tekst að losna úr prísundinni, hysja upp um sig sjálfsálitið og þora að standa með sjálfri sér skal ég ekki fjölyrða um en ég held ég geti sagt með sanni að eilífðargelgjur sem og unglingar muni finna eitthvað við sitt hæfi við lestur á Hot Gimmick.

**Lóa Hjálmtýsdóttir**




**HOT GIMMICK**

EFTIR MIKI AIHARA

Niðurstaða: Eilífðargelgjur og unglingar munu finna eitthvað við sitt hæfi við lestur á Hot Gimmick.


Stórútsölumarkaður
40-90% afsláttur
Síðasta helgi útsölunnar!
50% afsláttur
1.499kr
Upph. verð 2.999.-
50% afsláttur
1.399kr
Upph. verð 2.799.-
50% afsláttur
499kr
Verð áður 999.-
50% afsláttur
499kr
Verð áður 999.-
50% afsláttur
1.499kr
Upph. verð 2.999.-
58% afsláttur
Yfir 500 titlar af geislaplötum
999kr
upph. verð 2.399-
58% afsláttur
999kr
upph. verð 2.399-
Gildir til 14. mars eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla
PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255
HAGKAUPA




Tangóball

Tangósveit Lýðveldisins
Þri. 15/3 kl. 21

IÐNÓ
Miðasala í síma 562 9700
www.idno.is

Tjarnarbakkinn restaurant

Leikfélagið Snúður og Snælda sýnir:
Ástandið
Sögur kvenna frá hernámsárunum
Mið. 9/3 kl. 14.00 Uppselt
Sun. 13/3 kl. 14.00
Mið. 16/3 kl. 14.00
Takmarkaður sýningarfjöldi

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
GRJÓTHARÐIR
UPPSELT LAUGARDAGS- OG SUNNUDAGSKVÖLD!

■ Stóra sviðið kl. 20.00

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Í kvöld fös. 11/3 **uppselt**, fös. 18/3 **uppselt**, sun. 20/3 **60. sýning uppselt**, lau. 2/4 **uppselt**, sun. 3/4 **uppselt**, fim. 7/4 **örfá sæti laus**, fös. 8/4 **örfá sæti laus**, lau. 16/4 **örfá sæti laus**, lau. 23/4 **nokkur sæti laus**.

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
9. sýn. lau. 12/3 **örfá sæti laus**, 10. sýn. lau. 19/3 **örfá sæti laus**, 11. sýn. fim. 31/3 **örfá sæti laus**, fös. 1/4.

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*
**Frumsýning sun. 13/3 kl. 15:00 örfá sæti laus**, sun. 20/3 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**, sun. 3/4 14:00, sun. 10/4 kl. 14:00.

**ÖXIN OG JÖRÐIN** - *Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.*
Fim. 17/3 **nokkur sæti laus**. **Síðasta sýning.**

■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00

**NÍTJÁNHUNDRUÐ** - **Kaffileikhús** - *Alessandro Barrico*
Í kvöld fös. 11/3 **uppselt**. **Síðasta sýning.**
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

**GRJÓTHARÐIR** - *Hávar Sigurjónsson*
Lau. 12/3 **uppselt**, sun. 13/3 **uppselt**, lau. 19/3 **nokkur sæti laus**, fim. 31/3 **örfá sæti laus**, fös. 1/4. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*STÓRA SVIÐ*

**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
Frumsýning í kvöld kl 20, Lau 12/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20, Su 20/3 kl 20, Lau 9/4 kl 20 Su 10/4 kl 20

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar*
Su 13/3 kl 20 - UPPSELT,
Fi 17/3 kl 20 - UPPSELT, Fi 7/4 kl 20,
Fö 8/4 kl 20, Lau 16/4 kl 20, Su 17/4 kl 20

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Lau 23/4 kl 20, Fö 29/4 kl 20

**LÍNA LANGSOKKUR**
*e. Astrid Lindgren*
Lau 2/4 kl 14 - Aukasýning
Su 3/4 kl 14 - Aukasýning
*Lokasýningar*

**HOUDINI SNÝR AFTUR**
Fjölskyldusýning um páskana.
Mi 23/3 kl 20, Fi 24/3 kl 15, Fi 24/3 kl 20, Lau 26/3 kl 15, Lau 26/3 kl 20

**LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA**
**- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI**
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið
- kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN*

**SEGÐU MÉR ALLT**
*e. Kristínu Ómarsdóttur*
Su 13/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20, Su 20/3 kl 20

**BELGÍSKA KONGÓ**
*e. Braga Ólafsson, Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki*
Í kvöld kl 20 UPPSELT,
Lau 12/3 kl 16 - AUKASÝNING
Lau 12/3 kl 20 - UPPSELT,
*Lokasýningar*

**AUSA eftir Lee Hall**
*Í samstarfi við LA.*
Su 13/3 kl 20, Su 20/3 kl 20
- *Ath: Miðaverð kr. 1.500*

**AMERICAN DIPLOMACY**
*eftir Þorleif Örn Arnarsson.* Í samstarfi við Hið lifandi leikhús.
Í kvöld kl 20, Lau 18/3 kl 20, Fö 1/4 kl 20, Lau 2/4 kl 20 *Síðustu sýningar*

**SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR**
*eftir Agnar Jón Egilsson.* Í samstarfi við TÓBÍAS.
Fi 17/3 kl 20 *Síðasta sýning*

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Í kvöld kl 20 - UPPSELT,
Lau 12/3 kl 20 - UPPSELT,
Fö 18/3 kl 20 - UPPSELT,
Lau 19/3 kl 20 UPPSELT, Su 20/3 kl 20,
Mi 23/3 kl 20, Fö 24/3 kl 20,
Fö 1/4 kl 20 - UPPSELT,
Lau 2/4 kl 20 UPPSELT,

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Lau 12/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
**Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is**
**Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga**


■ SÝNING

# Útópískar hugmyndir um fjölskylduna

Hratt og hömlulaust – raunveruleiki íslensku fjölskyldunnar? nefnist sýning sem opnar í Gerðubergi í dag. Það er Ljósberahópurinn sem stendur að sýningunni en hann hefur þau markmið að bæta lífsstíl barna og unglinga.

„Með sýningunni viljum við reyna að lýsa raunveruleika íslensku fjölskyldunnar og hvert hún stefnir. Okkur finnst hraðinn og hömluleysið vera orðið of mikið,“ segir Hólmfríður Ólafsdóttir, verkefnisstjóri í Gerðubergi. „Sem betur fer eiga ekki allar fjölskyldur við þessi vandamál að stríða en við viljum staldra við og hvetja fólk til að skoða hvort það hafi áhuga á að breyta og bæta.“

Að sýningunni standa, auk Ljósberahópsins, leikskólabörn frá Laugaborg og nemar í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti.

„Við erum búin að búa til heimili inni í salnum hjá okkur þar sem krakkarnir koma með alla þá hluti og allt það dót sem þeim finnst vera lýsandi fyrir hvern fjölskyldumeðlim í neyslusamfélaginu,“ útskýrir Hólmfríður. „Leikskólabörnin teikna fjölskylduna sína eins og hún lítur út í dag og síðan fengu þau frjálsar hendur til að teikna fjölskylduna eins og þau vildu hafa hana. Það er merkilegt hvað þau eru með hefðbundnar hugmyndir um fjölskylduna en svo eru sum með útópískar hugmyndir og vilja til dæmis búa með risaeðlum. Svo eru enn önnur sem virðast ósátt við fjölskylduna og vilja fá að búa einir með köttum.“



**HÓLMFRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR** Á sýningunni verður vefurinn fjolskylda.is opnaður en þar má finna upplýsingar um innreið upplýsingasamfélagsins og áhrif þess á fjölskylduna.

Á sýningunni má einnig finna ýmsar tölulegar upplýsingar um fjölskylduna. Það kemur í hlut tveggja hönnuða að setja þær upp á lýsandi og fræðandi hátt.

„Við erum ekki með neinar lausnir en vonumst til að vekja fólk til umhugsunar. Á sýningunni er hægt að nálgast ítarefni sem fólk getur skoðað ef það telur þörf á,“ segir Hólmfríður sem segir sýninguna þó síður en svo vera tæmandi. „Við viljum reyna að opna á þessa umræðu með sýningunni og það verður spennandi að sjá hvaða athugasemdir og hugmyndir koma í kjölfar hennar.“

Ljósmyndarafélag Íslands, í samstarfi við Ljósmyndasafn Reykjavíkur, verður með yfirlitssýningu á myndum af fjölskyldum meðan á Ljósberasýningunni stendur. Sýningin opnar í dag klukkan fimm og stendur til 17. apríl. ■

■ SÝNING



**AFGANGAR** Haraldur Jónsson opnar sýningu í dag.

# Afgangar í Ganginum

Í dag klukkan 17 opnar Haraldur Jónsson myndlistarmaður innsetninguna Afgangar í Ganginum, sem er lítið gallerí að Rekagranda 8, Reykjavík.

Haraldur vinnur jöfnum höndum í hvers kyns miðla en skynjun og margbrotin tengsl eru honum einkar hugleikin. Verkið Afgangar er unnið á löngu tímabili og er leikur með þá ritskoðun sem við beitum á ýmsar ómálga geðshræringar áður en þær brjótast upp á yfirborðið. ■











HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Fös 11/3
Sun 13/3
Fim 17/3
Síðustu sýningarhelgar
Miðasala í síma 555 2222
eða á www.hhh.is

TOSCA
9. sýn.12. mars kl. 19 – **Uppselt – Allra síðasta sýning**
Ósóttar pantanir seldar í miðasölunni
**Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýningin hefst**

**„Tveir bassar og annar með strengi“**
**Hádegistónleikar þriðjudaginn 15. mars kl.12.15**
Davíð Ólafsson, bassi, Dean Ferrell, kontrabassi og Kurt Kopecky, píanó flytja verk eftir, meðal annars, Mozart og Bach.
**Miðasala á netinu: www. opera.is**
www.opera.is | midasala@opera.is | **Sími miðasölu: 511 4200** | ÍSLENSKA ÓPERAN
Landsbankinn
Miðasalan er opin kl. 14–18 virka daga, kl. 13–18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala frá kl. 10 virka daga.

GERÐUBERG

**HRATT OG HÖMLULAUST**
- Raunveruleiki íslensku fjölskyldunnar
Sýningin opnar í dag kl. 17.00

**ÞETTA VAR NÚ ÓSVIKIN SAGA**
Ráðstefna um barnabókmenntir
12. mars kl.10.30 Ókeypis aðgangur!

**SIGRÍÐUR Í VIGUR**
sýnir listaverk úr mannshári í Boganum
Síðasta sýningarhelgi!

www.gerduberg.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

8 9 10 **11** 12 13 14

**Föstudagur**

### TÓNLEIKAR

- 17.00 **Break a Bud** kemur fram í Smekkleysu Plötubúð, Laugavegi 59.
- 21.00 Hljómsveitirnar **Bacon, Nortón** og **Miri** verða með tónleika á Café Cultura í Alþjóðahúsinu við Hverfisgötu.
- 23.00 Dönsku rokksveitirnar **epo-555** og **PowerSolo** verða með tónleika á Grand rokk ásamt **Lokbrá, Jan Mayen** og fleiri góðum gestum.
- 23.00 Hljómsveitin **Líkn** spilar í Stúdentakjallaranum melódískt rokk með tilvísanir í geðrænan stemningsdjass.

### LEIKLIST

- 20.00 **Leikfélag Reykjavíkur** í samstarfi við **Leiklistardeild Listaháskólans** frumsýnir **Draumleik** eftir **Strindberg** í þýðingu **Hafliða Arngrímssonar** á Stóra sviði Borgarleikhússins. Leikstjóri er **Benedikt Erlingsson**.

### OPNANIR

- 17.00 **Ráðhildur Ingadóttir** opnar sýningu sína „Inni í kuðungi Einn díll“ í Kling & Bang gallerí, Laugavegi 23.
- 17.00 **Haraldur Jónsson** opnar innsetninguna Afgangar í Ganginum, Rekagranda 8, Reykjavík.
- Sýning á ljósmyndum frá ferð tveggja ungmenna um Andesfjöll verður haldin í Hinu Húsinu, Pósthússtræti. Sýningin kallast „Tahuantinsuyo“ en því nafni nefndi hin forna þjóð Inkanna ríki sitt.

### SKEMMTANIR

- 23.00 Rokksveit **Rúnars Júlíussonar** skemmtir á Kringlukránni.
- **Þröstur 3000** á Sólon.
- **Pink** og **Floyd** spila á Laugavegi 22 og frumsýna nýja galla. Einnig mætir **Benni** snúður ásamt **Andra** og **Matta** á X-inu.
- Hljómsveitin **Fimm á Richter** ásamt **Geira Sæm** spilar á Classic Rock, Ármúla 5.
- **Addi M.** spilar og syngur á Catalinu.
- **Danshljómsveit Friðjóns** leikur í Vélsmiðjunni á Akureyri.

### FYRIRLESTRAR

- 12.00 Sænski arkitektinn og fræðimaðurinn Dr. **Ola Nylander** heldur fyrirlestur í Norræna húsinu undir yfirskriftinni „Architecture of the Home - when does the home become architecture?“

### FUNDIR

- 14.00 Málþing um kenningar franska félagsvísindamannsins **Pierre Bourdieu** verður haldið í stofu 101 í Odda.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.
































# Barnaskákmót haldið á Akureyri

Hrókurinn og Skákfélag Akureyrar standa saman að Bónusmótinu í skák á morgun, 12. mars, í KEA-salnum Sunnuhlíð klukkan 13. Mótið er fyrir öll börn á grunnskólaaldri og eru veitt verðlaun í þremur flokkum, auk þess sem efnt er til happdrættis þar sem allir keppendur eiga möguleika á vinningi. Þá verður sigurvegurum í flokkunum þremur boðið á úrslitamót Bónusmótaraðarinnar, sem haldið verður í Reykjavík í haust.

Á Bónusmótinu á Akureyri á laugardaginn verða tefldar 6 umferðir. Verðlaun eru veitt í flokki barna í 1.-3. bekk, 4.-7. bekk, og 8.-10. bekk. Þrír efstu fá verðlaunapeninga og allir þátttakendur fá viðurkenningarskjöl, auk þess sem hægt verður að krækja í fjölda vinninga.

Þátttaka á Bónusmótinu er ókeypis. Skráning er í tölvupóstfanginu hrokurinn@hrokurinn.is eða í síma 867 7730 fyrir klukkan 12 á laugardag. ■





VIÐ FRAMHALDSBRAUT KENNARADEILDAR
háskólaárið 2005 – 2006

Umsóknareyðublöð fást í afgreiðslu Háskólans á Akureyri að Sólborg og á skrifstofu kennaradeildar í Þingvallastræti 23. Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöð á heimasíðu háskólans og þar er að finna ítarlegri upplýsingar um námið.
**www.unak.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 15. mars 2005.**

**Við framhaldsbraut kennaradeildar Háskólans á Akureyri verður boðið diplómu- og meistaranám og kennslufræði til kennsluréttinda skólaárið 2005 – 2006. Í diplómu- og meistaranáminu er boðið nám með áherslu á rekstur skólastofnana, sérkennslufræði og stjórnun auk almenns náms í menntunarfræðum. Framboð náms er háð því skilyrði að næg þátttaka fáist.**

**Inntökuskilyrði:**

Í diplómu- og meistaranám þurfa umsækjendur að hafa fullgilt nám á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis og umönnunar og árs starfsreynslu eða lengri í fullu starfi á ofangreindum sviðum.
Í kennslufræði til kennsluréttinda fer inntaka eftir lögum nr. 86/1998 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Bent er á að fjárveitingar takmarka hve mörgum nemendum unnt er að veita skólavist. Komi til slíkrar takmörkunar ganga þeir umsækjendur að jafnaði fyrir sem hafa mesta kennslureynslu.

Nánari upplýsingar veita Ingólfur Ásgeir Jóhannesson brautarstjóri (sími 463 0909, ingo@unak.is), Torfhildur S. Þorgeirsdóttir skrifstofustjóri (sími 463 0901, torfhild@unak.is), Þorgerður Bergvinsdóttir fulltrúi (kennaradeild@unak.is, 463 0929) og Solveig Hrafnsdóttir námsráðgjafi (sími 463 0552, solveig@unak.is).

ÁSPRENT STÍLL

**Leikfélag Mosfellssveitar**

**Ævintýrabókin**
barnaleikrit eftir Pétur Eggertz
í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ
Leikstjóri Ingrid Jónsdóttir

Frums. Föstud. 11.mars kl. 18:00
2. sýning Sunnud. 13.mars kl. 14:00
3. sýning Sunnud. 20.mars kl. 14:00
4. sýning Sunnud. 03.apríl kl. 14:00

*Leikritið segir frá hinum ýmsu persónum ævintýranna sem allir þekkja svo vel þó á annan hátt en í hinum raunverulegu ævintýrim. Persónur eru m.a. Mjallhvít, Rauðhetta og úlfurinn, Prinsessan á bauninni, Öskubuska, Stígvélaði kötturinn og fl.*

**Miðasala í síma 5 66 77 88**
**Miðaverð kr. 1500,-**

**ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX**
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

Talstöðin
FM 90,9






■ TÓNLIST

# Danirnir endurtaka leikinn

Dönsku hljómsveitirnar epo-555 og Powersolo halda tónleika á Grand rokki í kvöld. Síðast spiluðu þær hér á landi í október í fyrra við góðar undirtektir.

Sveitirnar koma hingað á vegum danska fyrirtækisins Crunchy Frog sem einnig hefur á sínum snærum tvær heldur þekktari sveitir; The Raveonettes og Junior Senior.

Camilla Florentz úr epo-555 hlakkar mikið til að koma til Íslands á nýjan leik. „Þetta var mjög stutt ferð síðast. Við gátum ekki séð mikið af Íslandi sem er synd því þarna er svo fallegt.“ Epo-555 er í tónleikaferð til að fylgja eftir plötu sinni Dexter Fox. „Mikið af þeim jákvæðu viðbrögðum sem við höfum fengið er vegna kraftsins sem við gefum frá okkur uppi á sviði. Við fengum mjög góð viðbrögð síðast á Íslandi og það verður gaman að sjá hvort fólk þekkir okkur betur núna en á fyrstu tónleikunum.“

Kim Hjorth Jeppesen er forsprakki tríósins Powersolo, sem gaf í fyrra út hina skemmtilegu plötu It's Raceday. Sú sveit sækir áhrif sín úr bandarískri kántrí- og blústónlist. „Við skemmtum okkur vel á Íslandi síðast. Við rétt höfðum tíma til að skoða okkur um í Reykjavík, skemmta okkur og grilla,“ segir Kim, sem stofnaði Powersolo 1996 sem eins manns sveit. „Ég var einn að sparka í bassatrommu, spila á gítar og gera alls konar brjálaða hluti. Hljómsveitin er alltaf að vaxa og kannski verður hún powerkvartett næst eða jafnvel big band. Það eru engar reglur í Powersolo.“

Eftir tónleikana á Íslandi spila dönsku sveitirnar í New York og síðan er ferðinni heitið á South by Southwest-hátíðina í Texas. Íslensku sveitirnar Ske og Vinyl verða þar einnig. Lokbrá og Jan Mayen hita upp á Grand rokki í kvöld og hefjast herlegheitin klukkan 22.00.

MYND/JESPER REGINAL



**POWERSOLO** Hljómsveitin Powersolo sækir áhrif sín úr bandarískri kántrí- og blústónlist.

freyr@frettabladid.is

**FRUMSÝNDAR UM HELGINA**

(DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM)





| | The Life Aquatic | Coach Carter | Hide and Seek |
|---|---|---|---|
| Internet Movie Database | 7,5/10 | 6,5/10 | 5,1/10 |
| Rottentomatoes.com | 49% = Rotin | 65% = Fersk | 13% = Rotin |
| Metacritic.com | 62/100 | 57/100 | 35/100 |












## VIÐ TÆKIÐ

## Saursýni úr spikfeitum Breta

LILJA KATRÍN GUNNARSDÓTTIR FÉKK KLÍGJU YFIR DOKTORNUM.

Ég er ekki klígjugjörn manneskja. En á miðvikudagskvöldið ofbauð mér og ég – tja – fékk klígju.
Þegar ég kom heim úr líkamsræktinni skar ég mér appelsínu í báta, kveikti á sjónvarpinu og stillti á þáttinn You are what you eat með doktor Gillian. Ég var varla byrjuð á appelsínunni þegar hún vildi komast aftur út vegna viðbjóðsins sem ég þurfti að horfa á. Viðbjóðslega feitur Breti sem skóflaði í sig hirðingjaböku og steiktu meðlæti í kvöldkaffi og gat varla andað fyrir fitu. Þetta var nóg til að vekja hjá mér óhug – hvað þá þegar doktorinn fór að tala um saurinn úr þessum akfeita einstaklingi. Það fór alveg með appelsínuátið. Og viti menn – ég skipti um stöð. Ég hef aldrei gert það áður þegar veruleikaþættir eru annars vegar. Ég hef horft á þá til enda sama hve ógeðslegir, meðaumkunarverðir og hreint út sagt fáránlegir þeir hafa verið. Doktor Gillian er djöfullinn og ég mæli ekki með þessum þætti við neinn. Ég hef persónulega engan áhuga á að horfa á spikfeitt fólk troða í sig brösuðum, breskum mat. Ég væri til í að sjá doktor Gillian heimsækja venjulegt fólk sem þarf að taka sig í gegn. Vissulega ekki eins dramatískt en gagnlegt – er það ekki markmið doktorsins? Annars fann ég enn nýjan og skemmtilegan raunveruleikaþátt á Reality TV. Sá heitir Guilty og er magnaður eins og allt annað sjónvarpsefni á þessari stöð. Þarna er vettvangur fyrir fólk til að útkljá deilumál sín. Fólk getur ásakað vini sína um eitthvað, dregið þá fyrir sjónvarpsdómstóla og látið sjónvarpsáhorfendur dæma um hver hefur rétt fyrir sér. Gerist það betra?



Doktor Gillian er ekki hávaxin en gæti hrætt mig í hvaða myrka húsasundi sem er.



**23.45** *Bíó*

**Mercury Rising. FBI-maður er rekinn úr starfi og síðan ráðinn til að gæta níu ára einhverfs stráks sem er í lífshættu.**



**21.50** *Íslenskt*

**Reykjavíkurnætur. Nýr íslenskur myndaflokkur um krakka á djammtímabilinu í lífinu í 101 Reykjavík.**



**21:30** *Gaman*

**Everybody loves Raymond. Marie fær styttur í afmælisgjöf frá Ray, Robert og Frank en Ray borgar þær að mestu leyti.**

### SJÓNVARPIÐ

**16.35** Óp **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Artúr (92:95)

**18.30** **Heimaskólinn (8:8)** (The O'Keefes) Bandarísk gamanþáttaröð um O'Keefe-fjölskylduna en á þeim bæ er börnunum kennt heima í stað þess að senda þau í skóla.
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
**20.10** **Disneymyndin – Tex** (Tex) Fjölskyldumynd frá 1982. Þetta er þroskasaga tveggja bræðra sem þurfa að standa á eigin fótum eftir að mamma þeirra deyr og pabbi þeirra yfirgefur þá.og Emilio Estevez.
**21.55** **Söngkeppnin** (Duets) Bandarísk gamanmynd frá 2000 um hóp sérkennilegs fólks sem leggur leið sína til Omaha til að taka þátt í karaokemóti. Leikstjóri er Bruce Paltrow og meðal leikenda eru Maria Bello, Andre Braugher, Paul Giamatti, Huey Lewis, Ricky Dean og Gwyneth Paltrow. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára.

**23.45** Háskalegt leyndarmál (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en sextán ára. e) **1.30** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** 60 Minutes II (e) **13.45** Lou Reed **14.35** Placebo á tónleikum **15.30** Curb Your Enthusiasm (9:10) (e) **16.00** Drekaflugurnar **16.25** Scooby – Doo **16.50** Skjaldbökurnar **17.15** Heimur Hinriks **17.30** Simpsons **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00** **Joey (4:24)** (Joey)
**20.30** **Idol – Stjörnuleit** (22. þáttur. Úrslit. 2 í beinni frá Smáralind)
**21.50** **Reykjavíkurnætur** Íslenskur myndaflokkur um ungt fólk sem er á djammtímabilinu í lífi sínu. Ari Óliver er nýkominn til landsins og vantar gististað. Hann reynir að troða sér inn hjá systur sinni og beitir líka miklum fagurgala til að koma sér í mjúkinn hjá nokkrum stelpum. Rabbabarinn er helsti samkomustaður fólksins og fljótlega tekur gleðin öll völd. Myndaflokkurinn er lauslega byggður á leikritinu Með lykil um hálsinn.
**22.20** **Idol – Stjörnuleit** (Atkvæðagreiðsla. Sigurvegari kynntur)
**22.45** **Punk'd** (Negldur 3) Falin myndavél þar sem leikarinn Ashton Kutcher hrekkir fína og fræga fólkið í Hollywood.

**23.15** The Tao of Steve **0.40** Blade II (Stranglega bönnuð börnum) **2.35** Thirteen Ghosts (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Fréttir og Ísland í dag **5.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**7.00** The Mountain (e) **7.45** Allt í drasli (e) **8.15** Survivor Palau (e) **9.00** Óstöðvandi tónlist

**17.30** Cheers – 1. þáttaröð (5/22) **18.00** Upphitun

**18.30** **Queer Eye for the Straight Guy (e)**
**19.30** **The King of Queens (e)** Bandarískir gamanþættir um sendibílstjórann Doug Heffernan, Carrie eiginkonu hans og Arthur, hinn stórfurðulega tengdaföður hans.
**20.00** **Jack & Bobby** Þættirnir fjalla um bræðurna Jack og Bobby sem búa hjá sérvitri móður sinni, Grace.
**21.00** **The Simple Life 2** Paris og Nicole halda áfram á ferð sinni yfir landið og heimsækja Click-búgarðinn í Texas.
**21.30** **Everybody loves Raymond**
**22.00** **Patch Adams** Dramatísk gamanmynd um lækananemann Patch Adams sem reynir að sýna fram á að það kemur fleira að ummönnun sjúklinga en það sem læknavísindin hafa uppá að bjóða.Með aðalhlutverk fara Robin Williams og Daniel London.

**23.55** Boston Legal (e) **0.40** Law & Order: SVU (e) **1.25** Kiss the Girls **3.10** Jay Leno (e) **3.55** Óstöðvandi tónlist

### STÖÐ 2 BÍÓ

**8.00** Good Morning Vietnam **10.00** Blues Brothers **12.10** Changing Lanes **14.00** Good Morning Vietnam **16.00** Blues Brothers **18.10** Changing Lanes **20.00** Bad Boys (Bönnuð börnum) **22.00** Independence Day (Bönnuð börnum) **0.20** Green Dragon (Bönnuð börnum) **2.10** The Last Castle (Bönnuð börnum) **4.20** Independence Day (Bönnuð börnum)

### OMEGA

**7.00** Joyce M. **7.30** Benny H. **8.00** Blandað efni **9.30** Acts Full Gospel **10.00** Joyce M. **10.30** 700 klúbburinn **11.00** Samverustund (e) **12.00** Kvöldljós **13.00** Believers Christian Fellowship **14.00** Joyce M. **14.30** Gunnar Þorst. **15.00** Billy G. **16.00** Maríusystur **16.30** Blandað efni **17.00** Fíladelfía **18.00** Joyce M. **18.30** Fréttir á ensku **19.30** Freddie F. **20.00** Jimmy S. **21.00** Sherwood C. **21.30** Joyce M. **22.00** Blandað efni **22.30** Joyce M. **23.00** Fréttir frá CBN **0.00** Nætursjónvarp

### AKSJÓN

**7.15** Korter **21.30** Bravó **22.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**

Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**

Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**

Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**

**12.15** Football: UEFA Champions League Total **13.15** Biathlon: World Championship Hochfilzen Austria **14.45** Cycling: UCI Protour Paris-Nice France **16.00** Ski Jumping: World Cup Lillehammer Norway **17.45** Football: Top 24 Clubs **18.15** Biathlon: World Championship Hochfilzen Austria **19.15** Snooker: Irish Masters Dublin Ireland **22.00** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **22.30** News: Eurosportnews Report **22.45** Football: UEFA Champions League Weekend **23.45** Football: Top 24 Clubs **0.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**

**12.00** EastEnders **12.30** Passport to the Sun **13.00** Big Cat Diary **13.30** Teletubbies **13.55** Tweenies **14.15** Fimbles **14.35** Bill and Ben **14.45** The Story Makers **15.05** DIY TV **15.30** The Weakest Link **16.15** Big Strong Boys **16.45** Cash in the Attic **17.15** Ready Steady Cook **18.00** Two Thousand Acres of Sky **19.00** Comic Relief **22.00** I'm Alan Partridge **22.35** Comic Relief **2.00** The Lost Liner and the Empire's Gold

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** Air Crash Investigation **20.00** The Lost Film of Dian Fossey **21.00** Human Canvas – Sacred Skin **22.00** The Vanishing Tattoo **23.00** Batavia's Bones **0.00** Interpol Investigates **1.00** Human Canvas – Sacred Skin

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Vets in Practice **12.30** Emergency Vets **13.00** Cell Dogs **14.00** K9 Boot Camp **15.00** Wildlife SOS **15.30** Aussie Animal Rescue **16.00** The Planet's Funniest Animals **16.30** Amazing Animal Videos **17.00** Growing Up... **18.00** Monkey Business **18.30** Big Cat Diary **19.00** Cell Dogs **20.00** K9 Boot Camp **21.00** Emergency Vets **21.30** Hi-Tech Vets **22.00** Wild Africa **23.00** Pet Rescue **23.30** Breed All About It **0.00** Vets in Practice **0.30** Emergency Vets

**VH1**

**12.00** VH1 Hits **16.00** So 80's **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** MTV at the Movies **20.00** Nsync **21.30** Justin Timberlake Fabulous Life Of **22.00** Inhuman Trafficking **22.30** EXIT festival

**MTV**

**12.00** SpongeBob SquarePants **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** Dance Floor Chart **19.00** Punk'd **19.30** Viva La Bam **20.00** Wild Boyz **20.30** Jackass **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Party Zone **0.00** Just See MTV

**CLUB**

**12.20** Arresting Design **12.45** Famous Homes & Hideaways **13.10** Vegging Out **13.35** Single Girls **14.30** Matchmaker **15.00** Cheaters **15.45** Sizzle **16.10** The Review **16.35** Arresting Design **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** Single Girls **18.45** The Review **19.15** Arresting Design **19.40** The Roseanne Show **20.25** Cheaters **21.10** The Villa **22.00** Spicy Sex Files **22.50** Men on Women

**E! ENTERTAINMENT**

**12.00** Life is Great with Brooke Burke **12.30** Fashion Police **13.30** Life is Great with Brooke Burke **14.00** The E! True Hollywood Story **16.00** 101 Most Awesome Moments in... **18.00** Life is Great with Brooke Burke **18.30** Fashion Police **19.30** Behind the Scenes **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** Scream Play **22.00** The E! True Hollywood Story **23.00** The Ultimate Hollywood Blonde **0.30** Behind the Scenes **1.00** 101 Most Awesome Moments in...

**CARTOON NETWORK**

**12.05** The Grim Adventures of Billy & Mandy **12.30** Looney Tunes **12.55** Tom and Jerry **13.20** The Cramp Twins **13.45** Johnny Bravo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** The Powerpuff Girls **15.00** Codename: Kids Next Door **15.25** Dexter's Laboratory **15.50** Samurai Jack **16.15** Megas XLR **16.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **17.05** Courage the Cowardly Dog **17.30** Scooby-Doo **17.55** Tom and Jerry **18.20** Looney Tunes **18.45** Ed, Edd n Eddy

**JETIX**

**12.20** Gadget and the Gadgetinis **12.45** Black Hole High **13.10** Lizzie Mcguire **13.35** Braceface **14.00** Hamtaro **14.25** Moville Mysteries **14.50** Pokémon VI **15.15** Digimon I **15.40** Spider-Man **16.05** Sonic X **16.30** Totally Spies

**MGM**

**12.55** More Dead Than Alive **14.35** White Lightning **16.15** Return from the Ashes **18.00** Witness for the Prosecution **19.40** Love Crimes **21.10** Man With the Gun **22.35** Ground Zero **0.15** The Good Wife **1.50** Stella **3.40** The File of the Golden Goose

**TCM**

**20.00** Point Blank **21.30** The Hunger **23.05** The Fastest Gun Alive **0.35** The Formula **2.30** Mr Ricco **4.10** No Guts, No Glory: 75 Years of Award Winners

**HALLMARK**

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

### IDOL-STJÖRNULEIT ÚRSLIT *Stöð 2* kl. 20.30 og 22.20

*Baráttan um toppsætið*

*Sigurveigari Idolsins í fyrra var Kalli Bjarni.*

Nú er loksins komið að því. Í kvöld hamast þjóðin við að kjósa sinn uppáhalds Idol-söngvara og poppstjarna Íslands verður krýnd með pompi og prakt. Þeir tveir keppendur sem keppa um sigursætið í kvöld eru þær Hildur Vala Einarsdóttir og Aðalheiður Ólafsdóttir. Þær stöllur hafa sungið af einskærri list síðustu vikur og ljóst er að baráttan um toppsætið verður hörð.
Í kvöld syngja stúlkurnar þrjú lög, eitt að vali dómnefndar, eitt að eigin vali og eitt lag sem samið var fyrir Idol. Sem fyrr eru það Bubbi, Sigga og Þorvaldur sem verma dómarasætin og Simmi og Jói sem kynna.


Hildur Vala Einarsdóttir.

### ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:
**„I thought you killed yourself. That wasn't you?"**

**Svar:** Karl Benson úr kvikmyndinni Garden State frá árinu 2004.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Góðan dag með Sigurði G. Tómassyni. **9.03** Dagmál Odds Ástráðssonar og Ragnheiðar Gyðu Jónsdóttur.

**12.15** Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni með Sigmundi Erni Rúnarssyni og Sigurjóni M. Egilssyni. **13.00** Hrafnaþing **14.03** Fókus

**15.03** Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson og Helgu Völu Helgadóttur. **17.59** Á kassanum með Illuga Jökulssyni.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **12.50** Auðlind **13.05** Ég er innundir hjá meyjunum **14.03** Útvarpssagan, Saga sonar míns **14.30** Miðdegistónar **15.03** Útrás **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Útrás **20.30** Kvöldtónar **21.00** Tónaljóð **22.15** Lestur Passíusálma **22.22** Norrænt

**23.00** Kvöldgestir

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Geymt en ekki gleymt **22.10** Næturvaktin

**2.03** Næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Rúnar Róbertsson

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**19.30** *Íþróttir*

**Enska bikarkeppnin. Átta liða úrslit eru framundan en í þessum þætti er fjallað um alla leiki helgarinnar.**

## SÝN

**7.00** Olíssport

**16.15** Þú ert í beinni! **17.15** Olíssport **17.45** David Letterman

**18.30 Motorworld**
**19.00 UEFA Champions League** Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeild Evrópu.
**19.30 Enski boltinn** (FA Cup – Preview)Ítarleg umfjöllun um 6. umferð bikarkeppninnar en allir leikir 8 liða úrslitanna eru í beinni á Sýn um helgina.
**20.00 World Supercross** (Edwards Jones Dome)Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi. Hér eru vélhjólakappar á öflugum tryllitækjum (250rsm) í aðalhlutverkum. Keppt er víðsvegar um Bandaríkin og tvisvar á keppnistímabilinu bregða vélhjólakapparnir sér til Evrópu. Supercross er íþróttagrein sem nýtur sívaxandi vinsælda enda sýna menn svakaleg tilþrif.
**21.00 World Series of Poker** (HM í póker) Slyngustu pókerspilarar veraldar mæta til leiks á HM í póker.
**22.30 David Letterman**

**23.15** K-1 **0.40** Lingerie Bowl 2004

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **18.00** Fríða og dýrið **19.00** Sjáðu (e) **22.00** Idol 2 extra – live **22.33** Jing Jang **23.10** The Man Show

**12.00** Barbara Taylor Bradford's Hold the Dream **13.45** The Sign of Four **15.15** W.E.I.R.D. World **17.00** Touched By An Angel II **18.00** Mercy Mission: The Rescue of Flight 771 **19.30** Law & Order **20.15** The Mapmaker **22.00** Amnesia

**BBC FOOD**

**12.00** Big Kevin Little Kevin **12.30** James Martin: Yorkshire's Finest **13.30** Ready Steady Cook **14.00** A Cook's Tour **14.30** Galley Slaves **15.00** Can't Cook Won't Cook **15.30** Island Harvest **16.30** Ready Steady Cook **17.00** Ainsley's Meals in Minutes **17.30** Gary Rhodes' New British Classics **18.00** Chef at Large **18.30** Sophie's Weekends **19.30** Ready Steady Cook **20.00** A Cook's Tour **20.30** The Great Canadian Food Show **21.00** Can't Cook Won't Cook **21.30** Dinner in a Box **22.30** Ready Steady Cook

**DR1**

**12.00** Udefra **13.00** Fugle i natten **13.20** Mik Schacks Hjemmeservice **13.50** Kender du typen? **14.20** Tæt på Dyrene **14.50** Nyheder på tegnsprog **15.00** Boogie Listen **16.00** Shin Chan **16.05** Scooby Doo **16.30** AMIGO **17.00** Fredagsbio **17.10** Angelina Ballerina **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Boom Boom **20.00** TV Avisen **20.30** Hart's War **22.30** En fremmed uden navn **0.10** Boogie Listen

**SV1**

**13.30** Mitt i naturen **14.00** Debatt **15.00** Rapport **15.05** Radiohjälpen – Att få stanna kvar **15.15** Trackslistan **15.45** Melodifestivalen 2005 – Andra chansen **17.00** BoliBompa **17.01** Supersnällasilversara och Stålhenrik **17.30** Johannas matlåtar **17.35** Aladdin **18.00** Amigo **18.30** Rapport **19.00** Så ska det låta **20.00** Om ödet får bestämma **21.30** 24 Nöje Melodifestival **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Ann-Sofie Back **22.50** Kusinen **0.40** Sändningar från SVT24






## HRÓSIÐ

*...fær Páll Reynisson sem er hvatamaður að því að stofna Drífuvinafélagið. Félaginu er ætlað að halda merki og minningu Jóns Björnssonar byssumanns á lofti en hann tók upp á því að smíða haglabyssur, sem hann nefndi Drífur, þegar hann var sjötugur.*

## REYKJAVÍKURNÆTUR

**HARPA PÉTURSDÓTTIR** ER HEIÐVIRÐ MANNESKJA



# *Eitthvað í loftinu!*



Ég held að síðasta helgi hafi bara verið sú besta á þessu ári. Er sannfærð um það að eitthvað hafi verið í loftinu og trúi ekki öðru en að allir hafi fundið fyrir þessu.

Það sem toppaði þessa helgi var frábæra matarboðið sem mér var boðið í hjá mönnum sem ég þekkti ekki mikið fyrir. Matarboð eru alveg daglegt brauð en þetta var af allt öðru kalíberi en ég hef átt að venjast hingað til. Mætti í mínu fínasta pússi, með hágæða rauðvín meðferðis til að vera við öllu búin. Var skellt í eldhúsið um leið og ég kom til að taka þátt í matseldinni, réttur kokkteill í fordrykk og svo var skálað fyrir því hversu gott kvöld við ættum í vændum. Maturinn var ótrúlega framandi og fjölbreyttur enda höfðu gestgjafarnir legið yfir matseðlinum í viku og ekkert til sparað við innkaupin. Mottóið var „aðeins það besta“.

Síðan var borðað, góða vínið drukkið með og spjallað á penu nótunum til að vera í stíl við umgjörðina á kvöldinu. Vorum öll með sama hugarfarið: að vera klassí og kurteis. Svo líður og bíður og penheitin og kurteisin fara að breytast í svæsnar sögur, fólk fór að opna sig og sýna sínar réttu hliðar. Áður en ég vissi af höfðu nautalundin og marokkóski kjúklingurinn vikið fyrir bjórdrykkju og partýleiknum „ég hef aldrei!“* Þeir sem hafa leikið þennan leik vita það að út frá honum koma ansi skrautlegar sögur upp á yfirborðið og að fólk kynnist afskaplega vel á mettíma. Eftir að hafa staðið af mér þetta kvöld gæti ég náð mér í 60.000 þúsund krónur í vasann frá Séð og Heyrt fyrir forsíðufréttir. En ég er heiðvirð manneskja og allir vita að leikreglurnar eru þær að það sem fer á milli fólks í þessum leik er algert hernaðarleyndarmál og má aldrei endurtaka við nokkurn mann.

Ég komst sem sagt að því þessa helgina að við erum öll eins inni við beinið sama hvað við reynum að klæða það af okkur og þykjast vera fín. Um leið eignaðist ég líka nýja og frábæra vini í safnið.

* Leikurinn „Ég hef aldrei!“ gengur út á að fólk setur fram fullyrðingu í góðra vina hópi. Til dæmis: „Ég hef aldrei sofið hjá!“. Þeir sem hafa sofið hjá fá sér þá sjúss en þeir sem hafa ekki gert það sitja hjá. Þannig koma ýmis leyndarmál upp á yfirborðið. Því hreinskilnari fullyrðingar, því skemmtilegri verður leikurinn.



**Lárétt:** **1** ilma, **5** passlegt, **6** í röð, **7** ónefndur, **8** fótabúnað, **9** karlmannsnafn, **10** klaki, **12** bílaleiga, **13** mér að skapi, **15** tónn, **16** blóðsuga, **18** beljaka.
**Lóðrétt:** **1** annirnar, **2** tími dags, **3** tveir eins, **4** stoðirnar, **6** áfall, **8** eyða, **11** urmul, **14** eins um l, **17** tvíhljóði.

**Lausn.**

**Lárétt:** **1** anga, **5** nóg, **6** st, **7** nn, **8** skó, **9** jóel, **10** ís, **12** alp, **13** kær, **15** la, **16** igla, **18** ruma.
**Lóðrétt:** **1** annríkið, **2** nón, **3** gg, **4** stólparnir, **6** skell, **8** sóa, **11** sæg, **14** rlr, **17** au.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

**1** Jaxlinn.
**2** Friðrik Páll Jónsson.
**3** Chelsea og Liverpool.

IDOL STJÖRNULEIT: ÚRSLITIN ERU Í KVÖLD!

# Stelpuslagur í Vetrargarðinum

Stundin er loksins runnin upp og í kvöld fá landsmenn að sjá hver verður næsta Idolstjarna Íslands. Aðeins tvær ungar og efnilegar söngkonur eru eftir í keppninni, þær Aðalheiður Ólafsdóttir og Hildur Vala Einarsdóttir. Það verður því sannkallaður stelpuslagur í Vetrargarðinum í kvöld þó svo að varla muni sjást neinar klær. Enginn gestadómari verður í þættinum en margir góðir gestir munu stíga á stokk því sjálfur Kalli Bjarni, fráfarandi Idolstjarna, mætir á staðinn. Auk þess mun allur tíu manna Idolhópurinn taka lagið saman.

Anna Katrín Guðbrandsdóttir var ein þeirra þriggja sem kepptu í úrslitum Idolkeppninnar í fyrra. Hún er mjög spennt fyrir kvöldinu og getur engan veginn gert upp á milli stúlknanna sem keppast um titilinn. „Mér líst bara rosalega vel á þetta. Ég held að samkeppnin í kvöld gæti orðið hörð og ég er hrikalega spennt að sjá hver vinnur. Mér finnst þær báðar alveg hrikalega góðar svo þetta er mjög spennandi.“

Hún kannast þó ekki við öll lögin sem stúlkurnar ætla að taka og minnist á það að betra gæti verið að taka þekktari lög. „Sum lögin eru lög sem fólk þekkir ekkert endilega, sem ég held að sé verra. Það er alltaf gott að taka lög sem fólkið heima kannast við og finnst gaman að heyra í nýjum búningi.“ Anna Katrín tók lagið Imagine í úrslitakeppninni fyrir ári síðan en það lag var eins og allir vita snilldarlega samið af John Lennon heitnum.

Jón Ólafsson á eitt lag sem stelpurnar taka báðar og Anna Katrín segir að sú aðferð hafi einnig verið notuð í fyrra. „Já, mér finnst það sniðugt og það er viss áskorun fyrir fólk að gera lagið að sínu lagi. Þá fannst mér gott að ímynda mér að ég væri sú fyrsta sem fengi lagið í hendurnar og fengi að gera það að mínu.“

Aðspurð hvort hún vilji ráðleggja stelpunum eitthvað fyrir kvöldið telur hún besta ráðið fyrir Heiðu og Hildi að vera þær sjálfar. „Ég held að þá geti ekkert klikkað. Mér fannst ég læra margt á að taka þátt í þessari keppni og það er frábær reynsla að læra að koma fram í svona stóru dæmi. Það sem mér fannst ég samt helst græða á Idol er að nú kannast fólk við mig og þá er auðveldara fyrir mig að koma mér á framfæri.“

hilda@frettabladid.is



**ANNA KATRÍN GUÐBRANDSDÓTTIR** Henni líst vel á slaginn sem fer fram í Vetrargarðinum í kvöld og getur alls ekki gert upp á milli keppendanna tveggja.




**HILDUR VALA EINARSDÓTTIR**
s: 900-2001, sms: 1918 Idol 1.




**AÐALHEIÐUR ÓLAFSDÓTTIR**
s: 900-2002, sms: 1918 Idol 2.

**Dómaraval:**
**Hildur:** The Boy Who Giggled So Sweet, sem er að finna á disknum Merman með Emiliönu Torrini.
**Heiða:** Ég veit þú kemur, eftir Gunnar Þórðarson.

**Val Jóns Ólafssonar:**
Báðar stúlkurnar syngja lagið Líf. Jón Ólafsson samdi lagið og Stefán Hilmarsson textann.

**Frjálst val:**
**Hildur:** Án Þín, sem Trúbrot gerði frægt.
**Heiða:** Slappaðu af, sem Jónas R. gerði ódauðlegt forðum daga.









# Frá Grapevine til Þorparans

Valur Gunnarsson, sem hefur verið ritstjóri blaðsins Grapevine frá upphafi, hættir störfum eftir næsta tölublað sem er að koma út. Í stað hans mun blaðamaðurinn Bart Cameron taka við stjórninni en hann hefur lengi skrifað fyrir Grapevine.

Valur ætlar að róa á svipuð mið og ætlar að taka að sér ritstjórn nýs blaðs sem verður eingöngu á íslensku. Nefnist það Þorparinn og kemur fyrsta tölublaðið út seinni partinn í næsta mánuði.

Síðasta Grapevine-blaðið frá Vali verður það tuttugasta í röðinni en það hóf göngu sína sumarið 2003. „Blaðið óx eiginlega óvart upp úr sjálfu sér. Við ákváðum bara að taka þetta alla leið og stofna blað á íslensku,“ segir hann. „Þorparinn verður þorpsblað og það vildi reyndar þannig til að Magnús Eiríksson var fyrsti maðurinn til að kaupa auglýsingu í blaðið.“ Vísar hann þar í samnefnt lag eftir Magnús sem er fyrir löngu orðið sígilt í íslenskri poppsögu.

Aðspurður segist Valur telja að góður grundvöllur sé fyrir nýju blaði á markaðinn. „Annars hef ég fyrst og fremst áhuga á að gefa út gott blað, auglýsingamennirnir sjá um markaðshliðina. Þetta verður alhliða menningar- og málefnablað. Við erum ekkert að einskorða okkur við ákveðin málefni eða markhópa en það verður samt mikil áhersla á tónlist þar sem Undirtónar og Sánd eru ekki lengur til.“



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**VALUR GUNNARSSON** Valur hefur ritstýrt Grapevine frá árinu 2003 og hafa 20 eintök komið út undir hans stjórn.

Hann bætir því við að tími sé kominn til að láta Bandaríkjamenn sjá um hið enska Grapevine svo hann geti nú einbeitt sér að ástkæru og ylhýru íslenskunni. ■

# Sims 2, University!

**AUKAPAKKI**




LEIKIR

S·K·Í·F·A·N

...skemmtir þér ; )

Skífan Laugavegi 26- opið öll kvöld til 22.00 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • www.skifan.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000






BAKÞANKAR
SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR

# Hossum-bossum

Fólkið á hæðinni fyrir ofan mig lifir afskaplega voldugu kynlífi. Takk fyrir að spyrja.

**ÞAÐ** er eiginlega jafn öfgakennt og allt annað í lífi þeirra að því er virðist og eftir að hafa búið fyrir neðan þau í þrjár vikur er þessi miðaldra lopapeysulufsa frá landinu góða í ballarhafinu miðju, úrvinda. Sem er dálítið sérstakt, vegna þess að hún hélt að Íslendingar væru heimsins mestu dónar, með svo lausláta skipshöfn á þjóðarskútunni að eina flugfélagið sem flýgur henni í samband við umheiminn hefur séð ástæðu til þess að gera sérstaklega út á það með grafískum auglýsingum þar sem karlpeningi heimsins er boðið upp á kvenpeninginn heima hjá flugfélaginu. En nei, hvergi annars staðar en hér hef ég þurft að draga fram lífið á milli lakanna hjá nágrannanum.

**HELGINA** eftir að ég flutti inn vaknaði ég við það klukkan hálf sjö á sunnudagsmorgni að konan grét af alefli og veinaði af slíkum ofsa að ég hélt að ég væri komin inn á æfingu hjá grátkór kaþólskra syrgjenda og páfinn hefði dáið. Það hafði jú verið einhver lunta í honum. En, nei. Fyrsta setningin sem ég heyri þegar ég opna augun er:

**EN**, það eina sem ég vil er að gera þig hamingjusaman. Það er hún sem talar. Hann þegir.

**ÞAR** sem ég hef ekki nógu mikinn áhuga á einkalífi annarra til þess að vakna klukkan hálf sjö á sunnudagsmorgni til að missa ekki af showinu, reyni ég að breiða upp fyrir haus, en allt kemur fyrir ekki. Ég kemst ekki hjá því að fá að vita það að telpu-kindin var svona svekkt vegna þess að hann hafði dvalið hjá annarri konu í þrjá daga. Klukkan hálf átta er hún búin að fyrirgefa honum og þau taka til við að hossumbossast fram eftir degi.

**VIKU** seinna kvarta ég við landlordinn. Nú er bara hossast klukan hálf sex á daginn, aftur klukkan hálf tíu, síðan klukkan tvö um nóttina og lokahnykkurinn tekinn klukkan sex um morguninn. Maður nær því að sofa sirka fjórum sinnum á sólarhring. ■

Fermingargjöfin í ár

SPRON **Framtíð**



Himinn og haf / SÍA

SPRON Framtíð er verðtryggður hávaxtaspareikningur ætlaður börnum og unglingum og er innborgun fáanleg í formi gjafabréfs.

- Hverjum nýjum Framtíðarreikningi fylgir 2000 kr. inneign frá SPRON.
- Þeir sem stofna reikning fyrir 1. júní nk. fá 10% vaxtaálag ofan á greidda vexti um áramót.
- Hægt er að stofna reikninginn á Netinu og óska eftir því að fá gjafabréf sent í pósti.

Hugsaðu til Framtíðar
… næst þegar þig vantar fermingargjöf eða aðra góða gjöf fyrir barnið eða unglinginn.

Nánari upplýsingar í síma 550 1200 eða á www.spron.is en þar er einnig hægt að stofna reikninginn.

spron
– fyrir allt sem þú ert

FYRSTI SÖLUDAGUR
BIÐIN ER Á ENDA

**Nintendo DS** er nýjasta afurð Nintendo

- Tveir skjáir - sá neðri er snertiskjár.
- Tvíóma hátalarar (Stereo)
- Nettenging svo hægt sé að spila leiki gegnum netið.
- Allt að 16 geta spilað suma leiki saman, þráðlaust
- Innbyggt spjallforrit með fjórum spjallrásum, allt að 16 geta spjallað í einu.

www.nintendo.is




LEIKIR:
Super Mario 64 DS

**Stjörnugjöf: 5**
*„Virkilega skemmtilegur leikur á magnaðri tölvu! Prófaði hann í ORMSSON og hann er hreint út sagt stórkostlegur. Söguþráðurinn er nokkuð breyttur og minigames er frábær viðbót við leikinn. Nintendo DS og þessi leikur er must have.“*

Sendandi: Ivaribbi (05. mars 2005)

ORMSSON
LÁGMÚLA · SMÁRALIND